



Ritgerð til M.A.-prófs í íslenskri málfræði

Viðhorf unglunga til íslensku og ensku

Niðurstöður viðtalskönnunar við 48 unglunga á aldrinum
13-16 ára

Berglind Hrönn Einarsdóttir

Maí 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslensk málfræði

Viðhorf unglunga til íslensku og ensku

Niðurstöður viðtalskönnunar við 48 unglunga á aldrinum

13-16 ára

Ritgerð til M.A.-prófs

Berglind Hrönn Einarsdóttir

Kt.: 281093-3719

Leiðbeinendur: Ásgrímur Angantýsson og Sigríður Sigurjónsdóttir

Maí 2019

Ágrip

Á síðustu árum og áratugum hefur enska orðið sífellt meira ráðandi tungumál í heiminum í kjölfar hnattvæðingar og síðar snjalltækjabyltingar. Það á einnig við um Ísland þar sem enska er notuð á fleiri sviðum þjóðlífsins en nokkurn tíma áður. Í dag má tala um málsambýli íslensku og ensku á Íslandi. Öndvegisverkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*, sem Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson stýra, hefur það að markmiði að rannsaka áhrif aukinnar enskunotkunar á Íslandi á málumhverfi, viðhorf, málnotkun og málkunnáttu Íslendinga. Þessi ritgerð er unnin innan verkefnisins og er ætlað að skýra betur ákveðinn þátt í stöðu málsambýlis íslensku og ensku.

Í ritgerðinni eru skoðuð viðhorf 48 unglinga á aldrinum 13-16 ára til íslensku og ensku. Fjallað er um svör þátttakenda við viðhorfsspurningum viðtalshluta öndvegisverkefnisins með það að markmiði að skoða hvort aukin enskunotkun í íslensku málsamfélagi hafi áhrif á viðhorf unglinga til ensku samanborið við viðhorf þeirra til íslensku. Niðurstöður rannsókna, m.a. öndvegisverkefnið, sýna að margir unglingar fá mikið enskuáreiti daglega í gegnum tölvuleiki, snjalltækjanotkun og aðra afþreyingu. Það er viðbúið að því fylgi jákvæðara viðhorf í garð enskunnar sem getur haft þau áhrif að íslenska þyki ekki eins mikilvæg og áður og að notkun hennar minnki. Í ritgerðinni er einnig skoðað hvort tengsl séu á milli máláreitis á ensku í málumhverfi þátttakenda og viðhorfa þeirra til íslensku og ensku.

Niðurstöður ritgerðarinnar leiða almennt í ljós jákvætt viðhorf til beggja mála, en þó eru viðhorfin nokkuð ólík eftir því hvort málið um ræðir. Þátttakendur tengja ensku gjarnan við skemmtun, áhorf á afþreyingarefni og ferðalög til útlanda en íslensku aftur á móti við skólaverkefni, að fá góðar einkunnir og að tala vandað mál. Þá þykir þeim enska mikilvæg í samskiptum við umheiminn en telja sig öðlast virðingu meðal jafnaldra og sérstaklega eldra fólks með því að tala vandaða íslensku. Athugun á málumhverfi þátttakenda sýndi að þeir unglingar sem höfðu mikla ensku í daglegu málumhverfi sínu telja sig síður góða í íslensku og höfðu almennt þá skoðun að enska væri mikilvæg vegna alþjóðlegrar stöðu hennar. Þeir sem hins vegar höfðu litla ensku í daglegu máli telja sig almennt nokkuð góða í íslensku en einungis sæmilega í ensku, auk þess sem þeir skáru sig frá hinum hópnum að því leyti að þeim þótti það að tala vandaða íslensku mikilvægt.

Abstract

Due to globalization and the adoption of smart technology English has become the lingua franca of the world. This is also true for Iceland, where English is now a big part of Icelandic society. In fact, one can speak of language contact between Icelandic and English in Iceland. The current thesis is part of a larger research project, Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact, that aims to study the effects of increased English usage in Iceland. This thesis focuses on a better understanding of one part of the language contact between Icelandic and English.

In this thesis, the attitudes of 48 individuals, aged 13-16, towards Icelandic and English are examined. Answers to questions aimed at investigating the views of the participants on various language related issues are discussed to explore whether or not the increased use of English in Icelandic society has impacted adolescents' attitudes towards English as compared to Icelandic. Previous studies have indicated that adolescents are exposed to significant English input, which may result in more positive attitudes towards English as well as Icelandic losing its importance and use in some domains. A possible relationship between high or low levels of English input and the adolescents' attitudes is also examined.

The results in general show positive attitudes towards both languages but still with some variance between the two languages. English is related to enjoyment, watching entertainment and traveling abroad, while Icelandic is related to compulsory assignments in school, receiving good grades or using correct grammar in speech. The participants think that English is important in global communication but feel that they gain respect by speaking proper Icelandic. An analysis of the participants' English input shows that those who receive high levels of English input do not think highly of their Icelandic proficiency, but they consider English important due to its international status. Those who receive low levels of English input, on the other hand, generally think highly of their Icelandic proficiency but think that their English usage is only average. In their view, good Icelandic proficiency is also more important than English.

Formáli

Þessi ritgerð er hluti af öndvegisverkefninu Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis sem styrkt er af Rannsóknarsjóði Íslands. Verkefnisstjórar þess eru Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. Ég er þeim og Ásgrími Angantýssyni þakklát fyrir að hafa gefið mér tækifæri til að vera hluti af þessu flotta og umfangsmikla rannsóknarverkefni. Ásgrími og Sigríði, leiðbeinendum mínum, þakka ég fyrir lærdómsríkt samstarf og góðar ábendingar.

Irisi Eddu Nowenstein og Hildi Hafsteinsdóttur þakka ég fyrir að svara hinum ýmsu spurningum um úrvinnslu ritgerðarinnar og gagnlegar ábendingar. Randi W. Stebbins á einnig skilið þakkið fyrir að hafa alltaf svör á reiðum höndum og fyrir góða aðstoð, sérstaklega við uppsetningu mynda og taflna. Loks á Helgi Már, frændi minn, þakkið skilið fyrir afar nákvæman yfirlestur og góð ráð.

Fleirum vil ég færa þakkið sem höfðu ekki bara áhrif á ritgerðarskrifin, heldur á meistaranámið í heild. Baldri Sigurðssyni vil ég þakka fyrir að hafa kynnt mig fyrir ritverinu og kennt mér að leiðbeina öðrum sem gerði mig ekki síður að betri námsmanni. Ingibjörgu Frímannsdóttur færi ég einnig þakkið en hún kenndi mér margt á öðru árinu í náminu sem mun gagnast mér í framtíðinni og hafði alltaf óbilandi trú á mér.

Að lokum vil ég þakka mömmu og pabba fyrir að styðja alltaf við bakið á mér, Katrínu Evu, systur minni, fyrir hjálpa mér þegar mig vantaði innsýn í enskúnotkun unglunga og Daníel, kærastanum mínum, sambýlismanni og besta vini fyrir aðstoðina, stuðninginn og fyrir að vera alltaf til staðar.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	8
2	Samfélags- og tæknibreytingar.....	11
2.1	Almennt um málsambýli.....	11
2.2	Málsambýli á Íslandi.....	13
2.3	Hnattvæðing.....	15
2.4	Áhrif hnattvæðingar á tungumál.....	17
2.5	Aukin enskunotkun.....	18
2.6	Enska á Íslandi.....	20
2.7	Viðhorf til íslensku.....	22
2.8	Fyrirliggjandi niðurstöður SMS.....	24
2.9	Samantekt.....	27
3	Helstu hugtök.....	29
3.1	Málsnið.....	29
3.2	Málstýring og málstaðall.....	30
3.3	Ílag.....	32
3.4	Viðhorf til tungumála.....	34
3.4.1	Málfræðilegir þættir.....	35
3.4.2	Félagslegir þættir.....	36
3.4.3	Einstaklingsþættir.....	37
3.5	Samantekt.....	37
4	SMS-öndvegisverkefnið og niðurstöður vefkönnunar.....	39
5	Niðurstöður og túlkanir.....	47
5.1	Viðhorfsspurningar.....	47
5.1.1	Hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í íslensku?....	48
5.1.2	Hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í ensku?.....	52
5.1.3	Finnst þér þú tala góða íslensku?.....	56
5.1.4	Finnst þér þú tala góða ensku?.....	60
5.1.5	Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?.....	64
5.1.6	Finnst þér mikilvægt að tala góða ensku?.....	69

5.1.7	Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku?	72
5.1.8	Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst mikilvægt að vera góð(ur) í ensku?.....	76
5.1.9	Finnst þér þú hafa fengið mállegt uppeldi?.....	79
5.1.10	Þarftu stundum að nota ensku í daglegu lífi á Íslandi?.....	83
5.1.11	Samantekt á niðurstöðum viðhorfsspurninga.....	87
5.2	Áhrif jákvæðni til ensku á viðhorf til íslensku.....	89
5.3	Neikvæð viðhorf til málanna	90
5.4	Tengsl viðhorfa og ílags	91
5.4.1	Jákvæðir þátttakendur til ensku og magn ílags	92
5.4.2	Mikið magn enskuílags og viðhorf	93
5.4.3	Lítið magn enskuílags og viðhorf	94
5.5	Samantekt	96
6	Lokaorð	98
	Heimildaskrá	102

Töfluskrá

Tafla 1. Hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í íslensku? .	48
Tafla 2. Hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í ensku?	52
Tafla 3. Finnst þér þú tala góða íslensku? 1	56
Tafla 4. Finnst þér þú tala góða íslensku? 2	57
Tafla 5. Finnst þér þú tala góða íslensku? 3	59
Tafla 6. Finnst þér þú tala góða ensku? 1	60
Tafla 7. Finnst þér þú tala góða ensku? 2	61
Tafla 8. Finnst þér þú tala góða ensku? 3	63
Tafla 9. Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku? 1	64
Tafla 10. Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku? 2	65
Tafla 11. Finnst þér mikilvægt að tala góða ensku? 1	69
Tafla 12. Finnst þér mikilvægt að tala góða ensku? 2	70
Tafla 13. Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku?	73
Tafla 14. Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst mikilvægt að vera góð(ur) í ensku?	76
Tafla 15. Finnst þér þú hafa fengið mállegt uppeldi? 1	79
Tafla 16. Finnst þér þú hafa fengið mállegt uppeldi? 2	80
Tafla 17. Þarftu stundum að nota ensku í daglegu lífi á Íslandi?	83

Myndaskrá

Mynd 1. Það er mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku/ensku	42
Mynd 2. Mér finnst ég vera góð(ur) í íslensku/ensku.....	43
Mynd 3. Það skiptir mig máli að ég tali góða íslensku/ensku.	43
Mynd 4. Ég er oft í aðstæðum þar sem er mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku/ensku.	44
Mynd 5. Góð íslenskukunnátta/enskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi.....	45
Mynd 6. Magn ílags jákvæðra þátttakenda til ensku.....	92
Mynd 7. Mikið magn enskuílags og viðhorfa.	93
Mynd 8. Lítið magn enskuílags og viðhorfa.	94

1 Inngangur

Á síðustu áratugum hafa miklar breytingar átt sér stað í heiminum. Hnattvæðingin hefur aukið möguleika á samskiptum milli heimshluta. Auðveldara er að vera í sambandi við fjarlæga ættingja og vini og við getum fylgst með því hvað er að gerast hinum megin á hnettinum á hverri stundu. Með auknum samskiptum milli landa þarf fólk að velja sér tungumál, *lingua franca*, til að tala sín á milli þegar það deilir ekki móðurmáli og þá er oft gripið til enskunnar. Hún er nú notuð á mörgum sviðum íslenska þjóðfélagsins. Aukning á komu ferðamanna hingað til lands hefur haft í för með sér að við heyrum ekki bara ensku í sjónvarpinu og lesum hana á netinu, heldur heyrum við hana líka í rauntíma, t.d. í samskiptum við ferðamenn á Íslandi. Líkt og með þá sem sækja landið heim er einnig auðveldara fyrir okkur að fara utan og þar dugar skammt að nota einungis íslensku.

Snjalltækjabyltingin, Youtube- og Netflix-væðingin, ferðamannastraumurinn, fjölgun innflytjenda, háskólastarf á ensku, alþjóðavæðing og talstýring tækja hafa haft þau áhrif að auka enskuáreiti á Íslandi. Þótt margt sé jákvætt við þessar breytingar geta þær haft þær afleiðingar að bein áhrif frá ensku aukast, þar sem enska er aðaltungumál tækniheimsins og í kjölfar þess minnkar íslenskt ílag, þ.e. máláreiti á íslensku og skerðing verður á notkunarviðum hennar. Þetta getur svo haft í för með sér að virðing fyrir íslensku minnkar, þar sem hún er ekki talin eins mikilvæg lengur (Eiríkur Rögnvaldsson, 2016). Í kjölfar aukinnar netnotkunar barna á máltökualdri er viðbúið að íslenskan fari að litast af enskunni. Þessu geta einnig fylgt jákvæðari viðhorf en ella til ensku þannig að börn kjósi frekar að nota ensku í stað íslensku við tiltekna aðstæður (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016). Staðan er í raun sú að á Íslandi er nú hægt að tala um málsambýli íslensku og ensku.

Eitt helsta einkenni málsambýlis er aukinn fjöldi tökuorða í upphaflega málinu. Eflaust kannast flestir við það að skjóta inn enskum orðum í mál sitt eða eiga í samræðum þar sem það er gert. Það er ein helsta vísbending þess að málsambýli eigi sér stað og kallast *málskipti*, þegar orðum, frösum eða samræðumerkjum er skeytt inn í samræður á upprunalega málinu (Thomason, 2001, bls. 131-133). Við slíkar aðstæður er enskum orðum skotið inn í stað íslenskra, því að við myndun setningarinnar er íslenska orðið ekki aðgengilegt í huga fólks og því er gripið til ensku útgáfunnar sem er fólki tamari.

Viðhorf er einn mikilvægasti áhrifaþáttur í málsambýli tveggja tungumála og getur haft mikið að segja um lífvænleika mála (Thomason, 2001, bls. 77). Fjölskylda og vinir geta haft mikil áhrif á mótun viðhorfa en hlutverk afþreyingar og tækni sem mótunaraðila

er nú orðið stærra en áður var. Jákvætt viðhorf eykur gildi tungumálsins í augum þess sem fyrir áhrifum verður og öfugt séu þau neikvæð. Viðhorf geta veitt innsýn í stöðu málsambýlis, hvort málið fólk velur að nota, við hvaða aðstæður eða hvort það kjósi það yfirhöfuð. Unglingar er sá aldurshópur sem eyðir hvað mestum tíma í snjalltækjum og þeir fá þar af leiðandi hvað mesta enskuílagið (Dagbjört Guðmundsdóttir, 2018). Þeir tilheyra þeirri kynslóð sem ólst upp við tölvur, snjalltæki og nýjustu tækni. Vegna þessa má áætla að enskan hafi aldrei verið fjarri þeim. Það er því áhugavert að rannsaka viðhorf íslenskra unglunga til að fá skýrari mynd af afstöðu þeirra til tungumálanna tveggja í málsambýli íslensku og ensku.

Þessi ritgerð er unnin innan öndvegisverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (hér skammstafað SMS) sem er stýrt af málfræðingunum Sigríði Sigurjónsdóttur og Eiríki Rögnvaldssyni. Markmið verkefnisins er að kanna stöðu íslensku á tímum mikilla samfélags- og tæknibreytinga með tilliti til hugsanlegra áhrifa ensku, einkum í gegnum stafræna miðla. Sérstök áhersla er lögð á fjögur atriði: mállegt ílag málnotenda, viðhorf, orðaforða, og loks málnotkun og málkunnáttufræði, þ.e. mat þeirra á ýmsum málfræðilegum atriðum.

Í ritgerðinni verða viðhorf unglunga á aldrinum 13-16 ára sem tóku þátt í SMS-rannsókninni skoðuð. Svör 48 þátttakenda við 10 viðhorfsspurningum sem byggjast á viðtalskönnun SMS verða tekin saman og rædd, en viðhorf voru einnig könnuð í netkönnun sem verður stuttlega fjallað um í 4. kafla. Markmiðið er að skoða muninn á viðhorfum til íslensku annars vegar og ensku hins vegar, hvað unglungum þykir mikilvægt í hvoru máli fyrir sig, hver reynsla þeirra sé af notkun málanna, hvað þeim finnst um eigin málkunnáttu og síðast en ekki síst hvort greina megi jákvæðara/neikvæðara viðhorf til annars málsins. Þar að auki verður enskuílag þátttakenda skoðað og hvort tengsl séu á milli þess og viðhorfa. Rannsóknarspurningarnar sem leitast verður við að svara eru eftirfarandi:

- (1) a. Hvaða viðhorf hafa unglingar til íslensku og ensku?
- b. Hvaða áhrif hefur jákvætt viðhorf til ensku á viðhorf til íslensku?
- c. Eru tengsl á milli mikils enskuílags og ákveðinna viðhorfa?
- d. Eru tengsl á milli lítils enskuílags og ákveðinna viðhorfa?

Uppbygging ritgerðarinnar er á þessa leið: Í öðrum kafla er fjallað um samfélagsbreytingar sem hafa átt sér stað á undanförunum áratugum. Kaflinn hefst á

umfjöllun um málsambýli, hvað það hugtak felur í sér og hvernig málsambýli kemur fram, og í framhaldi af því er rætt um hvernig málsambýli hefur birst á Íslandi, fyrst með dönsku og síðan með ensku. Að lokinni þeirri umfjöllun verður rætt um hnattvæðinguna og snjalltækjabyltinguna og hvaða áhrif tækniframfarir undanfarinna ára og áratuga hafa á tungumál. Fyrst verður litið til aukinnar enskunotkunar í heiminum og þaðan til Íslands og farið yfir helstu rannsóknir undanfarinna ára á enskunotkun Íslendinga og viðhorfum til hennar, auk þeirra rannsókna sem liggja fyrir um viðhorf til íslensku. Í lok kaflans verða kynntar helstu fyrirliggjandi niðurstöður SMS-rannsóknarinnar sem tengjast efni þessarar ritgerðar. Í þriðja kafla verða helstu hugtök kynnt og útskýrð: málsnið, málstýring og málstaðall, ílag og ólík sjónarmið til þess og viðhorf til tungumála og þættir sem hafa áhrif á þau: málfræðilegir, félagslegir og einstaklingsbundnir þættir. Í fjórða kafla verður fjallað um SMS-rannsóknina, hvernig þessi ritgerð tengist markmiðum verkefnisins og hvaða niðurstöður liggja fyrir um viðhorf úr vefkönnun SMS. Í fimmta kafla verða birtar niðurstöður úr viðtalshluta SMS-verkefnisins sem þessi ritgerð byggist á. Fjallað er um hverja viðhorfsspurningu í þar til gerðum undirkafla og í lok hvers spurningapars, fyrir íslensku og ensku, eru niðurstöður bornar saman. Að lokinni umfjöllun um viðhorfsspurningarnar eru skoðuð áhrif jákvæðni til ensku á viðhorf til íslensku og síðan tengsl ílags og viðhorfa, annars vegar hátt hlutfall enskuílags og hins vegar lágt. Loks verða niðurstöður dregnar saman í lokaorðum.

2 Samfélags- og tæknibreytingar

Miklar og örar tæknibreytingar hafa átt sér stað á síðastliðinni öld. Tækninni fer stöðugt fram og við getum nú ekki bara horft á línulega dagskrá í sjónvarpi, heldur getum við horft á það sem við viljum þegar við viljum. Möguleikarnir eru nánast endalausir. Þetta og fleira getum við þakkað hnattvæðingunni, sem hefur fært okkur ýmislegt sem áður var ómögulegt. Líklega hefur aldrei verið auðveldara að hafa samskipti við einstaklinga í öðrum löndum eða fylgjast með fréttum og lífi fólks í beinni útsendingu.

Tæknin hefur meðal annars fært okkur farsíma sem gerir okkur kleift að hringja og senda smáskilaboð svo lengi sem símasamband er til staðar. Snjalltæki hafa nú leyst af hólmi einfalda farsíma og eru líkast til hluti af lífi flestra Vesturlandabúa. Snjalltækin krefjast minni samskipta en áður var. Í stað þess að hringja og panta pítsu, er nú hægt að panta hana með nokkrum smellum í gegnum snjalltækin. Málleg samskipti eru ekki lengur nauðsynleg við aðstæður sem kröfðust þess áður. Tilkoma snjalltækjanna getur haft í för með sér að samskipti fara minnkandi og máláreiti verður minna (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016). Þessum tæknibreytingum hafa því fylgt breytingar á samfélaginu og annars konar samskipti.

Í kjölfar breytinganna sem rætt hefur verið um hefur enska orðið sýnilegri í samfélaginu. Margir þættir hafa áhrif á aukið enskuáreiti á Íslandi en um það verður nánar fjallað í köflum 2.3-2.5. Enska er hluti af lífi flestra Íslendinga, hvort sem er í snjalltækjum, sjónvarpi, háskólastarfi eða í alþjóðlegum samskiptum. Málið í raun svo áberandi á Íslandi að hægt er að tala um málsambýli íslensku og ensku. Áður en lengra er haldið skulum við líta á málsambýli og hvernig það kemur fram á Íslandi. Þar á eftir verður farið yfir breytingar undanfarinna áratuga, hnattvæðinguna og snjalltækjabyltinguna og í framhaldi af því stöðu ensku á Íslandi út frá enskunotkun og viðhorfum Íslendinga. Auk þess verður fjallað um rannsóknir á viðhorfum til íslensku og í lokin verða kynntar fyrirbyggjandi niðurstöður úr netkönnun SMS-verkefnisins.

2.1 Almennt um málsambýli

Thomason (2001, bls. 1-2) skilgreinir málsambýli sem samskipti milli málhafa á fleiri en einu tungumáli, yfirleitt innan ákveðins svæðis. Þetta er þó ekki tvítýngi en það felur í sér að málnotandi geti eða noti tvö tungumál reiprennandi líkt og um færni í móðurmáli sé að ræða (Hamers og Blanc, 2000). Gæði samskiptanna skiptir ekki máli í málsambýli, heldur einungis að um sé að ræða notkun á fleiri en einu máli. Það á sér yfirleitt stað í nágrennalöndum þar sem tvö eða fleiri mál eru töluð, t.d. í Sviss þar sem

töluð eru mál nágrannalandanna: franska, þýska, ítalska og rómanska og öll málin eru jafngild (Thomason, 2001, bls. 3).

Málsambýli hefur lengi verið til og er að finna út um allt (Thomason, 2001, bls. 6, 8-9). Samkvæmt henni eru til nokkur dæmi um tungumál sem hafa einangrast og því ekki komist í snertingu við önnur mál. Thomason nefnir þar á meðal íslensku sem er talin hafa einangrast frá öðrum Norðurlandamálum á 12. öld og fram eftir öldum, m.a. með þeim afleiðingum að beygingarkerfið hefur tekið talsvert minni breytingum í íslensku en í öðrum norrænum málum (Stefán Karlsson, 1989, bls. 3, 18). Víða annars staðar er allt annað uppi á teningnum. Málhafar montana salish í Washington-ríki í Bandaríkjunum hafa t.d. orðið fyrir svo gífurlegum þrýstingi að skipta yfir í ensku, bæði félagslega og fjárhagslega, að málið er í alvarlegri útrýmingarhættu. Aftur á móti eru margir enskir málnotendur, sérstaklega í Bandaríkjunum, sem sjá ekki tilgang í því að læra annað tungumál af því að þeim dugar að nota ensku bæði heima og á ferðalögum. Sá mikli þrýstingur að tala ensku sem minnihlutahópar víða um heim verða fyrir leiðir oftast af sér tvítyngi sem endar síðan með því að málnotendur skipta alfarið um tungumál (e. *language shift*) og taka upp það mál sem er ríkjandi. Þetta gildir um marga minnihlutahópa í Bandaríkjunum, m.a. frumbyggja og ýmsa innflytjendahópa. Sama er uppi á teningnum hjá Írum sem hafa flestir skipt yfir í ensku, hjá frumbyggjum Ástralíu sem einnig hafa skipt yfir í ensku og fleirum. Einnig eru til dæmi um stöðugri málsambýli. Spænska virðist hafa sterka stöðu við hlið ensku í nokkrum fylkjum Bandaríkjanna eins og Flórída og Kaliforníu. Í Paragvæ hefur sambýli spænsku og guarani verið nokkuð stöðugt en sú staða er uppi, bæði þar og í Bandaríkjunum, að svo virðist sem önnur og þriðja kynslóð innflytjenda hneigist meira að öðru málinu (Thomason, 2001, bls. 9).

Algengasta birtingarmynd málsambýlis tveggja tungumála, þegar annað málið fer að hafa áhrif á hitt, eru tökuorð. Það má t.d. sjá í ensku sem er þekkt fyrir mikinn fjölda tökuorða en samkvæmt Thomason (2001, bls. 10) telja sumir að tökuorð séu allt að 75% heildarorðaforða ensku, flest þeirra komin úr frönsku og latínu. Það eru þó ekki einungis tökuorð sem benda til málsambýlis, heldur getur verið um að ræða önnur málfræðileg atriði, eins og t.d. breytingar í orðmyndun og fleira. Það má einnig sjá ákveðnar aðferðir í máli þeirra sem búa við málsambýli. Sú sem er þekktust og mest rannsökuð er málskipti (e. *code switching*). Sú aðferð felur í sér að innan sama samtalsins eru tvö (eða fleiri) tungumál notuð af sama málnotandanum en það er nauðsynlegt að allir sem eru í samtalinu tali, eða að minnsta kosti skilji, annað (eða öll) tungumálin. Málskipti

geta einkennst af einungis einu orði úr öðru tungumáli í setningu en oft eru það heilu frasarnir eða setningarnar. Þau orð sem algengast er að skeytt sé inn í setningar í málskiptum eru nafnorð og svokölluð samræðumerki (e. *discourse markers*) eða stuttir frasar (Thomason, 2001, bls. 10-11, 131-133). Þar sem enskan er orðin áberandi í íslensku málsamfélagi má oft heyra ensk orð í máli landsmanna. Sem dæmi mætti taka orðið *random*, *basically* og *actually* og frasa á borð við *holy shit!* Samræðumerki af erlendum toga sem gætir í máli Íslendinga er til dæmis danska orðið *altsó*, sem nokkrir af eldri kynslóðinni nota og er til merkis um málsambýli íslensku og dönsku á árum áður en fjallað verður nánar um það í næsta undirkafla.

Hvað varðar viðhorf til málsambýlis og tungumálanna sem þar eiga í hlut segir Thomason að uppruni og móðurmál skipti máli. Sem dæmi má nefna enskumælandi málhafa í Bandaríkjunum sem finnst það að kunna annað tungumál vera merki um gáfur en einungis ef viðkomandi hefur ensku að móðurmáli. Viðkomandi hefur ekki endilega sömu skoðanir á einhverjum sem hefur ekki ensku að móðurmáli en hefur samt sem áður kunnáttu í fleiri en einu máli. Það á til dæmis við um það viðhorf í Bandaríkjunum að innflytjendur þurfi að yfirgefa menningararf sinn að fullu og skipta yfir í ensku til að verða „sannur Bandaríkjamadur“. Það er því erfitt að alhæfa nokkuð um viðhorf fólks til tungumála innan málsambýlis, heldur þarf að skoða það út frá sjónarmiði hvers og eins (Thomason, 2001, bls. 33-34).

2.2 Málsambýli á Íslandi

Á Íslandi er íslenska opinber tunga landsmanna og jafnframt móðurmál stórs hluta íbúanna. Hún er notuð á flestum notkunarsviðum, í skólum, í lögum og í fyrirmælum frá stjórnvöldum (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 39). En eins og með flest önnur tungumál, hefur íslenskan orðið fyrir einhverjum áhrifum frá öðrum málum. Á seinni hluta 12. aldar, þegar fyrstu ritheimildir á íslensku komu fram, var lítill munur á íslensku og norsku, en sá munur átti eftir að fara vaxandi. Norskan tók þá meiri breytingum en íslenskan og sérstaklega beygingarkerfið sem einfaldaðist mikið. Í elstu ritum kallast mál norrænna manna dönsk tunga, á 12. öld var hún kölluð norræn tunga en síðar er það aðeins haft um mál Norðmanna. Íslenskur orðaforði er að mestu leyti kominn úr norrænu, fyrir utan einstök keltnesk tökuorð og önnur orð sem hafa komið frá fjarlægum löndum með ferðalögum norrænu víkinganna. Á öldunum sem á eftir komu bættust við ný orð í málið úr hinu svokallaða kirkjumáli (t.d. *biskup* og *prestur*), með kappasögum úr frönsku (t.d. *kurteisí*) og úr þýsku með verslun og síðar siðaskiptunum

(t.d. *selskapur* og forskeytið *bí-* í orðum eins og *bíslag*). Það er þó ekki hægt að tala um málsambýli í þessu sambandi, enda er einungis um að ræða lítil áhrif. Það mál sem hafði þó mest áhrif á íslenskuna fram eftir öldum var danskan (Stefán Karlsson, 1989, bls. 5, 26-29).

Ísland var undir stjórn Danmerkur á þessum tíma og því var danska opinbert stjórnsýslumál, að minnsta kosti gagnvart dönskum stjórnvöldum. Danskt lesmál var útbreitt á Íslandi og algengt var að fólk læsi á dönsku, hvort sem um var að ræða danskar bókmenntir eða erlendar sem þýddar höfðu verið á dönsku, tímarit eða dagblöð. Mikill áhugi var á því að læra að tala dönsku og gerðu margir það að eigin frumkvæði með lestri og samskiptum við Dani á Íslandi. Margir sóttu nám í Danmörku og var málið eitt af aðalkennslugreinum í íslenskum skólum (Auður Hauksdóttir, 2000). Þessu nána sambandi milli málanna fylgdi nokkur fjöldi tökuorða sem hafa fest sig í málinu og eru notuð enn þann dag í dag. Það voru meðal annars orð sem stóðu fyrir innréttingar innanhúss, eins og *mubla* og *gardína*, orð sem tengdust tísku, eins og *kjóll* og *blússa*, og orð yfir afþreyingu, eins og *ball* og *ópera*. Þegar sjálfstæðisbaráttan fór vaxandi á Íslandi jókst einnig gagnrýnin á dönsku. Hin hreina íslenska, sem töluð var í fámennari byggðarlögum, varð ímynd hinnar fullkomnu íslensku, vegna þess að hún hafði lítið breyst og ekki orðið fyrir áhrifum frá dönskunni. Það varð til þess að viðhorfið gagnvart dönsku varð sífellt neikvæðara. Í kjölfar sjálfstæðis Íslands árið 1944 varð íslenska mál stjórnsýslunnar og þörfin fyrir dönskukunnáttu varð minni (Auður Hauksdóttir, 2016). Af þessum upplýsingum má ganga út frá því að um aldir hafi verið á Íslandi málsambýli íslensku og dönsku.

Ísland var hernumið árið 1940, fyrst af Bretum sem Bandaríkjamenn tóku síðan við af. Á þeim tíma voru fleiri enskumælandi á landinu en heimamenn. Þegar tengslin við dönskuna minnkuðu, jukust tengslin við ensku og ekkert lát virðist vera á því. Þessi áhrif má bæði finna í orðaforða og uppbyggingu málsins (Guðrún Kvaran, 2004). Dæmi um orð sem hafa komið úr ensku eru til dæmis: nafnorðin *sjoppa*, *stress* og lýsingarorðin *töff* og *næs* (Eiríkur Rögnvaldsson, 1990, bls. 19). Þrátt fyrir að tímum hernámsins sé löngu lokið heldur íslenskan enn tengslum við enskuna og m.a. vegna hnattvæðingarinnar sem rætt verður nánar um í kafla 2.5. Þrátt fyrir þessi áhrif hefur ekki verið talað um málsambýli íslensku og ensku fyrr en nýlega.

Ari Páll Kristinsson (2017, bls. 38-39) telur ensku orðna það mikilvæga á mörgum sviðum íslensks þjóðlífs að hún gæti orðið jafnvíg íslenskunni í landinu eftir einhvern tíma. Hann tekur það þó fram að jafnvægið á milli tungumálanna gæti verið „heilbriggt“

þar sem íslenska verður aðalmálið og móðurmál flestra. Hann segir að þegar um málsambýli tungumála er að ræða verði það tungumál oft vinsælt hjá yngra fólkinu sem nýtur virðingar og velgengni og er gjarnan notað í tækni, viðskiptum o.fl. Aftur á móti eigi þau þá til að vanrækja tungu forfeðranna. Málsambýli sé þó ekki stöðugt fyrirbæri og ekki hægt að tryggja að íslenskan búi alltaf eins og vel og hún hefur gert.

En hvaðan koma þessi auknu enskuáhrif sem virðist gæta á Íslandi? Hnattvæðing hefur spilað stóran sess í útbreiðslu ensku enda fylgir henni betra aðgengi að öllum heiminum. Lítum nánar á það.

2.3 Hnattvæðing

Fátt stendur í vegi fyrir þeim möguleika að vera í samskiptum við fólk hvaðanæva að úr heiminum í dag. Það eina sem þarf er nettenging og heill heimur af tækifærum opnast. Fjölmiðlar flytja okkur fréttir og gjarnan myndir af því sem er að gerast jafnvel hinum megin á hnettinum. Við getum horft á erlendar sjónvarpsstöðvar og hlustað á erlenda tónlist. Það má segja að það séu engin takmörk fyrir því sem hægt er að gera. Tækninni fleygir stöðugt fram og með hjálp sýndarveruleika er til að mynda mögulegt að vera kominn í félagsskap mörgæsa á Suðurheimskautinu eða til fjarlæggra pláneta. Þessar breytingar hafa gerst hratt síðan um 1970 (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005, bls. 20). Hugtakið *hnattvæðing* hefur verið notað sem heiti yfir þær breytingar sem hafa átt sér stað undanfarið í þjóðfélögum heimsins hvað varðar félagsgerð, stjórnsmál, efnahag og menningu. Það felur í sér að fólk í dag á betri möguleika á að mynda tengsl óháð búsetu á jörðinni í kjölfar þróaðrar tækni en því fylgja aukin samskipti og viðskipti (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005, bls. 20).

Hnattvæðingunni hafa einnig fylgt búferlaflutningar, sérstaklega á síðustu þremur áratugum. Mesti straumurinn hefur að undanförunni verið til Norður-Ameríku, Vestur-Evrópu og Eyjaálfu (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005, bls. 39). Tölur Hagstofunnar (2018) sýna að innflytjendum á Íslandi fer fjölgandi á milli ára. Þann 1. janúar 2018 voru þeir 12,6% mannfjöldans á Íslandi en til samanburðar voru innflytjendur 8% mannfjöldans árið 2012. Árið 2017 voru til að mynda 4.470 grunnskólanemar með annað móðurmál en íslensku (Hagstofan, e.d.).

Ferðamennska er annar mikilvægur þáttur. Gífurleg fjölgun hefur orðið á ferðamönnum á Íslandi en fjöldinn hefur meira en fjórfaldast frá árinu 2010 og hefur árleg fjölgun að jafnaði verið 24,3% milli ára. Árið 2017 komu 2.224.603 ferðamenn til Íslands (Ferðamálastofa, 2018a). Það er þó ekki einungis fólk sem flytur eða ferðast til

Íslands, heldur fara Íslendingar líka utan, hvort sem er vegna ferðalaga til styttri tíma, til náms og tækifæra eða til lengri dvalar. Samkvæmt könnun Ferðamálastofu (2018b) á ferðavenjum Íslendinga á árinu 2017 ferðuðust 78% aðspurðra til útlanda og meðaltal ferða á árinu á mann voru 2,8. Þessar tölur sýna að aldrei hafa fleiri Íslendingar ferðast til annarra landa. Hvað varðar brottflutta Íslendinga eru samkvæmt Þjóðskrá Íslands (2018) 46.572 íslenskir ríkisborgarar með skráða búsetu erlendis.

Þessir flutningar og ferðalög á milli landa væru þó töluvert flóknari og óaðgengilegri ef ekki væri fyrir farartæki, þ.e. bíla, flugvélar og stálskip sem komu til sögunnar um og eftir 1930 og gerðu allar samgöngur auðveldari en þær höfðu verið fram að því. Þá komu sjónvarp og útvarp til sögunnar á svipuðum tíma og gerðu okkur kleift að fá fréttir utan úr heimi (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005, bls. 61). Árið 1930 var Ríkisútvarpið stofnað og fyrst um sinn var aðeins sent út í nokkrar klukkustundir á dag. Innan við fjórum áratugum síðar, eða árið 1966, var fyrsta útsending Ríkissjónvarpsins (Rúv.is, e.d.). Sjónvarpið kom þó nokkuð seint til Íslands miðað við nágrannalöndin en nokkuð var um að fólk fylgdist með útsendingum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli á sjöunda áratugnum. Í kringum 1990 var mögulegt fyrir heimili að hafa aðgang að erlendum stöðvum til dæmis í gegnum gervihnattadiska en núna er talsvert um að erlendu efni sé útvarpað á íslensku stöðvunum. Í kringum síðustu aldamót var bandarískt efni langalgengasta erlenda sjónvarpsefnið á íslenskum sjónvarpsstöðvum og sama má segja um bandarískar kvikmyndir, en þær voru um 80% leikinna kvikmynda sem sýndar voru á þessum tíma (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005, bls. 265-275). Frá útgáfu þessara talna hefur margt breyst og línuleg sjónvarpsdagskrá er einungis hluti af því sem er núna í boði. Til að mynda greinir Mbl.is („Auknar vinsældir Netflix á Íslandi“, 2018) frá því að um tveir af hverjum þremur Íslendingum hafi verið með aðgang að Netflix árið 2018 og þar af 90% Íslendinga undir þrítugu. Efnið þar er að mestum hluta á ensku eða með enskum texta svo ekkert lát virðist vera á áhorfi Íslendinga á sjónvarpsefni á ensku.

Segja má að frá 1970 hafi tæknin farið á flug og sér ekki fyrir endann á því. Tölvur, hugbúnaður, stafræn tækni og nýjar boðskiptaleiðir hafa skapað okkur nýja möguleika. Það er líklega hægt að segja að tilkoma netsins sé það sem stendur upp úr í hnattvæðingu nútímans en það hefur opnað á gífurlega marga og fjölbreytta möguleika, til dæmis til miðlunar, öflunar upplýsinga og afþreyingar, til viðskipta og samskipta. Frá því um aldamótin hafa flest íslensk heimili haft aðgang að tölvu, eða um 90% (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005, bls. 66, 271). Síðan bók Stefáns og Kolbeins

kom út hefur tæknin þróast enn frekar. Nú til dags eiga flestir snjalltæki, hvort sem um er að ræða spjaldtölvur eða snjallsíma. Samkvæmt könnun MMR (2016) áttu 87% aðspurðra snjallsíma og af þeim sem voru á aldrinum 18-49 ára áttu 96% snjalltíma. Þá hefur snjallsímanotkun barna verið nokkuð í umræðunni undanfarið (sjá t.d. Steingerði Ólafsdóttur, 2017 og Sigríði Sigurjónsdóttur og Eirík Rögnvaldsson, 2018) en rætt verður nánar um snjalltækjabyltinguna í næsta kafla.

2.4 Áhrif hnattvæðingar á tungumál

Þær breytingar sem hafa fylgt í kjölfar hnattvæðingarinnar sem taldar voru upp í kafla 2.3 eru að flestu leyti jákvæðar. Við getum fylgst með fréttum úr heiminum og aflað okkur upplýsinga hvar og hvenær sem er og haft samskipti gegnum tölvur og snjallsíma (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016). Áhrifin geta þó verið neikvæð. Eins og áður sagði telur Eiríkur Rögnvaldsson (2016) að vegna snjalltækjabyltingarinnar, gagnvirkra tölvuleikja, Youtube- og Netflix-væðingarinnar, ferðamannastraumsins, fjölgunar innflytjenda, háskólastarfs á ensku, alþjóðavæðingarinnar og talstýringar tækja hafi máláreiði á ensku aukist svo um munar.

Snjalltækjabyltingin er sennilega sá þáttur sem snertir flesta, enda eiga flestir Íslendinga snjalltíma, að minnsta kosti þeir sem yngri eru. Þessi tæki hafa meðal annars breytt samskiptaháttum. Farsímar áður fyrr buðu upp á símtöl og smáskilaboð, en í snjallsímum er hægt að tala saman með því að skrifa á. Það má segja að dregið hafi úr hefðbundnum munnlegum samskiptum en skrifleg samskipti hafi aukist. Það sem hefur þó mest áhrif á íslensku er að tækin og það sem þeim fylgir er að miklu leyti á ensku. Það sama á við um marga tölvuleiki, sem bjóða sumir upp á að þátttakendur geti talað saman heimshornanna á milli og krefjast því virkrar enskunotkunar, þ.e. að tala eða skrifa. Youtube á netinu og efnisveitan Netflix innihalda einnig mikið efni á ensku.

Enskunotkun hefur jafnframt aukist á sviðum þar sem hún hefur ekki verið ráðandi fram að þessu. Í kjölfar ferðamannastraumsins eru auglýsingar og vörumerkingar gjarnan á ensku og með fjölgun innflytjenda bætast við fleiri móðurmál í íslenskt samfélag. Þá hefur enska í háskólastarfi farið vaxandi og talstýring tækja fer nánast eingöngu fram á ensku. Þau atriði sem nefnd hafa verið hér að ofan eiga það öll sameiginlegt að stuðla að því að sýnileiki enskunnar fer vaxandi í íslensku samfélagi (Eiríkur Rögnvaldsson, 2016). Þar að auki eru nú fleiri Íslendingar sem hugsa sér til hreyfings og halda út fyrir landsteinana, hvort sem er vegna náms, vinnu eða ævintýra. Fari svo að dragi úr notagildi íslenskunnar er hætta á að virðing fyrir tungumálinu

minnki en það er eitt af ferns konar áhrifum sem Eiríkur Rögnvaldsson (2016) nefnir að þessar breytingar geti haft í för með sér. Hin áhrifin eru: aukning beinna áhrifa frá ensku, minnkandi íslenskt ílag og skerðing notkunarviða íslensku.

Hér hefur verið fjallað um þætti sem hafa aukið enskunotkun og dregið út notkun íslensku. Í komandi köflum verða gagnvirkir tölvuleikir, Youtube- og Netflix-væðingin og talstýring tækja kallað einu nafni snjalltækjabyltingin, þar sem einhvers konar tæki koma við sögu og oftar en ekki er hægt að gera allt sem hér var nefnt í snjalltækjum.

2.5 Aukin enskunotkun

Flestum er kunnugt um útbreiðslu enskunnar, ekki einungis á Íslandi heldur út um allan heim. Hún er ekki bara það mál sem gripið er til þegar ekki er hægt að nota móðurmál sitt, heldur er hún líka töluð af fjölmörgum. Það eru ekki einungis margir sem hafa hana að móðurmáli heldur hafa enn fleiri hana að öðru/erlendu máli (Crystal, 2008). Þessi útbreiðsla enskunnar er gífurleg. Þrátt fyrir að tungumál hafi áður fyrr náð mikilli útbreiðslu, eins og til dæmis latína og arabíska, er það ekkert í samanburði við stöðu enskunnar í heiminum í dag. Sterk staða ensku tengist breyttum samskiptaaðferðum sem gera okkur auðveldara að eiga samskipti við aðra íbúa heimsins. Þessi auknu samskipti bjóða upp á kjöraðstæður fyrir eitt tungumál sem heimsmál, eða eins og enskan hefur verið kölluð „heimstungan enska“ (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 36-37).

Það sem gerir ensku að heimstungu eru áhrif hennar innan margra sviða þjóðlífsins. Hún er tungumál viðskipta, tækni, vísinda, netsins og u.þ.b. 50% fræðilegra texta sem birtir eru á hverju ári á ensku og hlutfallið fer stöðugt hækkandi (Nunan, 2001). Hlutfall enskunnar í starfsemi alþjóðlegra samtaka er hátt og er hún til að mynda eina tungumálið sem notað er innan 169 alþjóðastofnana eða þriðjungur af úrtaki sem samanstöð af 500 alþjóðastofnunum út um allan heim, samkvæmt Crystal (1997, bls. 79). Enskan er líka áberandi í tónlistarheiminum og segir Crystal (bls. 94) að vart sé komist hjá því að heyra ensku þar sem útvarpstæki er til staðar. Þannig kunni til að mynda mörg börn að syngja afmælisönginn „happy birthday“ á ensku, þrátt fyrir að enska sé ekki móðurmál þeirra. Frá því að bók Crystal kom út árið 1997 hefur ýmislegt breyst í tækninni en núna er auðveldara að streyma tónlist, t.d. í gegnum netið sem gerir tónlist á öðrum tungumálum aðgengilega hvenær sem er. Þá hefur einnig færst í aukana samkvæmt Crystal (bls. 103) að enska sé orðin hluti af almennu háskólastarfi þar sem 50% fræðilegra texta eru birtir á ensku, eins og nefnt hefur verið, og nemendur fara í skiptinám til annarra landa sem krefst þess að kennsla fari fram á tungumáli sem allir

nemendur kunna að einhverju leyti. Hana mætti kalla *lingua franca* háskólanna, eða eins og Ari Páll Kristinsson (2017, bls. 34) skilgreinir hugtakið sem samskiptamál sem fólk tileinkar sér á svæði þar sem tvö eða fleiri mál eru notuð, t.d. þegar skiptinemi kemur til lands þar sem hann talar ekki opinbera málið og innfæddir tala ekki hans tungumál, þá þarf að grípa til tungumáls sem báðir aðilar skilja og í flestum tilfellum er það enska.

Crystal (2008) segir að í kringum aldamótin 1600 hafi fjöldi enskra málnotenda í heiminum verið 5 til 7 milljónir. Árið 1963 höfðu 250 milljónir ensku að móðurmáli og 100 milljónir töluðu ensku sem annað tungumál. Fimmtán árum síðar voru enskumælandi í heiminum samtals 600 milljónir. Þær tölur eru nú orðnar úreltar en Crystal telur að enskumælandi málhafar hafi árið 2008 (birtingarár greinarinnar) verið 2 milljarðar. Þar sem grein Crystal er orðin 10 ára gömul má áætla að þessar tölur hafi hækkað enn frekar sérstaklega í ljósi þeirra tækninýjunga sem hafa rutt sér til rúms undanfarin ár með betra aðgengi að erlendu efni og auknum samskiptum á milli landa.

Þessi mikla útbreiðsla enskunnar hefur vakið athygli og sem dæmi má taka rannsókn Pan og Block (2011) sem sneri að áhrifum hennar í Kína. Þeir ræddu við nemendur og kennara um ensku og hvaða viðhorf Kínverjar hefðu til hennar. Þátttakendur voru flestir sammála því að enska væri það tungumál sem væri ríkjandi heimstunga. Þegar þeir voru nánar spurðir út í ensku og hvers vegna hún væri svo vinsæl í Kína bar hæst eftirfarandi svör: „enskan er alþjóðlegri en önnur tungumál“, „enska er nauðsynleg fyrir þróun hagkerfisins vegna þess að hún er tungumál viðskiptanna“ og „enska er mikilvægt tól í Kína“. Þegar spurt var út í hvata að enskunáminu svaraði stór hluti þátttakenda að með enskunni gætu fylgt aukin tækifæri á starfsferlinum. Nokkur fjöldi svaraði einnig að kunnáttan opnaði fyrir þeim nýjar dyr. Þar að auki var ítarlegra viðtal tekið við einn háskólanema í Kína og hann spurður út í viðhorf sín til enskukunnáttu í Kína. Hann nefndi að enska sé hærra í stigveldinu en kínverska, þ.e. að enskukunnáttu fylgi betri möguleikar. Með þessari kunnáttu geti hann komist lengra á starfsferlinum þar sem góð enskukunnátta sé nauðsynleg til þess. Lin og Block nefna að í kínversku samfélagi þyki enskukunnátta vera lykillinn að velgengni og getur átt drjúgan þátt í velgengni í starfi. Þetta staðfesta bæði kennarar og nemendur í rannsókninni.

2.6 Enska á Íslandi

Á Íslandi er enska notuð á ýmsum sviðum þjóðfélagsins, meðal annars í kennslu í íslenskum háskólum, í vísindum, í alþjóðlegum viðskiptum, í ferðaþjónustunni o.s.frv. Þar að auki eru skýrslur margra banka og fyrirtækja skrifaðar á ensku (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 33). Sá uppgangur sem verið hefur í efnahagslífinu hefur einnig leitt til aukins erlends vinnuafls á Íslandi og þar af leiðandi fjölgar tungumálum sem töluð eru í landinu (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2019).

Aukin útbreiðsla ensku hefur vakið athygli Íslendinga. Hún nýtur áhuga og virðingar hér sem annars staðar. Hins vegar eru ekki allir hrifnir af henni og forðast að nota ensk tökuorð og slettur í formlegu málsniði. Þrátt fyrir að sumir reyni eftir fremsta megni að forðast ensk áhrif í máli sínu þegar þeir tala er ekki þar með sagt að þeir sneiði hjá ensku yfirleitt, þ.e. þeim finnst hún jafnvel ágæt þegar kemur að því að lesa og hlusta. Það má því segja að viðhorf til ensku séu misjöfn eftir því hvernig á það er litið. Hún er ekki vinsæl ef horft er til áhrifa hennar á íslenskt mál en þvert á móti er hún vinsæl sem samskiptaleið. Ari Páll (2017, bls 107) kallar þetta einhvers konar „ástarhaturssamband“.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar rannsóknir á enskunotkun og viðhorfum til ensku á Íslandi. Niðurstöður úr nokkrum þeirra verða raktar stuttlega hér. Anna Jeeves (2010) kannaði virka enskunotkun, þ.e. tal og skrif og viðhorf til ensku. Hún spurði unglunga við hvaða aðstæður þeir notuðu málið. Flestir þátttakendur sögðust nota ensku á einhvern hátt í samskiptum við ættingja, vini eða vinnufélaga sem ekki töluðu ensku og jafnvel meðal íslenskra vina af því að brandarar hljómuðu t.d. betur á ensku en íslensku að þeirra sögn. Þegar þau voru spurð hvort þau gætu hugsað sér líf án ensku, sögðu þau að það væri ómögulegt. Það myndi hreinlega ekki ganga. Þau lýstu enskukunnáttu sinni frekar sem öðru móðurmáli en öðru/erlendu tungumáli (e. *second language*) en það samrýmist því sem hefur verið nefnt að geti gerst í málsambýli, þ.e. íbúar verði tvítýngdir. Þau segja þýðingar til að mynda ekki krefjast mikillar hugsunar, heldur komi ensku orðin bara sjálfkrafa. Anna spurði þau líka út í íslenska sjálfsmynd þeirra og hvort hún hafi breyst með aukinni enskukunnáttu. Þau sögðu svo ekki vera, enskan ógni íslenskunni ekki. Hún sé nauðsynleg til samskipta við þá sem ekki tala íslensku, en íslenskan sé og muni alltaf verða partur af þeim.

Þá rannsakaði Samúel Lefever (2010) á tímabilinu nóvember 2009 til maí 2010 enskukunnáttu átta ára barna áður en þau hófu formlegt enskunám. Samkvæmt

niðurstöðum hans sýndu nemendurnir talsverða hæfni í ensku. Hlutfall réttra svara í lestrarkönnun var 50% og 70% í hlustunarkönnun. Báðar kannanirnar voru ætlaðar börnum sem höfðu þá þegar fengið um og yfir 100 klst. af enskukennslu. Tjáning þeirra var einnig skoðuð og kom í ljós að fjórðungur nemendanna sýndi góða samskiptahæfni á ensku, þróaða setningafræði og málfræði og góðan orðaforða. Sá hluti barnanna sem féll ekki í þennan hóp gat yfirleitt svarað einhverju á ensku en skildi mun betur það sem rannsakandinn sagði en það sem þau voru sjálf fær um að segja. Foreldrarnir voru einnig fengnir í viðtal og þar viðkenndu allir að börnin þeirra horfðu á erlent sjónvarpsefni, sem var bæði ótextað og ótalsett og hlustuðu á erlend lög á Youtube. Einnig minntust nokkrir foreldrarnir á að börnin þeirra notuðu ensku í leik en það átti þó aðeins við um hluta barnanna.

Hafdís Ingvarsdóttir og Ásrún Jóhannsdóttir (2018) skoðuðu enskunotkun 10. bekinga árið 2009 og spurðu þá við hvaða aðstæður þeir notuðu ensku. Flestir svöruðu að þeir hlustuðu á tónlist á ensku eða horfðu á þætti eða myndir á ensku. Um helmingur svaraði að þau notuðu ensku á ferðalögum og á netinu. Fáir sögðust lesa eða tala ensku að jafnaði. Þegar spurt var út í framtíðarenskunotkun þeirra var flestum hugleikið að geta tjáð sig í útlöndum og að geta notað kunnáttu sína í námi. Nokkur fjöldi taldi að enskukunnáttan gæti komið sér vel til að skilja þætti og myndir á ensku en að skilja söngtexta eða spila tölvuleiki þótti ekki eins mikilvægt. Svo virðist sem óvirk enska, þ.e. lestur og hlustun, sé algengasta form enskunotkunar samkvæmt þátttakendum í könnun Hafdísar og Ásrúnar sem gerð var árið 2009 og þá sérstaklega hlustun sem á sér stað við áhorf.

Nemendur voru spurðir út í kennsluna og sögðu þeir að aðferðir eins og málfræðiaefingar og þýðingar frá og yfir á íslensku, eða „gamla aðferðir“ eins og Hafdís og Ásrún kalla þær, séu áhrifamestar og skilvirkari en leikir. Hafdís og Ásrún telja að þessar aðferðir geti bætt við orðaforðann sem þau hafa þegar öðlast í gegnum enskunotkun utan skólans eða að þau greini á milli ensku sem kennslugreinar og enskunnar sem þau nota utan skólans, þar sem „gamla aðferðir“ eiga sér stað í skólanum en enskunotkun í formi leikja eigi sér stað utan skólans. Þau líti á kennsluaðferðirnar sem verkefni innan skólans sem hafi lítil áhrif á líf þeirra utan skólans, vegna reglulegrar enskunotkunar utan hans. Mögulega líta þau ekki sömu augum á ensku innan skólans og ensku utan skólans, þar sem sú fyrrnefnda felur í sér formlegt mál en sú seinni óformlegt mál, eins og þau þekkja úr þáttum, myndum, tónlist og þess háttar. Þegar þátttakendur Ásrúnar og Hafdísar (2018) voru spurðir út í

mikilvægi enskunnar sögðu 70% hana vera mjög mikilvæga en 27% sögðu að hún væri frekar mikilvæg. Það voru því nánast allir þátttakendur í heildina sem töldu hana frekar eða mjög mikilvæga.

Birna Arnbjörnsdóttir (2011) kannaði virka og óvirka enskunotkun 740 Íslendinga. Meira var um óvirka notkun í lífi þátttakenda, eins og kom einnig fram hjá Hafdísi og Ásrúnu. Hlustun var sú notkun sem var algengust en 86% fullorðinna þátttakenda Birnu heyrðu ensku á hverjum degi og 65% í meira en klukkustund á dag. Þá sögðust 43% lesa ensku daglega og 19% þátttakenda sögðust tala ensku daglega, en 41% sögðust tala hana einu sinni í mánuði eða sjaldnar. Þegar spurt var út í ritun sögðust 21% skrifa daglega og helmingur þátttakenda sagðist skrifa á ensku einu sinni í mánuði eða sjaldnar. Birna skoðaði líka hversu mikill tími færi í enskunotkun og voru 14 þátttakendur spurðir hversu mikið þeir notuðu ensku og á hvaða sviðum. Þar kom fram að þátttakendur eyddu þriðjungi meiri tíma í að hlusta á ensku en að tala hana. Óvirk notkun var töluvert algengari en virk notkun. Meðaltal hlustunar á degi hverjum voru 140 mínútur og tæplega 60 mínútur fóru í lestur, en hlustun og lestur flokkast undir óvirka notkun. Hins vegar fóru tæplega 40 mínútur í tal og 20 mínútur í skrif, en það flokkast sem virk notkun.

2.7 Viðhorf til íslensku

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhorfum barna og unglinga til íslensku, en helst má nefna rannsóknarverkefnið *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga* (Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson, 2018) og doktorsritgerð Hönnu Óladóttur (2017). Þessi ritgerð verður því viðbót við þessar rannsóknir sem gerðar hafa verið á viðhorfum til íslensku en varpar einnig ljósi á viðhorfi unglinga til ensku. Í lok þessa kafla verður stuttlega litið á breytingar á stöðu íslenskukunnáttu unglinga út frá nýlegum rannsóknum.

Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson og Sigurður Konráðsson (2018) fjalla um viðhorf grunnskóla- og framhaldsskólanema til málfræðikennslu í íslensku. Margir þátttakendur í rannsókninni nefndu mikilvægi þess að tala „rétt mál“ og hjá sumum kom fram að þeim fyndist óþægilegt að hlusta á fólk sem talar ekki samkvæmt hefðbundnum viðmiðum um viðurkennt mál. Algengt viðhorf var að með því að leyfa „rangt“ mál myndi tungumálið þróast á óæskilegan hátt og jafnvel glatast. Einnig var nefnt mikilvægi þess að vanda sig í réttum málaðstæðum, t.d. við fréttaskrif og í ræðuhöldum. Það má lesa það úr þessum viðtölum að íslenskan sé nemendum hugleikin og þau telji

mikilvægt að fólki vandi málfar sitt því að annars gæti það haft slæmar afleiðingar í för með sér.

Í doktorsritgerð Hönnu Óladóttur (2017) koma einnig fram áhyggjur af framtíð íslenskunnar. Nokkrir nemendur þar nefna mikilvægi málfræðikennslunnar í tengslum við að halda tungumálinu við og gæta þess að íslenska deyi ekki út. Þeim finnst það vera skylda þeirra sem Íslendinga að varðveita íslenskuna því að hún sé svo stór hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar og sérstök á þann hátt að fáir málhafar eigi hana að móðurmáli. Í báðum rannsóknum má sjá nokkurt samræmi við kenningar Bourdieu (2006) um félagslegt auðmagn þar sem þátttakendum finnst þeir efnast félagslega á því að hafa íslensku sem móðurmál og að geta beitt henni á markvissan hátt. Nánar verður fjallað um þessa kenningu í kafla 3.4.

Nemendurnir í rannsókn Hönnu minnst á mikilvægi málfræðikennslunnar í tengslum við formlegri málsnið og nefna sem dæmi ritgerðarskrif og atvinnuumsókn. Þá sé mikilvægt að vera vel að sér í íslensku, geta skrifað rétt og haft fjölbreyttan orðaforða. Það sé einnig mikilvægt á fullorðinsárunum. Þeim finnst það ekki passa að vera fullorðinn og kunna ekki að skrifa rétt eða tala. Þau nefna einnig að það sé mikilvægt að gera greinarmun á því hver viðtakandinn sé. Það tíðkist ekki að nota sömu orð við ömmu og afa og maður notar við systkini sín. Þannig geti rétt málnotkun við réttar málaðstæður komið sér vel og fært þeim virðingu í samræmi við félagslegt auðmagn. Þegar talið berst að enskuáhrifum í málinu segir einn nemandinn að enskuslettur þurfi ekki að vera slæmar, svo lengi sem þær hafi ekki slæm áhrif og breyti málinu.

Sigríður Sigurjónsdóttir (2016) telur að aukið enskuáreiti í málumhverfi barna vegna aukinnar netnotkunar ungra barna á máltökuskeiði séu ekki góðar fréttir fyrir íslenskuna þar sem það geti breytt málinu og jafnvel leitt til tvítýngis, þ.e. að sum börn verði jafnvíg á íslensku og ensku. Breytingarnar sem geta orðið á íslensku í kjölfarið varða orðaforða, framburð, beygingar og setningagerð. Þessara breytinga hefur nú þegar orðið vart eins og sjá má í meistararitgerð Elínar Þórsdóttur (2018) sem fjallað verður um í kafla 2.7. Sigríður bendir einnig á að viðbúið sé að þessu fylgi jákvæðara viðhorf en ella til ensku og að börn kjósi frekar að nota ensku í stað íslensku við tilteknar aðstæður. Notkunarvið íslensku skerðist þá og það getur haft slæm áhrif á íslenskuna eins og kemur fram í grein Lindu Bjarkar Markúsardóttur (2015) í *Fréttablaðinu*, en hún segist kannast við það úr starfi sínu sem talmeinafræðingur að börn kunni ekki heiti

hluta á íslensku en geti nefnt þau á ensku. Það gæti bent til þess að viðhorf til ensku sé jákvæðara en til íslensku í ljósi þess að enska heitið er valið frekar en það íslenska.

Í meistararitgerð Guðrúnar Sesselju Sigurðardóttur (2017) voru kennarar í framhaldsskólum beðnir um að meta málfar nemenda sinna. Þeir lýsa yfir áhyggjum sínum af íslenskukunnáttu þeirra og segja að mikill munur sé á framhaldsskólanemum nú og fyrir tuttugu árum hvað málkunnáttu varðar. Þeir komi verr út úr lesskilningi og orðaforðinn hafi minnkað enda sýndu niðurstöður PISA könnunarinnar árið 2015 (Tryggvi Páll Tryggvason, 2016) hrakandi lesskilning hjá íslenskum börnum. Þar að auki segja þátttakendur Guðrúnar Sesselju að beygingar séu ekki einungis rangar heldur séu orðin hreinlega ekki beygð og málfræðin almennt einfölduð. Kennararnir taka einnig eftir aukinni enskunotkun nemenda sinna og að ensku sé meira blandað inn í málið en áður og að sumir nemendur tali beinlínis saman á ensku.

2.8 Fyrirliggjandi niðurstöður SMS

Í köflum 2.6 og 2.7 hafa verið raktar helstu niðurstöður rannsókna á enskunotkun Íslendinga og tæpt á rannsóknum sem fyrir liggja um viðhorf til íslensku. Rannsóknirnar á enskunotkun Íslendinga sem sagt var frá í kafla 2.6 voru flestar framkvæmdar í kringum 2010 eða á þeim tíma sem snjalltækin voru að byrja að ryðja sér til rúms. Síðan hafa liðið 9 ár og snjalltæki eru orðin hluti af lífi okkar flestra. Það er því rétt að enda þessa umfjöllun um íslensku og ensku á fyrirliggjandi niðurstöðum úr rannsókninni *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (SMS) sem þetta verkefni er unnið innan. Rannsókninni og framkvæmd hennar verður nánar lýst í 4. kafla. Lítum nú á þær greinar og meistararitgerðir sem hafa verið skrifaðar og byggja á niðurstöðum sem tengjast efni þessarar ritgerðar.

Í grein í *Netlu* fjalla Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson (2018) um snjalltækjanotkun barna á aldrinum 3-13 ára en um það var spurt í netkönnun rannsóknarinnar. Í yngsta aldurshópnum, 3-5 ára, notar helmingur tölvu eða snjalltæki sjaldnar en daglega, rúmlega 20% eyða minni en einni klukkustund á dag í slíkum tækjum og 19% í 1-4 klukkustundir á dag. Þegar litið er á aldurshópinn fyrir ofan, 6-7 ára, er notkunin orðin meiri. Hlutfall þeirra sem nota tölvu eða snjalltæki sjaldnar en daglega er 38%. Tæplega 40% eyða 1-4 klukkustundum á dag í tækjunum og um 20% minna en klukkustund. Þegar litið er á eldri aldurshópana, 8-9 ára og 10-12 ára eru fáir sem nota tækin sjaldnar en daglega og algengast er þau eyði 1-4 klukkustundum á dag í þeim. Tæplega 20% í elsta aldurshópnum eyða meira en 4 klukkustundum á dag í

snjalltækjum. Einnig er spurt út í virka og óvirka enskunotkun og sýna niðurstöðurnar að börn heyra mikið af talaðri ensku og meira en helmingur barna í öllum aldurshópum talar eða reynir að tala ensku daglega eða nokkrum sinnum í viku.

Í netkönnuninni var einnig spurt út í ensku í leik barna með íslensku að móðurmáli, annars vegar þar sem þau voru ein í leik og hins vegar með öðrum. Niðurstöðurnar sýndu að nokkuð var um að börn leiki sér á ensku. Rúmlega 10% foreldra yngstu barnanna, 3-5 ára, voru mjög eða frekar sammála því að leikur barna þeirra færi stundum fram á ensku, ein eða með öðrum. Rúmlega 20% foreldra 6-7 ára barnanna sögðu það sama. Þá leiddu niðurstöðurnar í ljós að með hækkandi aldri séu þau einnig líklegri til að leika sér á ensku ef þau eru með öðrum frekar en þegar þau eru ein (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018). Í rannsókn Samúels Lefever (2010) nefndu nokkrir foreldrar að leikur barna þeirra færi stundum fram á ensku. Þar var um að ræða 8 ára börn, en með niðurstöðum vefkönnunar SMS má greina leik barna eftir aldursflokkum og ljóst er að mjög ung íslensk börn leika sér stundum saman á ensku. Eins og bent hefur verið á, er áratugur síðan rannsókn Samúels átti sér stað og á þessu tímabili hefur enskuáreiti barna og unglunga aukist til muna, t.d. með snjalltækjum, eins og sjá má í umfjöllun um fyrri rannsóknir hér að ofan.

Í fullorðinskönnuninni, sem lögð var fyrir 13 ára og eldri segist þriðjungur unglunga á aldrinum 13-15 ára vera frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að þau tali stundum ensku við aðra íslenskumælandi (Þórunn Kristjánsdóttir, 2018). Leikur íslenskra barna á ensku og samræður íslenskumælandi unglunga á ensku benda til jákvæðs viðhorfs til ensku, þar sem þau kjósa að tala ensku í stað íslensku við aðstæður þar sem allir tala síðarnefnda málið. Spurt var sérstaklega út í viðhorf og áhuga barna til ensku í barnakönnuninni fyrir yngri en 13 ára. Þar má greina mikinn áhuga sem eykst með aldrinum en tæplega helmingur foreldra barna í yngsta aldurshópnum, 3-5 ára, er frekar eða mjög sammála því að barnið hafi áhuga á ensku og sækist eftir að nota enskukunnáttu sína og 70% foreldra barna í aldurshópnum, 10-12 ára (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018). Það er því greinilegt að enskan leikur nokkurt hlutverk í lífi barnanna og áhuginn virðist sannarlega ekki fara dvínandi með hækkandi aldri.

Innan verkefnisins hafa einnig verið skrifaðar nokkrar meistararitgerðir. Dagbjört Guðmundsdóttir (2018) rannsakaði stafrænt ílag í málsambýli íslensku og ensku. Aldurshópar þátttakendanna voru sex: 13-15 ára, 16-20 ára, 21-30 ára, 31-45 ára, 46-60 ára og 61 árs og eldri. Nánast allir aðspurðra eiga snjalltæki og um 50% allra aldurshópa

nota tölvu eða snjalltæki í 1-4 klukkustundir á dag. Hlutfall snjalltækjanotkunar var hærra hjá yngri aldurshópnum en þeim eldri. Talsverður munur var á aldurshópum og áhorfi. Eldri aldurshóparnir horfa meira á sjónvarpsstöðvar með íslensku efni eða erlendu efni með íslenskum texta en yngri aldurshóparnir horfa meira á efni á netinu, eins og Youtube, í efnisveitum á borð við Netflix og í smáforritum, eins og Instagram og Snapchat. Yngstu tveir aldurshóparnir sýndu einnig langhæsta hlutfall tölvuleikjaspilunar, með og án samskipta, en það var sú gerð sem felst í virkari notkun en hvers kyns áhorf. Dagbjört komst að því að jákvætt viðhorf til virkrar enskunotkunar spáir fyrir um enskunotkun og jákvætt viðhorf gagnvart ensku sé algengast í yngsta aldurshópnum og fari minnkandi með aldrinum.

Viðhorf eru jafnframt til umfjöllunar í meistararitgerð Lilju Bjarkar Stefánsdóttur (2018a) en þar sýnir hún fram á að þeir þátttakendur 13 ára og eldri sem hún kallar heimborgara (þ.e. Íslendingar sem hafa löngun til að búa erlendis) hafa jákvæðara viðhorf til ensku og neikvæðara viðhorf til íslensku en þeir sem kallast heimdragar (þeir sem sjá framtíðina fyrir sér á Íslandi). Samkvæmt niðurstöðum hennar geta því áform um framtíðarbúsetu haft áhrif á viðhorf.

Hildur Hafsteinsdóttir (2019) rannsakaði svo tengsl íslensks hreims í enskutali við ílag, aldur og viðhorf 84 þátttakenda á aldrinum 14-83 ára. Hún komst að því að þeir sem eru hlyntir fullyrðingunni „mér finnst gaman að vera í aðstæðum þar sem ég þarf að tala ensku“ eru almennt með minni íslenskan hreim þegar þeir tala ensku en þeir sem eru ekki sammála þessari fullyrðingu. Þannig koma fram tengsl á milli íslensks hreims og viðhorfa þátttakenda. Einnig voru tengsl á milli hreims og ílags eftir því sem hlutfall ensku í heildarílagi er meira þar sem hlutfall íslensks hreims er minna eftir því.

Áhrif aukinnar enskunotkunar á íslenska málfræði þátttakenda hafa einnig verið rannsökuð. Elín Þórsdóttir (2018) rannsakaði í meistararitgerð sinni enskt ílag og háttanotkun í íslensku hjá þátttakendum á aldrinum 13-98 ára. Hún komst að því að þeir sem yngri voru notuðu og höfðu meiri ensku í málumhverfi sínu voru líklegri til að samþykkja nýjungar í háttanotkun en þeir eldri í setningum þar sem ekki var farið eftir málhefð. Niðurstöður hennar gefa því til kynna að þeir sem nota mikla ensku séu frekar í vafa um það hvar á að nota framsöguhátt og viðtengingarhátt en aðrir. Þetta styður það sem fram kom hjá Sigríði Sigurjónsdóttir (2016) um breytingar á íslensku í kjölfar aukinnar enskunotkunar.

Í þessari umfjöllun um fyrirbyggjandi niðurstöður SMS-rannsóknarverkefnisins hefur einungis verið stiklað á stóru. Mun ítarlegri greiningar er til dæmis að finna í

meistararitgerðunum fjórum sem nefndar hafa verið. Þetta er einnig einungis brot af þeim niðurstöðum sem búið er að vinna úr í verkefninu.

2.9 Samantekt

Hér hefur verið fjallað um málsambýli sem eru samskipti milli málhafa á fleiri en einu tungumáli. Algengasta birtingarmynd málsambýlis eru tökuorð og það sem helst má greina í máli þeirra sem búa til málsambýli eru málskipti þar sem allt frá einu orði upp í heilu frasana og setningar úr öðru máli er skeytt inn í samræður á hinu málinu (Thomason, 2001, bls. 10, 131-133). Málsambýli er ekki nýtt af nálinni á Íslandi en á þeim tíma sem Ísland var undir stjórn Danmerkur ríkti málsambýli íslensku og dönsku. Þegar tengslin við dönskuna minnkuðu jukust tengslin við ensku og ekkert lát virðist vera á því (Auður Hauksdóttir, 2000; Guðrún Kvaran, 2004).

Í kjölfar hnattvæðingar og snjalltækjabyltingar hafa samskipti við umheiminn aukist. Ferðalög og búferlaflutningar milli landa eru auðveldari, fjölmiðlar færa landsmönnum fréttir frá heimsbyggðinni og snjalltækin opna á möguleika til samskipta, afþreyingar og fleira. Þessi atriði hafa þó í för með sér aukna enskunotkun á sviðum þar sem enska hefur ekki verið ráðandi hingað til (Eiríkur Rögnvaldsson, 2016). Ekkert tungumál hefur áður náð slíkri útbreiðslu en enskan er mál viðskipta, tækni, vísinda, netsins og *lingua franca* háskólanna (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 34-37, Nunan, 2011). Á Íslandi er hún notuð á mörgum sviðum þjóðlífsins en niðurstöður rannsókna sýna að Íslendingar fá mikið enskuáreiti. Þær hafa meðal annars sýnt fram á að enskunotkun unglunga felst aðallega í áhorfi á erlent afþreyingarefni og hlustun á tónlist og að börn hafa náð færni í ensku áður en formlegt enskunám hefst (Hafdís Ingvarsdóttir og Ásrún Jóhannsdóttir, 2018; Samúel Lefever, 2010).

Þá hefur verið fjallað um viðhorf til íslensku. Niðurstöður rannsókna á því sviði sýna að unglingum finnst mikilvægt að tala vandað mál og telja að það stuðli að því að þau öðlist virðingu frá öðrum. Þau hafa einnig áhyggjur af framtíð íslenskunnar í kjölfar aukinnar enskunotkunar (Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson og Sigurður Konráðsson, 2018; Hanna Óladóttir, 2017). Aukið enskuáreiti getur haft þau áhrif að málið breytist og viðhorf til ensku verði jákvæðari en ella (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016).

Að síðustu var farið yfir fyrirliggjandi niðurstöðum SMS-verkefnisins sem tengjast efni þessarar ritgerðar. Niðurstöður innan þess hafa sýnt fram á mikið enskuáreiti barna en meira en helmingur barna í öllum aldurshópum talar eða reynir að tala ensku daglega

eða nokkrum sinnum í viku og nokkur fjöldi leikur sér á ensku við íslenskumælandi vini sína (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018). Þá sýndu niðurstöður Dagbjartar Guðmundsdóttur (2018) að jákvætt viðhorf til virkrar enskunotkunar spáir fyrir um enskunotkun og jákvætt viðhorf gagnvart ensku er algengast í yngsta aldurshópnum og fer minnkandi með aldrinum. Lilja Björk Stefánsdóttir (2018) sýndi fram á tengsl milli framtíðarbúsetu og viðhorfa en þeir sem höfðu jákvæðara viðhorf til ensku, svokallaðir heimsborgarar, höfðu meiri löngun til að búa erlendis en hinn hópurinn sem Lilja kallaði heimdraga. Hildur Hafsteinsdóttir (2019) komst að því að tengsl væru á milli íslensks hreims og viðhorfa þátttakenda. Þeir sem eru hlynntir fullyrðingunni „mér finnst gaman að vera í aðstæðum þar sem ég þarf að tala ensku“ eru almennt með minni íslenskan hreim þegar þeir tala ensku en þeir sem eru ekki sammála þessari fullyrðingu. Loks sýndu niðurstöður Elínar Þórsdóttur (2018) að þeir sem höfðu meiri ensku í málumhverfi sínu voru líklegri til að samþykkja nýjungar í háttanotkun en þeir eldri í setningum þar sem ekki var farið eftir málhefð.

Áður en við lítum á niðurstöður viðtalanna í SMS-verkefninu, sem eru þau gögn sem unnið er sérstaklega með í þessari ritgerð, er rétt að ræða nokkur hugtök.

3 Helstu hugtök

3.1 Málsnið

Málsnið kallast það málfar sem á við tiltekna málaðstæður. Málsnið er valið eftir því sem aðstæður kalla á og fer eftir viðmælanda, tilgangi og efni (Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson og Höskuldur Þráinsson, 1988, bls. 43). Í öllum tungumálum er málfar mismunandi milli málsniða. Þar getur verið um að ræða ákveðinn framburð sem tíðkast að nota í fjölmiðlum en annan sem notaður er dags daglega. Orð með sömu merkingu eru einnig notuð í ólíkum málsniðum, eins og orðin *kjafta* og *ræða*, þar sem hið fyrrnefnda hentar einungis í óformlegum aðstæðum en hið síðarnefnda kæmi til greina við formlegri aðstæður, eins og til dæmis í fjölmiðlum. Þá er oft talað um ritmál og talmál. Undir ritmál falla til dæmis orð eins og *ræða* en *kjafta* myndi teljast sem talmál. Tökuorð úr öðrum málum flokkast oftast undir talmál og óformlegar aðstæður (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 188-191)

Ari Páll Kristinsson (2017, bls. 187-188) telur að skilin á milli ritmáls og talmáls hafi þó breyst á síðustu 30 árum. Segja má að breytingar hafi orðið á mati á málaðstæðum. Hversdagslegt mál er nú sýnilegra á fleiri sviðum og hefur gjarnan verið talað um að „fólk sé bara alveg hætt að vanda sig“. Talmálslegt málfar heyrir og sést til að mynda meira í fjölmiðlum, auk þess sem það má sjá sífelld meira af talsmálslegum einkennum í ritmáli á netinu og á samfélagsmiðlum. Alþjóðavæðingin og tilkoma Internetsins hafa haft í för með sér að talsmálsseinkenni eru sýnilegri nú en áður

Talað er um að þegar valið er málsnið sem hentar málaðstæðum sé málið „gott“ og að sama skapi er hægt að tala um að „vont“ mál sé þegar valið er málsnið sem þykir ekki henta málaðstæðum. Hugtakið „vont“ getur vísað til ofnotkunar tökuorða og sérstaklega þeirra orða sem ekki hafa aðlagast íslensku málkerfi og ritreglum. Það getur einnig átt við málfar sem þykir óskýrt eða órökrétt við ákveðnar aðstæður, t.d. að orð sé notað sem þykir óviðeigandi og gæti verið niðrandi, t.d. lýsingarorðin *feitur* og *heimskur*. „Gott mál“ er aftur á móti þegar viðeigandi málfar, orðaval og orðaröð er valin (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 176, 189).

Þessi hugtök tengjast náið hugtökunum „rétt“ og „rangt“ mál. Stundum er talað um rétt mál þegar málnotkun samræmist málvenju (Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson og Höskuldur Þráinsson, 1988, bls. 43). Þó að mál sé rétt samkvæmt þeirri skilgreiningu getur þó verið bundið aðstæðum hvort það þyki gott í ákveðnu málsniði, t.d. ritmáli. Talað er um rangt mál þegar málnotkun samræmist engri

íslenskri málvenju. Málvenjur geta verið mismunandi, þ.e. tilbrigði koma fram í máli, eins og t.d. *mér langar og mig langar*. Hér er um að ræða tvær málvenjur, en þær eru ekki jafngildar að mati allra. Fyrri dæmið er dæmi um breytingu, svokallaða þágufallshneigð, sem er bundin aðstæðum og myndi því teljast slæm í ritmáli (Indriði Gíslason o.fl., 1988, bls. 43-44). Þetta er þó nokkurt álitamál. Nánar má lesa um þetta hjá Eiríki Rögnvaldssyni (2015).

3.2 Málstýring og málstaðall

„Rétt mál“ og „rangt mál“ heyrir oft í tengslum við málstýringu en það eru afskipti af formi tungumálsins. Með formi er átt við orðaforða og málkerfi. Málstýring getur til að mynda komið fram í leiðréttingum á máli af hálfu foreldra og kennara, svo dæmi sé tekið (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 69, 73, 85).

Þessi tilhneiging til að stýra máli annarra og leiðrétta það sem ekki þykir rétt tengist hugmyndinni um mikilvægi þess að varðveita málkerfið. Í mörgum samfélögum jafngildir hreint mál því máli sem er eldra og því sé mikilvægt að varðveita tengslin við fortíðina og eldri málsstig. Málstýring er sérstaklega áberandi þegar nýjar málbreytingar virðast vera yfirvofandi. Það getur verið um að ræða nýjar eða breyttar beygingar, nýjan framburð eða setningaskipan, ný orð, nýja merkingu orða eða jafnvel slettur úr erlendum málum. Þekktasta aðferðin er að sneiða hjá slettum enda þykja þær óviðeigandi í formlegu máli og eitt helsta einkenni „óvandaðrar málnotkunar“. Málbreytingar þurfa þó ekki alltaf að vera slæmar, enda óhjákvæmilegt að mál breytist, en stundum er stuðlað að ákveðnum breytingum. Það hefur verið gert með því að „breyta“ orðaforðanum og búa til ný hugtök yfir þau tökuorð sem koma í málið. Þau eru oft aðlöguð íslenskum málvenjum eða mynduð eru ný orð úr innlendum efnivið (Indriði Gíslason o.fl., 1988, bls. 61-62; Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 142-143).

Skiptar skoðanir eru um málstýringu og hversu langt skuli ganga. Það er algengt að málstýring eigi rót sína í íhaldssemi. Þá þykir réttast að málnotkun sé eins við öll tilefni og í öllum textategundum. Hið eina og rétta málfar er sótt til einhverrar fyrirmyndar sem getur þótt einhvers konar blómaskeið í málfarsefnum. Undantekning frá hinu rétta þykir vera til marks um leti eða vankunnáttu. Á hinn bóginn er sú skoðun að eðlilegt sé að málfar sé mismunandi í mismunandi aðstæðum eða málsniðum og sé jafn gott ef það er viðeigandi. Þá er ritmál einungis ein birtingarmynd málsins. Meðalvegurinn milli þessara tveggja skoðana er hófsamleg íhaldssemi. Þar er tekið mið af þeim breytingum sem hafa orðið á tungumálinu í samræmi við samfélagsbreytingar og að það mál sem

notast á við í opinberri málnotkun þurfi á stöðugleika að halda (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 62-63).

Íslenskur málstaðall, sem einnig er kallaður ritmálsstaðall íslensks nútímamáls eða 20. aldar bókmál, er að nokkru leyti byggður á forníslensku (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 63-64). Málstaðall þekktist í mörgum málsamfélögum og byggir á hugmyndum um hvað sé rétt. Hann er notaður í stjórnsýslu, í skólum og á stofnunum (e. *institutions*) og er sýnilegur í daglegu lífi. Reglurnar um hið rétta koma meðal annars fram í orðabókum og kennslubókum um málið. Staðallinn dreifist jafnan út með málhafa og oft fá þeir þá tilfinningu að málstaðallinn sé „það eina rétta“ og frávik frá honum eru litin hornauga (Smakman, 2018, bls. 67-68)

Íslenski málstaðallinn hefur orðið fyrir áhrifum frá hreintungustefnu síðustu alda, sem miðast við hugmyndir manna um vandað ritmál fyrir um 80-100 árum. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, eins og rifjað var upp í kafla 2, sérstaklega köflum 2.2 og 2.3. Málfar í bókum, blöðum og í opinberum gögnum megnið af 20. öldinni er jafnan samkvæmt staðlinum, sem og íslenskukennsla í skólum. Undirbúið ritmál samkvæmt staðlinum heyrir ekki endilega lengur í sjónvarpi og útvarpi landsins heldur er þar nú talað óundirbúið daglegt mál sem gerir það að verkum að staðallinn er ekki í gildi á þessum sviðum á sama hátt og áður (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 64-65; Eiríkur Rögnvaldsson, 2015).

Bilið á milli staðalsins og hins dagslega máls sem við heyrum nú við fleiri aðstæður hefur því aukist töluvert og það þarf að brúa með aukinni kennslu, fyrirhöfn og mögulega lestri en það er þó ekki raunin. Kennsla hefur ekki aukist og lestur ekki heldur. Því má búast við að færri tileinki sér málstaðalinn í framtíðinni (Eiríkur Rögnvaldsson, 2015). Hanna Óladóttir (2017) telur að málstaðallinn breytist af sjálfu sér í takt við breytta málnotkun en það gerist þó ekki á sama tíma í öllu málsamfélaginu. Þá geti upplifun ungra Íslendinga af málstaðlinum verið önnur en upplifun eldri kynslóða þar sem málstaðall þeirra síðarnefndu endurspeglir þann málstaðal sem upphaflega var kynntur, ritmálsstaðall íslensks nútímamáls eða 20. aldar bókmál. Þar sem færri ungir málnotendur tileinka sér nú þennan málstaðal má leiða líkur að því að þeirra hugmynd af málstaðli, eða ritmáli, sé nær því að vera daglegt mál. Hrafnhildur Ragnarsdóttir (2011) komst að því í könnun á orðaforða 11, 14 og 17 ára unglinga og fullorðinna að munur á ritmáli og talmáli er minnstur hjá yngri kynslóðunum en mestur hjá þeim sem eldri eru. Þetta mögulega ósamræmi milli kynslóða verður haft til hliðsjónar við yfirferð niðurstaðanna í 5. kafla. En lítum næst á svokallað ílag.

3.3 Ílag

Ílag kallast það máláreiti sem einstaklingar fá í umhverfi sínu. Líkt og með málnotkunina sem rætt var nokkuð um í 2. kafla getur ílag verið virkt og óvirkt. Ef það er virkt, þá er um að ræða tal eða skrif og óvirkt ef um er að ræða hlustun eða lestur. Rannsóknir á ílagi fjalla oftast en ekki um máltöku og sérstaklega máltöku tví- eða fjöltýngdra barna. Skiptar skoðanir eru þó um hlut ílags í máltökunni. Samkvæmt Gathercole og Hoff (2009, bls. 107-108) telja erfðasinnar (e. *nativist view*) að hlutur ílags í máltökunni sé minni háttar. Þeir telja að ílag sé ófullnægjandi eitt og sér og í raun þurfi börn tiltölulega lítið ílag til þess að tileinka sér tungumál. Þeir telja að ílag hafi lítið að gera með hversu hratt börn tileinka sér mál og að meðfædd tungumálakunnátta sé nauðsynleg til að tungumál myndist. Sama viðhorf má einnig finna hjá málkunnáttufræðingum. Chomsky (1975, bls. 4) telur að börn tileinki sér þessa kunnáttu með lítills háttar máláreiti (e. *exposure*) og án sérstakrar þjálfunar. Málkunnáttufræðingar átti sig þó á því að meðfæddir hæfileikar dugi ekki einir til, heldur séu samskipti og samtöl nauðsynleg til þess að börn geti náð valdi á tungumálum (Sigríður Sigurjónsdóttir (2013, bls. 107).

Málfræðingar sem aðhyllast hið andstæða við erfðasinna (e. *alternative view*) telja aftur á móti að ílag skipti öllu máli fyrir málkunnáttu barna. Þeir hafa mótmælt þeirri skoðun málkunnáttufræðinga að ílag sé ófullnægjandi fyrir móttöku tungumála og börn geti aðeins að litlu leyti reitt sig á ílag til að byggja upp málkerfi. Það hefur verið gert með tvennum hætti. Annars vegar segja þeir að ílagið sem börn heyra í málumhverfi sínu sé betra og meira lýsandi en Chomsky hefur haldið fram og hins vegar að vísbendingar séu um að ílagið sé tengt mynstrum í þróun tungumáls barna sem bendi til þess að ílag sé mikilvægt fyrir tileinkun tungumála (Gathercole og Hoff, 2009, bls. 109-110) Huttenlocher (1998) komst að því að fylgni væri á milli ílags á heimilum og orðaforða og setningabyggingar barna, þar sem aukinn orðaforði og flóknari setningagerð einkenndi mál barna sem áttu mæður sem töluðu mikið við þau, þ.e. börnin fengu mikið óvirkt ílag frá þeim. Pearson (2007) segir að meira ílag leiði af sér betri færni sem aftur leiði af sér aukna notkun. Það sama gerist ef börn nota annað mál en móðurmál sitt, tókum sem dæmi íslensku og ensku. Þá fá þau minna íslenskt ílag og nota það síður og þróa ekki eins góða færni. Rannsóknir Huttenlocher (1998) og Pearson (2007) styðja því þær hugmyndir um mikilvægi ílags í máltökunni.

Í þessari stuttu umfjöllun um ílag í máltöku hafa aðeins tvö sjónarmið verið kynnt lítillega en lengi væri hægt að halda áfram með rannsóknir og ólíkar skoðanir á vægi

ílagsins, en látum staðar numið hér (sjá nánar hjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur, 2013; Gathercole og Hoff, 2009; Chomsky, 1975). Þrátt fyrir þessar ólíku hugmyndir um vægi ílags, er það þó samhljóða skoðun fræðimanna að ílag skipti máli að einhverju leyti. Hér hefur verið rætt um máltökuna en hversu mikilvægt er ílag utan máltökunnar og í þessu tilfalli, hversu mikilvægt er það í málsambýli tveggja tungumála? Byrjum á að skoða stafrænt ílag.

Eins og fjallað var um í 2. kafla hefur tækninni fleygt fram og þar af leiðandi höfum við í dag aðgang að alls kyns efni hvaðanæva að úr heiminum. Ílag er þar af leiðandi í fleiri myndum en áður. Við getum hlustað á og lesið allt mögulegt, jafnt á íslensku sem á öðrum málum, og jafnvel talað við fólk sem er statt annars staðar í heiminum. Flest þessi samskipti fara fram stafrænt, þ.e. í gegnum einhvers konar miðla, eins og tölvur og síma. Þess háttar ílag kallast stafrænt ílag. Eins og gefur að skilja hefur orðið aukning á því samfara tæknivæðingunni en það sem skiptir miklu máli fyrir efni þessarar ritgerðar er að stafrænt ílag er að miklu leyti á ensku sem segja má að hafi forskot í stafræna heiminum vegna alþjóðlegrar stöðu sinnar. Það má því áætla að börn sem fá mikið stafrænt ílag fái þar af leiðandi mikið enskt ílag (sjá nánar hjá Dagbjörtu Guðmundsdóttur, 2018 og Irisi Eddu Nowenstein, Dagbjörtu Guðmundsdóttur og Sigríði Sigurjónsdóttur, 2018). Þar sem viðhorf er meginrannsóknarefni þessarar ritgerðar skulum við einbeita okkur að tengslum milli ílags og viðhorfa.

Í ljósi þess hve ung snjalltækjabyltingin er er ekki að undra að rannsóknir á stafrænu ílagi og gagni þess við máltöku séu skammt á veg komnar. Wilde og Eyckmans (2017) skoðuðu þó enskt ílag flæmskra barna í Belgíu áður en formleg enskukennsla þeirra hófst með það að markmiði að sjá hvort þau hefðu þegar öðlast þekkingu á málinu í gegnum afþreyingarefni eins og sjónvarpsþætti. Niðurstöðurnar sýndu að mikill meirihluti barnanna hafði færni sem samræmist A2 í evrópska tungumálarammanum (Evrópusambandið, e.d.). Öll börnin sögðu að enska léki eitthvert hlutverk í lífi þeirra, helst í gegnum tónlist, sjónvarpsáhorf, leikjaspilun eða tölvunotkun. Hlustun á ensku var sá þáttur sem þau lögðu mesta stund á en lítið var um lestur og tal. Það samræmist rannsóknum sem gerðar hafa verið á Íslandi, sjá kafla 2.5. Svör barnanna sýndu einnig jákvætt viðhorf til enskunnar. Yfirgnæfandi meirihluti, eða 27 af 30 þátttakendum, sagði að enska væri skemmtilegt tungumál og mörg börnin sögðust tala ensku „til gamans“ við foreldra og vini, sem tengja má við alþjóðlega stöðu enskunnar. Látum þá lokið þessum undirkafla um ílag og skoðum viðhorf til tungumála og kenningar því tengdar.

3.4 Viðhorf til tungumála

Thomason (2001, bls. 77) telur að viðhorf séu einn mikilvægasti áhrifaþáttur í málsambýli tveggja tungumála. Þau geta skipt sköpum þegar kemur að málbreytingum í málsambýli, annað hvort verið fyrirstaða þeirra eða sá þáttur sem hvetur til þeirra. En hvað eru viðhorf nákvæmlega og hvernig koma þau fram?

Garrett (2010, bls. 19) segir að ýmsar skilgreiningar séu til á viðhorfshugtakinu. Það hefur löngum verið þekkt í atferlisfræðum en er tiltölulega nýtt innan þeirrar nýlegu greinar sem félagsmálvísindi eru. Oppenheim (1982, bls. 39) hefur skilgreint viðhorf sem lærða tilhneigingu til að hugsa, finna og haga sér gagnvart annarri manneskju eða hlut. Viðhorf búa í brjósti hvernar manneskju og eru látin í ljós beint eða óbeint með staðalmyndum, hugmyndum, viðbrögðum, skoðunum eða tilfinningum eins og reiði eða ánægju o.fl. Það er ekki hægt að rannsaka viðhorf annarra með beinum hætti og því þarf að draga ályktanir um þau út frá þeim birtingarmyndum sem voru nefndar hér að ofan.

Garrett (2010, bls. 22) telur að viðhorf sé lærd tilhneiging frekar en meðfædd. Á bak við lærd viðhorf ungs fólks standa mótunaraðilar en Garrett (2002) bendir á að þeir komi úr öllum áttum. Það eru foreldrar, skólar, bókmenntir og fjölmiðlar. Það fyrstnefnda telur hann að hafi líklega mest áhrif á mótun viðhorfa og að þau viðhaldist. Pearson (2007) telur einnig að viðhorf fjölskyldu og vina skipti miklu máli þegar kemur að viðhorfum til tungumála. Sé viðhorfið jákvætt getur það aukið gildi tungumálsins í augum unglingsins og öfugt sé viðhorfið neikvætt. Þá er hætta á því að það dragi úr gildi tungumálsins sem leiðir til þess að áhuginn verður minni, sem og notkunin og loks dragi úr hæfninni í viðkomandi máli. Viðhorf nánustu fjölskylda og vina geta því, samkvæmt Pearson, haft afdrifarík áhrif á þróun tungumála.

Garrett (2010, bls. 23) telur að viðhorf séu af þrennun toga: hugræn, tilfinningaleg og hegðunartengd. Viðhorf eru hugræn að því leyti að þau innihalda hugmyndir okkar um heiminn, t.d. hvernig við mótum okkur skoðun á tilteknum þjóðfélagshóp. Viðhorf eru tilfinningaleg að því leyti að þau innihalda tilfinningar um það sem viðkemur viðhorfunum. Þessi þáttur virkar eins og mælikvarði á það sem okkur líkar við og öfugt. Þetta kemur fram í því þegar við erum nokkuð ósammála einhverju eða alls ekki sammála, þá spila tilfinningarnar inn í. Viðhorf eru svo hegðunartengd að því leyti að við bregðumst við á tiltekinn hátt, oft í tengslum við hugrænar og tilfinningalegar skoðanir okkar.

Málviðhorf og þær hugmyndir sem við höfum fyrirfram um annað mál hefur áhrif á það hvernig við skynjum mál annarra. Aldur, kyn og jafnvel klæðnaður getur haft áhrif á hugmyndir okkar um hvernig viðmælandinn muni hljóma (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 61). Oftar en ekki hafa unglingar á sér það orðspor að þeir tali hratt og kannski óskýrt og noti gjarnan mikið af slettum. Það er ef til vill það sem við búumst við að heyra þegar við eigum í samræðum við unglunga.

Til að rannsaka viðhorf og þær hugmyndir sem við höfum um mál fólks hefur meðal annars verið notast við grímupróf sem rannsóknaraðferð til að komast að því hvernig fólk bregst við ólíkum málum og einkum mismunandi framburði. Þessari aðferð er ætlað að mæla dulin viðhorf þar sem þátttakendur eru beðnir um að meta hljóðbút þar sem tvítýngt fólk talar fyrst annað tungumálið eða mállýskuna og síðan hitt málið/mállýskuna í svipuðum aðstæðum. Þátttakendur eru beðnir að meta framburðinn út frá ákveðnum gildum, eins og gáfum, vinsemd, áreiðanleika, forystu, metnaði o.fl. Eini munurinn á hljóðupptökunum er tungumálið/mállýskan þar sem sama manneskja talar í báðum upptökunum. Með þessari aðferð koma í ljós félagslegar staðalmyndir. Í einni slíkri rannsókn voru Kanadabúar fengnir til þátttöku þar sem skoða átti viðhorf þeirra til ensku annars vegar og frönsku hins vegar. Þátttakendur komu úr tveimur ólíkum áttum, ensk-kanadískir eða fransk-kanadískir. Svörin voru á sömu leið hjá báðum hópum. Enski málfhafinn var metinn gáfaðri, áreiðanlegri, vinsamlegri og fékk í heildina jákvæðari dóma en franskí málfhafinn (Lambert, 1967).

3.4.1 Málfræðilegir þættir

Ákveðnir málfræðilegir þættir geta haft áhrif á viðhorf til tungumála. Framburður hefur mikið verið rannsakaður í tengslum við viðhorf og þá sérstaklega hvaða eiginleika megi tengja við hvern framburð. Dæmi um þetta má sjá í umfjöllun um grímupróf Lamberts (1967). Aðrir málfræðilegir þættir hafa einnig verið skoðaðir en ekki í sama magni og framburður. Niðurstöður eru yfirleitt á þá leið að talið er að tungumál sem hefur flókna málfræði sé æðra öðrum málum og að fjöldi orðabóka og kennslubóka um eitthvert ákveðið mál geti gefið til kynna að viðkomandi mál sé vandaðra en önnur (Smakman, 2018, bls. 110).

Sumir telja að tungumál sé æðra öðrum málum ef gerð er ákveðin aðgreining, t.d. á föllum. Þannig þykir hindí sem talað er í Norður-Delí vera betra en málið sem talað er í indverska ríkinu Uttar Pradesh vegna þess að í því fyrrnefnda er gerður greinarmunur á fyrstu persónu eintölu og fleirtölu en í því síðarnefnda er tilhneiging til að gera ekki

greinarmun á tölunni og nota sama orðið í fyrstu persónu eintölu og fleirtölu. Þá geta tökuorð og fjöldi þeirra í málunum einnig haft mikið að segja um viðhorf og hvort tungumál þyki fallett (Smakman, 2018, bls. 110-111).

3.4.2 Félagslegir þættir

Félagslegir þættir sem geta haft áhrif á viðhorf til tungumála eru fagurfræði, staðalmyndir um hópa fólks og virðing. Fagurfræði getur haft áhrif á viðhorf til tungumála, t.d. hvaða mállýska eða tungumál þykir fallegra en annað eða hefur meira aðdráttarafl. Sem dæmi má nefna ítölsku og frönsku sem gjarnan eru metin sem falleg tungumál (Smakman, 2018, bls. 112). Formlegt og óformlegt mál getur einnig vakið upp ólík viðhorf en Levin, Giles og Garrett (1994) rannsökuðu með grímuprófi annars vegar viðhorf til latínuskotinnar ensku og hins vegar germanskrar ensku þar sem sú fyrrnefnda þykir vera formlegri (sjá nánar hjá Levin og Novak, 1991). Þátttakendur heyrðu tvenns konar samræður. Aðrar byggðust upp á latínuskotnum enskum orðum og hinar á germönskum enskum orðum. Þeir mátu síðan samræðurnar. Þeir sem töluðu latínuskotna ensku þóttu nota vandaðri (e. fancy) og lengri orð en þeir sem töluðu germönsku enskuna. Samræður á því síðarnefnda voru metnar með einfaldari málfræði og talmálslegri. Málhafarnir sem töluðu latínuskotnu enskuna þóttu gáfaðri, áhrifameiri, formlegri og metnaðarfyllri en þeir sem töluðu germönsku enskuna þóttu gamaldags, einlægari, áreiðanlegri og skilningsríkari.

Almennar staðalmyndir um hópa fólks geta haft áhrif á viðhorf til tungumála þessara hópa. Staðalmyndir af þessu tagi geta verið langvarandi og oft er erfitt að breyta þeim (Smakman, 2018, bls. 112). Ladegaard (1998) rannsakaði tengsl staðalmynda og enskra máltilbrigða hjá Dönun. Viðhorf til tilbrigðanna voru oftast en ekki í samræmi við þá staðalmynd sem fylgir málhöfum þessara tilbrigða, t.d. var ástralskur málhafi sem þátttakendur voru látnir hlusta á metinn afslappaður en það samræmist þeirri staðalmynd sem margir hafa af Áströllum.

Tiltekin beiting tungumálsins getur verið ávísun á virðingu samkvæmt kenningum Bourdieu (2006) um félagslegt auðmagn. Hann telur að tungumál séu meira en bara samskiptatæki. Þannig geti einstaklingur öðlast völd í félagslegu umhverfi sínu með því einu að tala það mál sem honum er tamt í gegnum máluppeldi sitt að því gefnu að það samræmist kröfum viðkomandi málvettvangs. Það sem skiptir máli í þessu samhengi er ekki bara að málið samræmist málstaðlinum heldur einnig að það sé félagslega samþykkt, þ.e. rétt mál við réttar málaðstæður. Þeir sem uppfylla þessi skilyrði geta með því öðlast bæði völd og virðingu annarra málhafa. Þeir sem ekki ná að uppfylla þessi skilyrði og eru

meðvitaðir um það og finna fyrir óöryggi, hneigjast stundum til ofvöndunar, samkvæmt Bourdieu.

Bourdieu tengir málfarslegan auð við stéttaskiptingu. Þeir sem eiga mikið auðmagn, eða eru vel efnaðir, eru því líklegri til að vera einnig ríkir af félagslegu auðmagni, þ.e. tala rétt mál við réttar aðstæður. Sá sem er ríkur af slíku auðmagni notar til að mynda ekki talsmálskennd orð eða jafnvel slettur í ritmáli, heldur formlegt mál sem er við hæfi við þess konar málaðstæður. Þessir einstaklingar hafa öðlast auðmagnið í uppeldinu, þ.e. alist upp við formlegt málfar og fengið máláreiti sem kemur sér vel við þessar aðstæður. Eins og áður sagði nota þessir einstaklingar það mál sem er þeim eðlislægt og það getur fært þeim virðingu án fyrirhafnar. Þeir sem hafa aftur á móti ekki öðlast þennan auð og sækjast eftir því geta hneigst til ofvöndunar, en Bourdieu telur að sú stétt sem líklegust væri til ofvöndunar væri millistéttin sem gæti ekki fyllilega samsamað sig hæstu stéttinni þar sem mestan auð er að finna.

3.4.3 Einstaklingsþættir

Einstaklingsþættir sem geta haft áhrif á viðhorf til tungumála eru reynsla og kunnugleiki (e. *intelligibility*). Reynsla af kynnum einstaklings með ákveðna mállýsku getur haft áhrif á viðhorf til annarra með sömu mállýsku. Það getur verið um að ræða ættingja eða vini sem tala ákveðið máltilbrigði eða jafnvel frægt fólk, eins og stjórnálamenn og sjónvarpsfólk. Pólski málfræðingurinn Jan Miodek sem hélt úti sjónvarpsþætti í heimalandinu er til að mynda mjög virtur, bæði sem persóna sem og skoðanir hans á tungumálum. Litið er á hann sem málfyrirmynd og viðhorfið til mállýskunnar er jákvætt sökum frægðar hans (Smakman, 2018, bls. 112).

Kunnugleiki getur skipt miklu máli þegar kemur að viðhorfum. Þekking á tungumáli getur haft þau áhrif að matið á því tungumáli er betra og viljinn meiri til að skilja tungumálið enn frekar (Smakman, 2018, bls. 113). Van Bezooijen (1994) sá til dæmis tengsl milli hollenskra mállýskna og jákvæðs mats. Þær mállýskur sem voru best metnar voru þær sem málhafar þekktu mest til.

3.5 Samantekt

Í þessum kafla hafa helstu hugtök verið skilgreind, eins og málsnið, málstýring og málstaðall. Málsnið er mismunandi eftir málaðstæðum sem fer eftir viðmælanda, tilgangi og efni (Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson og Höskuldur Þráinsson, 1988, bls. 43). Mál er metið „gott“ ef það hæfir málsniði og „vont“ ef það gerir

það ekki. Þá er oft talað um að „rétt“ mál samræmist málvenju en „rangt“ ef það samræmist engri málvenju. Þetta tengist málstýringu sem er afskipti af formi tungumálsins. Þegar mál er leiðrétt er leitast við að það samræmist íslenskum málstaðli sem er að nokkru leyti byggður á forníslensku (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 63-54, 69, 176, 189; Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson og Höskuldur Þráinsson, 1988, bls. 43). Bilið á milli staðalsins og hins daglega máls eykst þó sífellt meira og búast má við að færri tileinki sér málstaðalinn (Eiríkur Rögnvaldsson, 2015). Þá voru tvö viðhorf til ílags kynnt, annars vegar viðhorf erfðasinna og hins vegar þeirra sem aðhyllast hið andstæða. Fyrirnefndi hópurinn telur að hlutur ílags í máltökunni sé minni háttar en sá síðarnefndi telur að ílag skipti miklu máli í máltökunni (Gathercole og Hoff, 2009, bls. 109-110). Rannsóknir á því sviði sem fjallað var um í þessum kafla sýna að ílag er mikilvægt í máltökunni (Huttenlocher, 1998; Pearson, 2007). Einnig var fjallað um hið nýlega hugtak, stafrænt ílag og hvernig það skiptir máli þegar kemur að aukinni enskunotkun.

Loks var rætt um viðhorf, hvað þau eru, hvernig þau mótast og hvaðan þau koma en það getur verið áhrifaþáttur í málsambýli tveggja tungumála. Viðhorf fjölskyldu og vina eru talin sérstaklega mikilvæg. Sé viðhorfið jákvætt getur það aukið gildi tungumálsins en öfugt sé það neikvætt (Thomason, 2001, bls. 77; Garrett, 2002). Þær hugmyndir sem við höfum fyrirfram um annað mál hefur áhrif á það hvernig við skynjum málið (Ari Páll Kristinsson, 2017, bls. 61). Þeim þáttum sem geta haft áhrif á viðhorf má skipta í þrennt: málfræðilegir, félagslegir og einstaklingsbundnir þættir (Smakman, 2018, bls. 111-113). Í næsta kafla er fjallað um rannsóknarverkefnið sem þessi ritgerð byggir á og þær tvær meginrannsóknaraðferðir sem notaðar eru í verkefninu, vefkönnun og viðtöl við hluta þátttakenda úr vefkönnuninni

4 SMS-öndvegisverkefnið og niðurstöður vefkönnunar

Rannsóknarverkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (e. *Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact*) er öndvegisrannsókn styrkt af Rannsóknarsjóði Íslands. Verkefnisstjórar eru Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. Markmið verkefnisins er að kanna stöðu íslensku á tímum mikilla samfélags- og tæknibreytinga með tilliti til hugsanlegra áhrifa ensku, einkum í gegnum stafræna miðla. Sérstök áhersla er lögð á fjögur atriði: mállegt ílag málnotenda, viðhorf, orðaforða og málnotkun og málkunnáttu, þ.e. mat þeirra á ýmsum málfræðilegum atriðum.

Vefkönnun var send út með aðstoð Félagsvísindastofnunar HÍ til 5.000 manna lagskipts handahófskennds úrtaks úr þjóðskrá. Þátttakendum var skipt í 11 aldurshópa. Yngstu þátttakendurnir voru 3 ára og elsti þátttakandinn 98 ára. Á þessum 5.000 þátttakendum voru 1.500 yngri en 13 ára en sérstaklega áhersla var lögð á að ná til barna. Könnuninni var skipt í tvö hluta, annars vegar barnakönnun fyrir 12 ára og yngri og hins vegar fullorðinskönnun fyrir 13 ára og eldri. Samdar voru fjórar mismunandi kannanir fyrir barnahópin, í meginatriðum eins og fullorðinskönnunin en þó einfaldari og þeim mun einfaldari fyrir yngri börnin (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018).

Í framhaldi af vefkönnuninni var valið 250 manna úrtak úr hópi þeirra sem svöruðu vefkönnuninni og þau boðuð í frekari viðtöl. Fyrir þátttakendur 10 ára og eldri voru tekin tvö tveggja tíma viðtöl og þrjú klukkutíma viðtöl við þátttakendur á aldrinum 3-9 ára (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018). Niðurstöðurnar sem þessi ritgerð er byggð á koma úr viðtölunum sem unnin voru innan öndvegisverkefnisins og einskorðast við 48 unglunga sem fæddir eru á árunum 2001-2004, en þeir voru á aldrinum 13-16 ára þegar viðtölin voru tekin. Spurningarnar eru flokkaðar í þrennt: viðhorfsspurningar, spurningar um tungumálanotkun og spurningar um sjálfsmynd út frá tungumálakunnáttu. Allar spurningarnar sem notaðar eru í ritgerðinni voru samdar af þeim hópi fræðimanna og nemenda sem vinnur innan öndvegisverkefnisins. Sjö spurningar fjalla um viðhorf og þrjár um tungumálanotkun sem jafnframt geta endurspeglað viðhorf. Í heildina voru því 10 spurningar teknar fyrir og notaðar í þessari rannsókn, auk nokkurra leiðandi undirspurninga sem hafa það að markmiði að fá frekari útskýringar eða spyrja nánar út í efni spurningarinnar. Spurningarnar úr viðtölunum sem notaðar eru í ritgerðinni má sjá í (2):

(2)

- a. Hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í íslensku?
 - Merkir þetta í þínum huga það að eiga gott með að tjá sig?
 - Merkir þetta í þínum huga það að tala rétt mál?
- b. Hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í ensku?
 - Merkir þetta í þínum huga það að eiga gott með að tjá sig?
 - Merkir þetta í þínum huga það að tala rétt mál?
- c. Finnst þér þú tala góða íslensku?
- d. Finnst þér þú tala góða ensku?
- e. Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?
 - Finnst þér þú græða eitthvað á því?
- f. Finnst þér mikilvægt að tala góða ensku?
 - Finnst þér þú græða eitthvað á því?
 - Finnst þér framburður skipta máli?
- g. Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst mikilvægt að vera góður í íslensku?
- h. Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst mikilvægt að vera góður í ensku?
- i. Finnst þér þú hafa fengið mállegt uppeldi?
 - Hvað finnst þér felast í mállegu uppeldi?
- j. Þarftu stundum að nota ensku í daglegu lífi á Íslandi?
 - Hvað finnst þér um það?

Eins og sjá má eru nokkrar spurningarnar pör þar sem hvert þar endurspeglar annars vegar viðhorf til íslensku og hins vegar viðhorf til ensku. Þannig er hægt að bera saman svör við hverri spurningu þar sem önnur á við íslensku og hin ensku. Vonast er til að með þessu sé hægt að komast að því hvort viðhorf til ensku sé jákvæðara en viðhorf til íslensku eða öfugt eða jafnvel að viðhorf til beggja tungumála séu svipuð. Þessar spurningar bera þó ekki einungis saman viðhorf til tungumálanna tveggja, heldur varpa þær einnig ljósi á hvort tungumál fyrir sig.

Viðtölin eru hálfskipulögð (e. *semi-structured*) en sú rannsóknaraðferð býður upp á opna umræðu en fylgir samt sem áður ákveðinni uppbyggingu sem í þessu tilfalli eru spurningarnar hér að ofan (Esterberg, 2002, bls. 87). Viðtölin koma í kjölfar vefkönnunarinnar sem inniheldur staðhæfingar með svokallaðan likert-skala og er

markmið hans að mæla viðhorf til þess sem staðhæft er með fimm punkta skala sem nær frá vinstri til hægri með eftirfarandi gildum: „mjög ósammála“, „frekar ósammála“, „hlutlaus“, „frekar sammála“ og „mjög sammála“ (Bryman, 2016, bls. 154). Þar sem vefkönnunin býður einungis upp á að viðhorf séu tjáð með því að merkja við gildi á skala fæst einungis yfirlit um viðhorf þátttakenda en það er hægt að fá betri innsýn með viðtölunum þar sem þeir fá tækifæri til að útskýra nánar viðhorf sín. Með þessari aðferðafræði er leitast við að varpa betra ljósi á viðhorf unglunga til íslensku og ensku og að fá skýrari hugmyndir um skoðanir þeirra. Áður en niðurstöður viðtalanna verða skoðaðar er rétt að líta á niðurstöður vefkönnunarinnar.

Í vefkönnuninni voru nokkrar viðhorfsstaðhæfingar sem tengjast spurningunum í viðtölunum sem verða skoðaðar í 5. kafla. Þær eru eftirfarandi:

(3)


- a. Það er mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku
- b. Það er mikilvægt að vera góð(ur) í ensku
- c. Mér finnst ég vera góð(ur) í íslensku
- d. Mér finnst ég vera góð(ur) í ensku
- e. Það skiptir mig máli að ég tali góða íslensku
- f. Það skiptir mig máli að ég tali góða ensku
- g. Ég er oft í aðstæðum þar sem mikilvægt er að vera góð(ur) í íslensku
- h. Ég er oft í aðstæðum þar sem mikilvægt er að vera góð(ur) í ensku
- i. Góð íslenskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi
- j. Góð enskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi

Hér er um að ræða fimm staðhæfingapör sem svipa til spurninganna í viðtölunum þar sem annars vegar er verið að skoða íslensku og hins vegar ensku. Þátttakendum í vefkönnuninni var skipt niður í sjö aldurshópa: 13 til 15 ára, 16 til 20 ára, 21 til 30 ára, 31 til 40 ára, 41 til 50 ára, 51 til 60 ára og eldri en 60 ára. Vefkönnunin var send út ári áður en viðtölin voru tekin upp og þá var enginn þátttakandi búinn að ná 16 ára aldri. Þess vegna er sá aldurshópur undanskilinn í þessari umfjöllun sem miðast aðallega við 13-15 ára unglunga. Fjöldi þátttakenda í þessum aldurshópi er 105.

Fyrstu staðhæfingunni í vefkönnuninni „það er mikilvægt að vera góður í íslensku“ eru 84% 13-15 ára frekar eða mjög sammála. Þetta er lægsta hlutfallið af öllum aldurshópunum. Við sömu staðhæfingu um ensku eru 90% sama aldurshóps frekar eða


mjög sammála en það er næstlægsta hlutfallið af öllum aldurshópum, einungis sá elsti er með lægra hlutfall. Eins og sjá nánar á mynd 1 er lítil munur á svörum til íslensku og ensku. Enska er mikilvægari að mati fjögurra yngstu aldurshópanna en öfugt hjá þremur elstu, sem telja íslensku mikilvægari.

Staðhæfingunni „mér finnst ég vera góður í íslensku“ eru 80% 13-15 ára frekar eða




Mynd 1. Það er mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku/ensku

mjög sammála og er það aftur lægsta hlutfallið af öllum aldurshópum. Næstelsti aldurshópurinn hefur hæsta hlutfall jákvæðra svara við þessari staðhæfingu og þar á eftir elsti aldurshópurinn og 21-30 ára. Sömu staðhæfingu um ensku eru 84% meðal yngsta aldurshópsins frekar eða mjög sammála sem er næsthæsta hlutfallið af öllum aldurshópunum. Eins og sjá má á mynd 2 er aldurshópurinn 16 til 20 ára með hæsta hlutfall jákvæðra svara til ensku en fer minnkandi eftir það. Mikill munur er því á yngri hópunum og þeim eldri og meiri munur innan aldurshópanna hjá þeim síðarnefndu.




Mynd 2. Mér finnst ég vera góð(ur) í íslensku/ensku

Staðhæfingunni „það skiptir mig máli að ég tali góða íslensku“ eru 78% meðal yngsta aldurshópsins frekar eða mjög sammála sem er lægsta hlutfallið af aldurshópunum. Sá aldurshópur sem er næstlægstur eru 16-20 ára en 88% eru frekar eða mjög sammála. Það má því sjá nokkurn mun á hlutfalli jákvæðra svara en yngsti aldurshópurinn er með áberandi lægsta hlutfallið. Það fer vaxandi eftir hækkandi aldri og nær hámarki hjá aldurshópnum 51-60 ára sem er með hæsta hlutfall jákvæðra svara. Við sömu staðhæfingu um ensku eru 85% frekar eða mjög sammála sem er nokkuð í samræmi við það sem hinir aldurshóparnir svara, að undanskildum tveimur elstu hópunum. Þar má einnig sjá mesta innbyrðis muninn sem er mestur hjá 60 ára og eldri en hlutfall jákvæðra svara til ensku er helmingi lægra en til íslensku hjá þessum hópi. Sjá nánar á mynd 3.




Mynd 3. Það skiptir mig máli að ég tali góða íslensku/ensku.

59% 13-15 ára eru frekar eða mjög sammála því að þau séu oft í aðstæðum þar sem mikilvægt er að vera góð(ur) í íslensku. Það er aftur lægsta hlutfallið af öllum aldurshópunum en elstu þrír eru með hæsta hlutfallið. Við sömu staðhæfingu um ensku svara 64% 13-15 ára að þeir séu frekar eða mjög sammála en það er næstlægsta hlutfallið. Einungis elsti aldurshópurinn, eldri en 60 ára, er með lægra hlutfall jákvæðra svara. Það er tvennt athyglisvert við þessa staðhæfingu. Annars vegar eru almennt lægri hlutföll jákvæðra svara við þessari staðhæfingu en við staðhæfingapörum 1, 2 og 3 og hins vegar benda svör 13-15 ára til þess að þau séu oftari í aðstæðum þar sem mikilvægt er að vera góður í ensku, heldur en þar sem er mikilvægt að vera góður í íslensku, þrátt fyrir að þau búi á Íslandi. Sjá nánar á mynd 4.



Mynd 4. Ég er oft í aðstæðum þar sem er mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku/ensku.

Síðustu staðhæfingunni „góð íslenskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi“ svara 75% að þeir séu frekar eða mjög sammála. Þetta er eina staðhæfingin sem varðar íslensku þar sem þessi aldurshópur er ekki með lægsta hlutfall jákvæðra svara af öllum aldurshópum. Sá aldurshópur sem er með lægsta hlutfall jákvæðra svara er hópurinn 21 til 30 ára með 71% og þar á eftir 16 til 20 ára með 73%. Við sömu staðhæfingu um ensku eru 70% frekar eða mjög sammála því að góð enskukunnátta sé mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi. Það er lægsta hlutfall jákvæðra svara í samanburði við hina aldurshópuna og eina tilfellið þar sem aldurshópurinn 13-15 ára er með lægra hlutfall jákvæðra svara til ensku en sá elsti, eldri en 60 ára. Þetta er einnig eina staðhæfingin þar sem viðhorf til íslensku er jákvæðara en til ensku hjá aldurshópnum 13-15 ára. Sjá nánar á mynd 5.



Mynd 5. Góð íslenskukunnátta/enskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi.

Ef borinn er almennt saman mismunur jákvæðra svara til íslensku annars vegar og ensku hins vegar á myndunum hér að framan má sjá að það er lítil munur. Munurinn á hlutfalli jákvæðra svara er á bilinu 4-8%, þ.e. munurinn á hlutfalli jákvæðra svara við sama staðhæfingapari verður aldrei meiri en 8% og aldrei minni en 4%. Í öllum tilfellum nema einu er hlutfall jákvæðra enskusvara hærra en sömu svör við íslensku. Þrátt fyrir það hefur þessi aldurshópur ekki hæsta hlutfall jákvæðra svara til ensku af öllum aldurshópunum. Hann hefur aftur á móti yfirleitt lægsta hlutfall jákvæðra svara til íslensku. Þetta bendir til þess að þessi aldurshópur hafi neikvæðara viðhorf til íslensku en aðrir aldurshópar og það er ákveðið áhyggjuefni. Hins vegar er þetta ekki sá aldurshópur sem hefur jákvæðasta viðhorfið til ensku og það gæti komið einhverjum á óvart í ljósi umræðu um enskunotkun barna og unglinga.

Flestir eru sammála því að það sé mikilvægt að vera góður í íslensku og ensku (sjá mynd 1) og lítil munur er á milli mála sem og aldurshópa. Þátttakendur meta flestir íslenskufærni sína góða en þar hafa þeir sem eldri eru hærra hlutfall (sjá mynd 2). Meiri breytileiki er í svörum til ensku þar sem yngstu aldurshóparnir tveir eru jákvæðastir en þaðan fer hlutfallið niður á við. Elstu aldurshóparnir tveir hafa við öllum staðhæfingum hærra hlutfall jákvæðra svara til íslensku en ensku sem er öfugt við yngri aldurshópana sem eru yfirleitt með hærra hlut jákvæðra svara til ensku. Innbyrðis munur er þó minni hjá þessum aldurshópum en þeim eldri. Það skiptir þá sem yngri eru jafnmiklu máli að tala góða íslensku og ensku en þeir sem eldri eru telja eigin íslenskufærni mikilvægari. Yngri aldurshópar eru oftast í aðstæðum sem krefjast góðrar enskufærni en íslenskufærni (sjá mynd 4) en þetta er öfugt hjá þeim sem eldri eru. Aldurshóparnir 16-20, 21-30, 31-40 og 41-50 ára telja enskukunnáttu mikilvægari en íslenskukunnáttu til að ná árangri í námi og starfi en yngsti aldurshópurinn, 13-15 ára og tveir elstu, 51-60 ára og eldri en

60 ára, telja íslenskukunnáttu mikilvægari. Það er eina tilfellið þar sem samræmi er á milli svara yngsta og elsta aldurshópsins.

Hér hafa viðhorf til íslensku og ensku verið skoðuð út frá staðhæfingapörum í vefkönnuninni. Lítum næst á niðurstöður úr viðtölunum sem veita okkur meiri upplýsingar um viðhorf unglinga til íslensku og ensku.

5 Niðurstöður og túlkanir

Eins og fram kom í kafla 4 voru tíu viðhorfsspurningar úr viðtalskönnuninni valdar til umfjöllunar í þessari ritgerð. Fjallað verður um þær í kafla 5.1 og viðeigandi undirköflum. Í lok umfjöllunarinnar verða niðurstöður viðtalsspurninganna teknar saman. Að því loknu verða skoðuð áhrif jákvæðs viðhorfs til ensku á viðhorf til íslensku og áhrif enskuílags á viðhorf til íslensku og ensku, til viðbótar við stutta umfjöllun um neikvæð viðhorf þátttakenda til eigin tungumálafærni. En byrjum á viðhorfsspurningunum.

5.1 Viðhorfsspurningar

Viðhorfsspurningarnar tíu koma hér í þeirri röð sem þær birtust í (2) í 4. kafla. Við hverri spurningu verða tekin saman þemu sem greina mátti í svörum þátttakenda og þau sett upp í töflu. Við lokuðum spurningum sem bjóða upp á já/nei svör eru ekki þemu heldur eru svörin flokkuð sem já, nei eða já með hiki. Yfirleitt fylgja þessum svörum þó einhvers konar þemu, þ.e. nánari útskýring á svarinu. Til að mynda getur verið að þátttakendur meti íslenskukunnáttu sína góða, svari sem sagt já, og útskýri hvers vegna þeim finnst svo, t.d. vegna þess að þeir eru góðir í málfræði og þá er málfræði flokkað sem þema. Þegar spurningarnar eru opnar eru einungis töflur með þemum. Einn þátttakandi getur valið fleiri en eitt þema, þar sem nokkuð var um að fleiri en eitt þema kæmi við sögu í svörum þeirra. Við flokkun þemanna var stuðst við þemagreiningu Lilju Bjarkar Stefánsdóttur (2018b).

Eins og áður sagði eru þátttakendur viðtalshluta SMS-rannsóknarverkefnisins á aldrinum 13-16 ára 48. Svör þessara þátttakenda eru notuð við greiningu viðhorfanna í þessum kafla. Þeir eru fæddir á árunum 2001-2004 og voru því 13-16 ára þegar viðtölin voru tekin. Nokkuð jöfn dreifing er á aldri þátttakenda. Þannig eru 10 fæddir árið 2001, 15 árið 2002, 11 árið 2003 og 12 árið 2004. Þátttakendurnir hafa allir íslensku að móðurmáli.

Misjafnt er hvernig niðurstöður eru settar fram, þ.e. hversu margar töflur fylgja hverri spurningu. Ef um er að ræða opna spurningu getur ein tafla átt við en fleiri ef um er að ræða lokaða spurningu, þar sem ein tafla getur verið fyrir já/nei svör og önnur fyrir ástæður fyrir svari þátttakenda. Þegar um er að ræða spurningapar eins og á við um fyrstu átta spurningarnar verður hvert par borið saman í lok umfjöllunar um seinna parið, þ.e. annars vegar spurningin sem á við íslensku og hins vegar sú sem á við ensku. Þar að auki verða nokkur brot út viðtölunum birt, dæmigerð brot eða bútar úr viðtölum

sem þóttu athyglisverðir. Í viðtalsbrotunum stendur *R* fyrir rannsakanda og *V* fyrir viðmælanda.

5.1.1 Hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í íslensku?

Hér fá þátttakendur færi á að segja hvað þeim þyki skilgreina einhvern sem er góður í íslensku. Oftast er einnig spurt í viðtölunum hvort þetta merki í þeirra huga að eiga gott með að tjá sig eða tala rétt mál. Það eru þó einhverjir sem nefna það að fyrra bragði að þeim finnist tjáning eða rétt mál mikilvæg í þessu samhengi. Það eru þau þemu sem flestir nefna, rétt mál velja flestir og þar á eftir tjáningu. Hvert þema verður skoðað nánar hér á eftir og skilgreint hvað býr að baki þess.

Tafla 1. Hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í íslensku?

Þema	Fjöldi
Rétt mál	33
Tjáning	26
Góður orðaforði	11
Góð/ur í íslensku í skóla	5
Hreintunguviðhorf	5
Góður framburður	3
Góður skilningur	2
Lesskilningur	1

Undir rétt mál flokkast aðallega góð málfræðikunnátta og það atriði nefna flestir. Nokkrir útskýra nánar að þeim finnist góður málhafi í íslensku t.d. kunna málfræðireglurnar og geta beitt þeim í ræðu, ruglast ekki á fallbeygingu, kunna rétta setningaskipan og almennt að geta beitt málinu á viðurkenndan hátt. Það var einnig áberandi í bókarkafli Ásgríms Angantýssonar, Finns Friðrikssonar og Sigurðar Konráðssonar (2018) að þátttakendur nefndu mikilvægi þess að tala rétt mál.

(4) R: Mhm, hvað finnst þér felast í því að vera góður í íslensku?

V: Bara að svona aðallega að vera þú veist kunna að skrifa rétt og rétt orðaröð líka.

R: Hvaða skilning leggurðu í það þegar sagt er að einhver sé góður í íslensku?

V: Mmm hann talar góða íslensku (mhm)

R: T.d. merkir þetta í þínum huga að eiga gott með að tjá sig á íslensku?

V: Ekkert endilega sko (ekkert endilega). Bara að segja orðin rétt þú veist.

R: Að hvað segirðu?

V: Að bara vera ekki að ruglast á fallbeygingu og allt þannig þegar þú talar.
R: Ok ok. En hérna já þú myndir s.s. segja eða hvað að að hérna að þetta s.s. ef þú ert góður í íslensku þú merkir það að þú talir rétt mál?
V: Já.

Í (4) má sjá tvö dæmi þar sem þátttakandi talar um mikilvægi rétt máls en það kom einmitt oft fram í viðtölunum. Annar nefnir mikilvægi þess að nota rétta setningafræði og gott ritmál en hinn nefnir rétta fallbeygingu og rétt talmál. Nokkrir nefna að það sé mikilvægt að tala rétt og gott mál en stafsetningin sé ekki endilega aðalatriði.

(5) R: Já. Hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í íslensku?
V: Bara, með allt á hreinu þú veist, hvernig þú, þú veist, eða þú veist hvernig þú talar og segir röðina rétt, eða þú veist orðin rétt (mhm) og þú veist að vera góður í íslensku það þýðir ekkert eitthvað að þú þurfir eitthvað að vera bara með tíu í stafsetningu sko (mhm). Bara... að tala rétt.

Í (5) má sjá dæmi um þátttakanda sem telur stafsetningu ekki skipta mestu máli, heldur frekar tjáningu og rétta setningafræði. Hvað varðar málsnið finnst flestum mikilvægara að talmálið sé rétt, þ.e. segja að það sé mikilvægt að *tala rétt*, í stað þess að segja *nota málið rétt* en þó er möguleiki á því að þátttakendur eigi við bæði talmál og ritmál en taki svona til orða. Það eru ekki alveg allir á þeirri skoðun að það sé mikilvægara að talmálið sé rétt heldur nefnir einn þátttakandi sérstaklega að það skipti ekki höfuðmáli að tala rétt mál, eins og sjá má í (6).

(6) R: Hvaða skilning leggur þú í það þegar það er sagt að einhver sé góður í íslensku? Hvað finnst þér það merkja?
V: Umm, kann að beita því bara. Þannig að hann geti lýst einhverju mjög flóknu og hinn aðilinn skilji það (ókei) ég veit ekki alveg, jújú.
R: Þannig að ef einhver er góður í íslensku þá getur hann þetta?
V: Já.
R: En að tala rétt mál?
V: Það getur skipt svolítið miklu máli en ekki endilega alltaf (ókei) en til þess að minnka misskilning þá kannski, það er aðallega það.

Þessum þátttakanda finnst það ekki alltaf mikilvægt að tala rétt mál heldur finnst honum mikilvægast að hafa mikinn orðaforða og góðan skilning á flóknum orðum til að viðkomandi geti komið flóknum hugtökum skýrt og greinilega til skila. Fleiri eru á sama máli en alls nefna 11 þátttakendur að góður orðaforði skilgreini manneskju sem er góð í íslensku. Í (7) má sjá dæmi úr viðtali þar sem þátttakandi talar um orðaforða sem inniheldur gömul og flókin orð.

(7) R: Hvað finnst þér það þýða?

V: Að einhver sé góður í íslensku? (já) Bara að hann getur talað hana flott og skilur bara flest orð, (mhm) svona flókin og gömul orð. Þá held ég að hann sé góður í íslensku.

Margir voru sammála því þegar rannsakandinn spurði hvort góður málhafi ætti auðvelt með að tjá sig. Það voru færri sem nefndu það að fyrra bragði en það var yfirleitt ekki útskýrt nánar hvað fælist í því að eiga auðvelt með að tjá sig.

Rannsakandi spurði einnig hvort góður málhafi talaði rétt mál og allflestir tóku undir það enda var rétt mál það þema sem flestir töluðu um. Hins vegar vakti það athygli að einn þátttakandi var ekki sammála því að það skipti máli að tala rétt mál.

(8) V: Bara að sá einstaklingur kann góða, kann að tala íslensku (mhm), kann að tala hana líka og kann að tala hana bara rétt, segir ekki vitlausa orðin fyrir já þú veist bara segir talar bara venjulega góða íslensku þannig að aðrir Íslendingar skilji hann R: þannig að þeir skilji hann ok. Og finnst þér það skipta máli að tala rétt mál?
V: Ö nei ég sjálfur tala oft ekki rétta íslensku (nei) svo mér finnst mjög þirrandi þegar fólk leiðréttir mig svo (einmitt) mér er alveg sama um það

Þessi þátttakandi sem um ræðir í (8) er þreyttur á því að vera oft leiðréttur en finnst góður málhafi í íslensku vera sá sem kann góða íslensku, talar hana rétt og notar ekki „vitlaus“ orð. Hann nefnir sem viðmið venjulega íslensku sem aðrir skilja. Það má túlka „venjulega íslensku“ sem svo að þar séu ekki flókin orð til dæmis. Það er ákveðið ósamræmi í því sem hann segir. Honum finnst rétt mál ekki skipta máli en byrjar svarið þó á því að segja að góður málhafi kunni að tala góða íslensku og tali hana rétt. Mögulega er þetta skoðun hans um málhafa yfirhöfuð en þegar spurt er nánar, sér hann sjálfan sig í svarinu og breytir því örlítið.

Fimm þátttakendur töluðu um að sá sem væri góður í íslensku væri góður í íslensku í skólanum og var þá sérstaklega minnst á einkunnir, eins og til dæmis þátttakandinn í (9).

(9) R: Ö, hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í íslensku?

V: Hvaða skilning?

R: Já, bara svona hvað finnst þér um það eða hvað hugsarðu þegar þú heyrir það?

V: Ég hugsa yfirleitt bara að hann fái góðar einkunnir í íslensku í skólanum (já).

Annar þátttakandi talar um að sá sem er góður í íslensku fái B+ eða hærra í íslenskuprófi. Þetta tengist kenningum Bourdieu (2006) um félagslegt auðmagn, þ.e. að viðurkennd málnotkun færi einhvers konar virðingu. Hérna færir tiltekin málbeiting

virðingu með háum einkunnum. Sama sjónarmið kom einnig fram hjá þátttakendum Ásgríms Angantýssonar, Finns Friðrikssonar og Sigurðar Konráðssonar (2018), þ.e. að vald á formlegu máli leiddi til hærri einkunna.

Þau þemu sem einungis nokkrir nefndu í töflu 1 voru framburður sem þrír töluðu um, góður skilningur sem tveir nefndu og lesskilningur sem einn nefndi. Hins vegar voru fimm þátttakendur sem töluðu um að góður málnotandi í íslensku hefði ekki slettur í máli sínu og í (10) er eitt slíkt dæmi.

(10) R: Þá er það fyrsta spurningin, hvaða skilning leggur þú í sagt er að einhver sé góður í íslensku?

V: Það er þegar hann getur talað málið svona mjög skýrt og segir orðin rétt aðallega finnst mér og ekki bæta ensku inn í setningarnar sem er mjög mikið í yngri umhverfinu hef ég tekið eftir.

Þessi þátttakandi segist hafa tekið eftir mikilli ensku meðal þeirra sem yngri eru í umhverfi sínu. Það tengist vel því sem rætt var í köflum 2.4, 2.5 og 2.7 og þeim rannsóknum sem hafa verið gerðar á aukinni enskunotkun á Íslandi, sjá t.d. fyrirliggjandi niðurstöður SMS-öndvegisverkefnisins hjá Sigríði Sigurjónsdóttur og Eirík Rögnvaldsson (2018) og einnig Ara Pál Kristinsson (2017) og Eirík Rögnvaldsson (2016). Það að þátttakendum finnst að enskar slettur eigi ekki heima í málinu flokkast undir þemað hreintunguviðhorf sem sjá má í töflu 1.

Fleira athyglisvert kom fram í tengslum við enskuslettur í íslensku, eins og til dæmis í (11) þar sem viðkomandi finnst mikilvægt að geta tjáð sig á íslensku til þess að þurfa ekki að „gúggla“ ensk orð og þýða síðan yfir á íslensku.

(11) R: Ókei. Tengirðu þetta eitthvað við það að eiga gott með að tjá sig á íslensku?

V: Já, auðvitað, vita hvaða orð á að nota í staðinn fyrir að fa, fara að gúggla ensku orðin, þýða það yfir á íslensku.

Af þessu má greina að tengslin milli íslensku og ensku séu nokkuð nán og ekki einungis sé íslenskan notuð til að þýða yfir á ensku, heldur sé enskan líka notuð til að þýða yfir á íslensku fyrir þá sem eru íslenskumælandi. Í (12) er annað dæmi um tengsl tungumálanna tveggja.

(12) R: Hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í íslensku?

V: Ég tel bara mjög góðan skilning í því

R: Ókei, merkir þetta í þínum huga það að eiga gott með að tjá sig?

V: Já, af því ef þú kannt góða íslensku, það getur hjálpað þér meira en á ensku (já).

Hér má sjá þá möguleika sem þátttakandinn telur fylgja því að eiga gott með að tjá sig á íslensku, þ.e. þá er auðveldara að tjá sig á ensku. Þessu svari fylgir ekki nánari útlistun en þetta er athyglisvert dæmi samt sem áður. Það er því við hæfi að næst sé fjallað um sömu spurningu um ensku.

5.1.2 Hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í ensku?

Andstætt sömu spurningu um íslensku, þá velja flestir tjáningu og næstflestir rétt mál í tengslum við ensku. Í þetta sinn voru einnig fleiri sem nefndu tjáningu að fyrra bragði en í spurningunni á undan tóku fleiri undir það þegar rannsakandi spurði hvort þeim þætti það eiga við. Hér hafa bæst við þemun: góður framburður, gott ritmál, þýðingar og sama og í íslensku. Þemað hreintunguviðhorf er hins vegar ekki nefnt hér, enda á það einungis við um íslensku.

Tafla 2. Hvaða skilning leggur þú í það þegar sagt er að einhver sé góður í ensku?

Þema	Fjöldi
Tjáning	36
Rétt mál	26
Sama og í íslensku	12
Góður skilningur	11
Góður framburður	8
Góður orðaforði	7
Góð(ur) í ensku í skóla	4
Gott ritmál	4
Þýðingar yfir á íslensku	2
Lesskilningur	1

Þeir sem svara að það sé mikilvægt að vera góður að tjá sig skilgreina það ekki endilega nánar. Einum finnst mikilvægt að geta talað án þess að hika, annar nefnir að geta talað í heilum setningum, þ.e. ekki í stikkorðum, nokkrir segja tala rétt og aðrir nefna framburðinn. Það gætir nokkurs misræmis í svörum hvað varðar framburðinn. Sumir taka það fram að framburður skipti ekki máli en tveimur finnst hann mjög

mikilvægur til þess að hægt sé að skilgreina einhvern sem góðan í ensku. Þátttakendur eru heldur ekki sammála um hvort rétt mál tengist því að vera góður í ensku, sbr (13).

- (13) R: Ókey, hérna mjög gott. En út í smá annað, hvaða skilning leggurðu í það þegar sagt er að einhver sé góður í ensku?
V: Ehm að hann geti talað ensku svona án þess að hika og kannski kunna að beita aðeins erfiðari ensku en svona bara þetta beisikk...
R: Mhm en eins og með það sem ég spurði áðan, að eiga gott með að tjá sig. Finnst þér að einhver sem er góður í ensku þýðir það, eða þegar sagt er að einhver sé góður í ensku (V: Já.) þýðir það að hann sé góður að tjá sig á ensku?
V: Mm, já, eða þú veist maður þarf náttúrulega, ef maður er að tjá sig á ensku þá þarf maður að geta kunnað málið svolítið vel því ef maður er ekki vanur að tala ensku, eða það er ekki móðurmálið manns.
R: Já, en finnst þér þetta þýða að ef þú ert góður í ensku þá talarðu rétt, rétt mál, rétta ensku sérstaklega?
V: Mm, það fer eiginlega eftir því sko. Þú getur verið rosalega góður í ensku og skilið ensku vel en þú getur átt erfitt með að tala hana við aðra, byrjar að hika mikið en svo geturðu líka verið góður í að hafa samskipti á ensku við fólk en kannski ekki nota rosalega rétt mál.
R: Nei ókey, það, svona þú, það er aðskilið finnst þér?
V: Já.

Þessum þátttakenda finnst rétt mál ekki tengjast því að vera góður í ensku. Hann svarar því að til að vera góður í íslensku þyrfti viðkomandi að nota rétt mál svo sama skilgreiningin á ekki við um bæði málin. Hvað viðkemur ensku finnst honum mikilvægt að geta tjáð sig skýrt og greinilega og nota flóknari orð en ekki aðeins grunnorðaförða enskunnar. Öfugt sjónarmið kemur fram hjá nemenda sem telur það mikilvægt að enska sé málfræðilega rétt.

- (14) R: Öm en hvaða skilning leggurðu í það þegar sagt er að einhver sé góður í ensku?
V: Öm hann bara kann málfræðina í ensku, kann að tala ensku vel (mhm). Öm veit réttu orðin í ensku sem hann þarf að nota og bara getur þýtt ensk orð yfir í íslensku (já) og hinsegin (mhm).
R: Öm og þá sama, finnst þér það vera hluti af því að vera góður í íslen- nei í ensku að eiga gott með að tjá sig?
V: Já (mhm).
R: En rétt mál í ensku, skiptir það máli?
V: Öm ég það skiptir meira máli í m- skiptir meira máli að tala rétt mál í ensku en í íslensku út af því að ef þú talar vitlausa ensku þá getur það þýtt allt annað (einmitt) en íslensku.

Þátttakandanum í (14) þykir rétt mál í ensku vera mikilvægara en í íslensku vegna þess að annars eigi maður á hættu að vera misskilinn. Þrátt fyrir að þetta sé eina dæmið þar sem rétt enska þykir mikilvægari en rétt íslenska er um það bil helmingur þátttakenda á

þeirri skoðun að rétt mál skilgreini þann sem er góður í ensku. Það voru þó fleiri sem nefndu mikilvægi tjáningar en eins og í fyrri spurningunni spurði rannsakandinn út í það atriði og nokkur meirihluti tekur undir og nokkrir nefna það að fyrra bragði. Mikilvægi þess að hafa góðan orðaforða og geta beitt mismunandi orðum kemur líka fyrir hjá ellefu manns. Í (15) má sjá dæmi.

(15) R: Mhm, ókei. Ö, en þegar einhver segir að einhver sé góður í ensku, hvaða skilning leggurðu í það?

V: Mm, þá er hann með svona góðan framburð eða þannig, frumburð eða já, þannig (mhm) og talar góða ensku og... er ekki mikið svona, með einhverjar svona, þú veist, léleg ensk orð, frekar bara svona góð eða þannig (mhm), upprunaleg eða þannig.

Annar þátttakandi talar einnig um upprunaleg ensk orð og einnig léleg ensk orð, þ.e. að góður enskur málnotandi noti ekki mikið af lélegum enskum orðum. Hvað skilgreinir þess háttar orð var þó ekki útskýrt nánar.

Álíka margir nefna það að vera góð(ur) í ensku í skóla sem þema sem einkenni góðan enskan málnotanda en það var minni umræða í kringum það og það var yfirleitt nefnt ásamt einhverju öðru þema. Það getur mögulega tengst því sem kom fram hjá Hafdísí Ingvarsdóttur og Ásrúnu Jóhannsdóttur (2018) að unglingar greini á milli einhvers konar skólaensku og annarrar enskunotkunar þar sem sitthvort málsniðið er notað við mismunandi aðstæður. Það geti útskýrt hvers vegna færri þátttakendur minnast á skóla í tengslum við ensku en íslensku. Þau greina á milli þeirrar ensku sem þau læra í skólanum og þeirrar sem þau þekkja utan skólans, t.d. í afþreyingu en virðast frekar tengja íslensku almennt við kennslugreinina íslensku.

Eins og í fyrri spurningunni nefna nokkuð margir góðan skilning og tengja það þá við að geta haldið uppi samræðum á ensku tiltölulega áreynslulaust og án þess að þurfa að hugsa lengi áður en rétta orðið kemur upp í hugann. Þó voru margir, eða tólf þátttakendur, sem sögðu að það sama skilgreindi góðan enskan málnotanda og góðan íslenskan málnotanda, án þess að farið væri nánar út í hvað þetta þýddi nákvæmlega. Það eru samt ekki allir á þeirri skoðun að tengslin milli íslensku og ensku séu svo nánin, eins og sjá má í (16).

(16) R: Öö, en hvaða skilning leggur þú í það þegar það er sagt að einhver sé góður í ensku?

V: Bara að tala ensku með tiltölulega góðum hreimi og já, bara skrifa ensku vel og bara á auðvelt með að koma sér frá ensku (mhm).

R: Ömm, merkir þetta í þínum huga að tala rétt mál?
V: Ég skil ekki alveg hvað þú meinar.
R: Svona.. eins og þú veist, finnst þér málfræðin skipta jafn miklu máli í ensku og þér fannst íslensku t.d.?
V: Öö nei (nei), eða þú veist það eru alveg nokkrar reglur en það er miklu, mér finnst miklu auðveldara að þarna, læra þær út af því þær meika miklu meira sens, þær eru bara til þess að hjálpa þér að skrifa niður enskuna (mhm), þú veist skrifa ritgerðir og svona. Miðað við íslenska er bara svona reglur sem skipta ekki öllu máli, en eru settar í námið og það er mjög erfitt fyrir mig að læra þær (mhm).
R: Finnst þér enska auðveldari?
V: Já.

Þessum þátttakenda þykir íslensk málfræði erfiðari en sú enska og telur málfræðiþekkingu ekki nauðsynlega fyrir þann sem er góður í ensku. Í (17) er dæmi úr viðtali þar sem þátttakandinn hefur svipaðar hugmyndir um ensku, þ.e. að sá sem er góður í ensku búi yfir meiri kunnátta í málinu heldur en íslensku.

(17) V: Mér finnst það tákna aðeins meira þegar hann segir „Ég er góður í ensku“. Að hann geti tjáð sig.
R: Meira en í íslenskunni þá?
V: Já.
R: Ókey. Hérna, en eins og með rétt mál. Finnst þér það semsagt þegar einhver er góður í ensku, að það þýði að hann tali rétt mál?
V: Já smá, og að hann geti borið fram fleiri orð á ensku.

Það má því segja að í þessum tveimur síðustu dæmum telji þátttakendur enskuna meira virði en íslenskuna, að því leyti að þeim þykir mikilvægara að vera góður í ensku. Þar að auki er eitt dæmi til viðbótar í (18) þar sem viðkomandi hefur sterka mynd af einstaklingi sem er góður í ensku.

(18) V: Bara skilji allt og tali alveg fluent í því sko.
R: Mhm. Finnst þér skipta máli að tala rétt mál á ensku?
V: Já. Svona. Þá skilja menn mann betur.

Til að draga saman muninn á skilgreiningum þátttakenda á þeim sem er góður í íslensku annars vegar og þeim sem er góður í ensku hins vegar, má sjá í töflum 1 og 2 að svipuð þemu eru valin en þau fá mismikið vægi hjá þátttakendum. Rétt mál þykir mikilvægara en tjáning þegar kemur að íslensku en tjáning er mikilvægari þegar kemur að ensku. Það sést einnig munur á svörum þeirra sem nefna rétt mál þar sem fleiri útskýra hvaða færni sé mikilvæg þegar kemur að réttu máli, þ.e. fallbeyging, stafsetning og fleira í sambandi við íslensku en þetta eru þættir sem eru ekki nefndir í tengslum við ensku. Þar

að auki þykir góður orðaforði mikilvægur í íslensku en færri nefna það atriði í tengslum við ensku. Góður skilningur þykir hins vegar mikilvægari í ensku en íslensku. Mögulega tengjast þessi mismunandi viðhorf til íslensku og ensku tileinkun erlends máls í skóla þar sem gengið er út frá því sem vísu að málnotendur hafi góðan skilning á móðurmáli sínu. Í lokin er rétt að nefna þær kröfur sem nokkrir þátttakendur gera til einstaklings sem er góður í ensku en slíkar kröfur eru ekki gerðar til einstaklings sem er góður í íslensku. Það er að sá sem talar góða ensku tali reiprennandi, kunni fleiri orð á ensku en íslensku, geti talað án þess að hika og skilji flest orð, eins og einn þátttakandi nefndi, en dæmin í (17) og (18) eru til dæmis lýsandi fyrir það. Þetta væru líklega eðlilegar kröfur til einhvers með íslensku að móðurmáli en enginn nefndi þetta í því samhengi. Það er því áhugavert að skoða skilin á milli móðurmáls og erlends máls (e. *second/foreign language*) og hversu nán þau eru.

5.1.3 Finnst þér þú tala góða íslensku?

Svörin við þessari spurningu voru flokkuð í þrennt: já, nei og já, með hiki. Undir já, með hiki falla svör sem eru ekki greinileg já, heldur með einhverju hiki.

Tafla 3. Finnst þér þú tala góða íslensku? 1

Svar	Fjöldi
Já	23
Já, með hiki	20
Nei	5

Til að skýra nánar hvað býr að baki hverju svári verða ástæður fyrir því að þátttakendum finnst þeir góðir eða slæmir í íslensku settar fram í tveimur töflum, töflu 3 og 4. Í töflu 3 koma fram ástæður þess að þátttakendur telja sig góða í íslensku og í töflu 4 ástæður þess að þeir telja sig slæma í íslensku, þ.e. svöruðu nei eða játuðu með hiki. Lítum fyrst á töflu 4.

Tafla 4. Finnst þér þú tala góða íslensku? 2

Svar: Já:	Fjöldi
Málfræði	11
Góður skilningur	3
Góður orðaforði	3
Góð(ur) í skóla	3
Góður framburður	2

Helmingur þeirra sem telja sig góða í íslensku segja að það sé vegna færni þeirra í málfræði. Þátttakendur taka þar dæmi um fallbeygingu sem allnokkrir nefna og stafsetning er einnig nefnd undir þessu þema. Í (19) má sjá eitt dæmi þar sem þátttakandinn telur sig góðan í íslensku vegna þess að viðkomandi er góður í fallbeygingu og með góðan framburð.

(19) R: Mhm. Finnst þér þú tala góða íslensku?

V: Um já, ég held það.

R: Getur þú útskýrt það eitthvað nánar?

V: Ég bara svona ber það rétt fram og ég kann að fallbeygja í setningum og svona.

Það er greinilegt að fallbeyging er mörgum þátttakendum hugleikin og þeim þykir það bera vott um góða færni í íslensku ef fallbeygingin er góð. Í (20) er annað dæmi.

(20) R: En finnst þér þú tala góða íslensku?

V: Mér finnst ég tala ágæta íslensku já

R: Mhm. Geturðu útskýrt það eitthvað nánar?

V: Öö ég er ekki eða þú veist það eru rosalega margir unglingar svona á mínum aldri sem eru að eða þú veist það kallast þágufallssýki (mhm). Ég er held ég ekki með hana sko (mhm) og ég fæ góðar einkunnir og svona í íslensku þannig að (já).

Þessi þátttakandi nefnir sérstaklega þágufallshneigð sem er tilhneiging til að hafa frumlag ópersónulegra sagna í þágufalli í stað annars falls, yfirleitt þolfalls eða nefnifalls, sem skilgreiningu á þeim sem er góður í íslensku. Viðkomandi metur sig góðan í íslensku vegna þess að þágufallshneigð einkennir ekki mál hans, ólíkt vinum hans. Í (21) er svo dæmi þar sem viðkomandi telur íslenskufærni sína mjög góða og jafnvel betri en hjá meðal Íslendingum.

(21) R: Eh mjög gott. En finnst þér þú tala góða íslensku?

V: Eh, já, ég myndi alveg segja það.

R: Ókey. Gætirðu útskýrt það eitthvað?

V: Mér finnst ég, já, mér finnst ég nota málfræði kannski réttar en meðalíslendingur.

R: Ókey. Málfræði þá...

V: Þú veist eins og rétt... Þú veist að hlakka til og bara svona *basic* málfræðivillur.

R: Semsagt ekki margar villur eða þannig?

V: Nei mér finnst það ekki. Mér finnst ég svona kunna þú veist svona stafsetningu og svona þá kann maður oftast meira muninn á nn og n og svona, bara svona praktísk, *basic* málfræði.

R: Ókey. En eins og með orðaforða. Hérna er eitthvað við orðaforða þinn sem að þú...

V: Já, ég veit það ekki, ekkert sérstaklega kannski bara svona rétt notkun bara almennt á málinu.

Hér má velta fyrir sér sambandinu milli réttis og rangs máls. Eins og sjá mátti í spurningaparinu á undan telja margir að rétt mál skilgreini þann sem er góður í íslensku. Þágufallshneigð er ein þekktasta „málvillan“ í íslensku í dag og því ekki ósennilegt að unglingar séu með hugann við þetta tilbrigði og meti málkunnáttu sína góða eða slæma út frá því.

Góðar einkunnir koma líka við sögu í svarinu sem ástæða fyrir því að viðkomandi finnst hann vera góður í íslensku. Alls voru þrjár sem nefndu það eða einhver tengsl við skóla og einkunnir. Nokkrir nefndu einnig góðan skilning og orðaforða, eins og til dæmis í (22). Þar að auki er einn þátttakandi sem telur góða íslenskukunnáttu sína vera mömmu sinni að þakka, þar sem hún er íslenskukennari og sér um að leiðrétta málfar hans, eins og sjá má í (23).

(22) V: Mm ég bara hef nokkuð góðan orðaforða, uu, mér gengur vel að skilja svona eins og orðatiltæki (mhm), uuu... og á auðvelt með bara... ég hef aldrei lent í því kannski að hérna einhver segir eitthvað við mig, eitthvað orðatiltæki og ég bara hvað þýðir þetta? Eða heyrt eitthvað orð og ekki vitað hvað það þýðir eða hvaða merkingu það hefur þannig að, já.

(23) R: Já. En finnst þér þú tala góða íslensku?

V: Já.

R: Já. Geturðu útskýrt það eitthvað nánar?

V: Mamma mín er íslenskukennari (já ok) ((hl)) þannig að hún hefur leiðrétt mig bara alltaf (já ég skil).

Þá snúum við okkur að þeim sem svöruðu annað hvort neitandi eða játuðu með hiki. Ástæðan fyrir því að þetta er haft saman í flokki er að þeir sem svöruðu svona komu með útskýringar á því að íslenskukunnáttu þeirra væri ábótavant en þeir sem svöruðu

játandi töldu upp ástæður þess að íslenskukunnátta þeirra væri góð. Í töflu 5 er því tekið saman það sem þátttakendum finnst að mætti betur fara í máli þeirra.

Tafla 5. Finnst þér þú tala góða íslensku? 3

Svar: Nei og hikandi já	Fjöldi
Málfræði	11
Slettur	9
Einfaldur orðaforði	3
Stam/hik	2
Lesblinda	1
Framburður	1

Í töflu 5 nefna jafnmargir málfræði eins og gerðu í töflu 4, nema í þetta sinn er málfræðifærni þeirra ábótavant. Það er áhugavert að sjá að málfræði er bæði talin sú færni sem þátttakendur meta sig besta og versta í. Sömu þættir málfræðinnar eru einnig nefndir hér, þ.e. fallbeyging og stafsetning sem þykir sennilega það erfiðasta en jafnframt það sem aðrir þátttakendur eru færastir í. Í rannsókn Ásgríms Angantýssonar, Finns Friðrikssonar og Sigurðar Konráðssonar (2018) kemur fram að bein kennsla í málfræði, eins og t.d. fallbeyging og orðflokkgreining, þygi þátttakendum þeirra ekki gagnleg, en þrátt fyrir það tala þau mikið um rétt mál og rangt í tengslum við þann sem er góður í íslensku.

(24) R: Finnst þér þú tala góða íslensku?

V: Nei.

R: Af hverju ekki?

V: Ég er allur í einhverjum málvillum sko.

R: Hvernig, hvernig málvillum heldurðu, eða finnst þér?

V: Aðallega þarna mér og mig og ég vill og það allt.

Í (24) er þágufallshneigð aftur nefnd sem sá hluti málfræðinnar sem fólk á oft erfitt með. Margir nefna líka slettur sem einkenni mál þeirra og geri það að verkum að íslenskufærni þeirra er ekki nógu góð, að þeirra mati.

(25) R: Einmitt. Frábært. Finnst þér þú tala góða íslensku?

V: Nei, (hlær), ef ég á að vera alveg hreinskilinn nei.

R: Nei, geturðu útskýrt það eitthvað nánar, afhverju?

V: Bara tala ensku svo mikið, bæti inn í setningarnar þó ég reyni það ekki og ég reyni að láta setningarnar hljóma svona réttar en já... aðeins erfiðara.

R: Seturðu þá einhverjar slettur inn í setningarnar eða eitthvað svoleiðis?

V: Já stundum finn ég ekki rétta íslenska orðið, þá bæti ég enska orðinu við af því það skilja það flest allir.

Þátttakandinn í (25) viðurkennir að hann noti ensku mikið og jafnvel inni í setningum. Þegar hann finnur ekki íslenska orðið notar hann bara ensku útgáfuna vegna þess að hana skilja flestir, segir hann. Þetta gefur ákveðna vísbendingu um málsambýli íslensku og ensku og samrýmist ummælum Lindu Bjarkar Markúsardóttur (2015) í *Fréttablaðinu* um nán tengsl málanna og að íslenskum börnum reynist stundum auðveldara að finna orð á ensku en á íslensku.

Nokkrir nefna að orðaforði þeirra sé of einfaldur. Þeir kunni ekki mörg flókin orð á íslensku og það sé ástæða þess að þau séu ekki nógu góð í íslensku. Aðrir tala um stam og hik og einn nefnir lesblindu. Þetta eru þeir þættir sem þátttakendur telja að megi betur fara í máli þeirra svo að þeir meti sig sem góða málhafa í íslensku. En lítum næst á viðhorf þátttakenda til eigin enskufærni.

5.1.4 Finnst þér þú tala góða ensku?

Líkt og í spurningunni hér á undan sem fjallað er um í kafla 5.1.3 eru svörin flokkuð í þrennt, í já, já, með hiki og nei. Ástæður þess að þátttakendur telja sig góða eða slæma í ensku verða einnig birt í tveimur töflum, töflu 6 og 7. Í töflu 6 verða birtir þeir þættir sem þátttakendur telja ástæðu þess að þeir séu góðir í ensku og þeir þættir sem þátttakendur telja að hafi áhrif á að þeir telji sig slæma í ensku í töflu 4b. Áður en fjallað verður um það skulum við líta á samanburð á töflu 3 og 6.

Tafla 6. Finnst þér þú tala góða ensku? 1

Svar	Fjöldi
Já	22
Hikandi já	16
Nei	10

Það er áhugavert að sjá þegar töflur 3 og 6 eru bornar saman að nánast sami fjöldi telur sig góðan í íslensku og í ensku. Það munar einungis um einn. Helmingi fleiri telja sig ekki tala góða ensku en þeir sem telja sig ekki tala góða íslensku. Aftur á móti eru fleiri hikandi með íslenskufærni sína en enskufærni. Í töflu 7 má sjá hvað þá þætti enskukunnáttunnar sem þátttakendur telja sig góða í.

Tafla 7. Finnst þér þú tala góða ensku? 2

Svar: Já	Fjöldi
Samræður	6
Góður skilningur	3
Góður framburður	2
Góð(ur) í skóla	2
Málfræði	1
Góður orðaforði	1

Flestir svara því að þeir eigi auðvelt með samræður og meta enskufærni sína þess vegna góða. Nokkrir nefna það að fara til útlanda og eiga í samskiptum þar eða tala við ferðamenn á Íslandi. Í (26) er dæmi um þess háttar svar.

(26) R: En finnst þér þú tala góða ensku?

V: Já (já).

R: Gætirðu útskýrt það eitthvað nánar?

V: Uu ég hef farið mjög oft til enskumælandi landa og bara lært að bjarga mér að tala (mhm) við fólk þar (já).

Sambærileg svör komu fram í rannsókn Hafdísar Ingvarsdóttur og Ásrúnar Jóhannsdóttur (2018) þar sem þátttakendur nefndu að enskukunnátta þeirra nýttist þeim vel á ferðalögum erlendis. Þeir minnst einnig á mikilvægi enskunnar við áhorf erlends afþreyingarefnis, en það sama kemur fram í (27) þar sem þáttaröðin *Friends* er tekin sem dæmi.

(27) R: Finnst þér þú tala góða ensku?

V: Jaa, njaa svona ágæta bara

R: Geturðu útskýrt það eitthvað nánar?

V: Ég get ekki farið að lýsa einhverri ákveðinni hugmyndafræði eða einhverri eðlisfræði einhverri en ég get notað það eins og svona í öðrum löndum.

R: Svona almennan orðaforða

V: Já. Nóg til þess að skilja *Friends*

R: Já [hlær]

V: Það er það eins sem þarf.

Þar að auki nefna tveir framburð og tveir tengja enskufærni sína við það að vera góður í skóla og fá háar einkunnir í ensku. Einnig er minnst á færni í málfræði og orðaforða. Það er þó sérstaklega athyglisvert að nokkrir telja sig vera betri í ensku en íslensku eins og var einnig minnst á í fyrsta spurningaparinu sem rætt var um í köflum 5.1.1 og 5.1.2.

(28) R: En finnst þér þú tala góða ensku?

V: Mér finnst ég tala góða ensku já (mhm). Betri ensku heldur en íslensku.

R: Já. Að hvaða leyti þá?

V: Ö ég bara það eru svo mörg íslensk orð sem eru svo flókin eða þú veist þetta eru svo stór orð (mhm). Í enskunni eru til svo mörg orð yfir þú veist þetta sem þýðir það sama (mhm) sem ég get þá frekar notað (já).

Þátttakandinn í (28) telur færni sína betri í ensku en íslensku og að það sé aðallega vegna þess að í íslensku eru flókin orð en í ensku geti mörg orð átt við sama fyrirbærið og þess vegna sé enskan auðveldari og hann þar af leiðandi betri í henni. Fleiri eru á svipaðri skoðun:

(29) R: Ok. Finnst þér þú tala góða ensku?

V: Já.

R: Geturðu útskýrt það eitthvað nánar?

V: Ég tala rétt eiginlega mest með ensku. Ég mér finnst enska bara miklu léttari heldur en íslenska.

Í (29) má sjá dæmi úr viðtali þar sem þátttakandi segir að sér finnist enska léttari en íslenska og því tali hann ensku að mestu leyti. Annar þátttakandi nefnir að hann taki eftir því í umhverfi sínu að Íslendingar skrifi til hvers annars á ensku (t.d. á netinu) en tekur þó fram að honum þyki það hallærislegt og geri það ekki sjálfur. Það hefur komið fram í rannsóknum að íslensk börn tali sín á milli á ensku, t.d. hjá Samúel Lefever (2010), Önnu Jeeves (2010) og Sigríði Sigurjónsdóttur og Eiríki Rögnvaldssyni (2018). Í viðtölunum sem skoðuð eru hér segjast viðmælendur tala mjög góða ensku sem þeir hafi lært hratt á yngri árum vegna tölvuleikjanotkunar og sjónvarpsáhorfs og má sjá dæmi um það í (30).

(30) R: Ókei. En hvernig ensku finnst þér þú tala?

V: Ég tel mig tala frekar mjög, nokkuð góða ensku, ég lærði hana mjög hratt þegar ég var yngri, örugglega því að ég var svo mikið í tölvuleikjum og sjónvarp og eitthvað þannig. Umm, og já, og ég finn mig oft alveg leiðréttanna annað fólk þegar það talar ensku stundum, alveg nokkur skipti.

Þetta samræmist einnig niðurstöðum úr rannsókninni sem þetta verkefni er unnið innan, sbr. Sigríði Sigurjónsdóttur og Eirík Rögnvaldsson (2018) um aukið enskuílag í umhverfi íslenskra barna og unglunga og Dagbjörtu Guðmundsdóttur (2018) um aukna tölvuleikjaspilun og áhorf á netinu hjá þessum aldurshópi unglunga.

Lítum næst á ástæður þess að þátttakendur telja enskufærni sína ekki góða eða voru hikandi í svari. Það er rétt að taka fram að það gáfu ekki allir ástæðu fyrir svari sínu, heldur létu sér það nægja að segja að enskufærni þeirra væri ekki góð.

Tafla 8. Finnst þér þú tala góða ensku? 3

Svar: Nei og hikandi já	Fjöldi
Framburður	2
Skilningur	2
Málfræði	2
Orðaforði	2
Eins og íslenska	1

Fjöldi svara er nokkuð svipaður í töflu 8. Tveir segja að framburðinum sé ábótavant, tveir segja að skilningur mætti vera betri, tveir segja að málfræðin sé ekki nógu góð og tveir segja að orðaforðinn gæti verið betri. Einn segir að enskukunnáttan sé svipuð íslenskukunnáttu sinni.

(31) R: Ekki? Ok. En hvað með þig, finnst þér þú tala góða ensku?

V: Nei.

R: Nei. Gætirðu nokkuð útskýrt það svona, eða útskýrt það nánar hvað þú átt við? Bara lýst því.

V: Ég er bara ekki góð í að tala ensku (nei). Þú veist veit ekki hvað mörg orð þýða og þá bara segi ég alltaf vitlaust og (ok).

Í (31) má sjá dæmi um þátttakanda sem metur enskufærni sína ekki góða. Svör líkt og þessi: „ég er bara ekki góð/ur í að tala ensku“ eða „ég er bara ekki góð/ur í ensku“ komu nokkrum sinnum fyrir án þess að farið væri út í ástæður þess að málið reyndist þeim erfitt. Einnig töluðu nokkrir um að þeir væru ágætir í ensku og gætu „alveg bjargað sér“ en í þeim svörum þar sem viðkomandi taldi sig ekki góðan í ensku gætti óöryggis, eins og má sjá í (32).

(32) R: Já. Finnst þér þú tala góða ensku?

V: Nei.

R: Nei. Hvers vegna ekki?

V: Ég verð alltaf bara svo óörugg þegar ég tala ensku og ég rugla öllu saman.

Það má því segja að ástæður þess að þátttakendum finnst þeir ekki tala góða ensku séu nokkuð ólíkar, sbr. töflu 8. Annars vegar er nokkur fjöldi öruggur með enskufærni sína og sumir tala jafnvel um að hún sé betri en íslenskufærnin. Rétt er þó að hafa í huga að rannsóknir hafa sýnt að Íslendingar eiga það til að ofmeta enskufærni sína, sjá t.d. Max Naylor (2017). Þeir sem eru ekki eins öruggir og svara neitandi eða játa hikandi, en það var rúmlega helmingur svarenda, nefna ástæður eins og framburð, skilning, málfræði og orðforða sem gera það að verkum að þeir telja sig ekki góða í ensku, sbr. töflu 6. Í töflu 4b má sjá að samræður var það þema sem flestir töldu sig góða í í ensku en aftur á móti var málfræði það þema sem flestum var hugleikið í íslenskunni, sbr. töflu 4 og 5, hvort sem um var að ræða það sem þátttakendur töldu sig góða eða ekki. Það má því segja að málhafar geri ólíkar kröfur til sín eftir því um hvort málið er að ræða.

Fimm töldu sig ekki góða í íslensku og helmingi fleiri töldu sig ekki góða í ensku. Það vakti athygli að allir sem töldu sig ekki góða í íslensku, sögðu það sama um enskukunnáttu sína. Þarna er um að ræða einstaklinga sem eru neikvæðir í garð tungumálafærni sinnar en það einkenndi einnig önnur svör þeirra í viðtölunum að þeir voru óöruggir, hlutlausir eða höfðu yfirleitt minnstu skoðanirnar. Svörin bera vott um lágt sjálfstraust í garð tungumála.

En lítum næst á þriðja spurningaparið þar sem spurt er um mikilvægi þess að tala góða íslensku/ensku og byrjum á íslenskunni.

5.1.5 Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?

Það er óþarfi að fara mörgum orðum yfir muninn á svörum við þessari spurningu. Einungis tveir svara því að þeim finnst ekki mikilvægt að tala góða íslensku en 46 svara því hins vegar játandi. Það er þó áhugavert að skoða hvað það er sem þeim finnst mikilvægt við íslenskuna og hvernig þau telja sig hagnast á því að tala málið.

Tafla 9. Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku? 1

Svar	Fjöldi
Já	46
Nei	2

Í flestum tilfellum spurði rannsakandi þátttakendur einnig hvort þeim þætti þau græða eitthvað á því að tala góða íslensku. Þar voru svörin ekki eins afgerandi, en 21 svaraði

játandi og 15 neitandi. Það virðast þó ekki vera tengsl á milli þessara spurninga, þ.e. að tala góða íslensku og að græða á því. Margir sem sögðu það vera mikilvægt að tala góða íslensku fannst þau samt sem áður ekki græða neitt á því og margir nefndu það einnig sem ástæðu að „allir töluðu íslensku hvort sem er“. Þeir sem svöruðu játandi komu oftast með ástæðu fyrir því að hægt væri að græða á því að vera góður í íslensku og komu með nánari útskýringar sem sjá má í töflu 10.

Tafla 10. Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku? 2

Þema	Fjöldi
Virðing	15
Samræður	12
Viðhald tungumálsins	6
Góð(ur) í skóla	4
Tækifæri	4
Fortíðartenging	3
Tala rétt	3
Orðaforði	1

Í töflu 10 eru þemun sem nefnd voru í tengslum við mikilvægi íslenskunnar. Í (33) eru dæmi um það sem flestir nefndu, eða einhvers konar virðing.

(33) R: Heldurðu að maður geti grætt eitthvað á því að tala íslensku?

V: Já.

R: Eins og hvað?

V: Öm, tekið meira mark á þér (ókei). Sérstaklega þegar maður er unglingur og maður talar lélega íslensku þá er alltaf „æj unglingurinn! Svona íslensku!“ (einmitt) þannig það kemur sér vel að tala góða íslensku og líka skeggið mitt sko! Líta út fyrir að vera eldri en maður er. Það er semsagt um mig.

Að finnast sem góð íslenska færi einhvers konar virðingu tengist vel kenningu Bourdieu (2006) um félagslegt auðmagn, þ.e. að góð tungumálafærni geti fært virðingu. Það komu ýmsar útskýringar á því hvers konar virðing góð íslenskufærni færði þeim. Það var meðal annars minnst á formlegar málaðstæður sem krefjast góðrar íslenskufærni, eins og til dæmis í starfsviðtali, sem kom einnig fram í rannsókn Ásgríms Angantýssonar, Finns Friðrikssonar og Sigurðar Konráðssonar (2018). Þátttakendur Hönnu Óladóttur (2017) nefndu það að sama skapi og minntust á mikilvægi

viðtakandans, eins og tilvonandi yfirmaður í starfsviðtali eða amma og afi. Í þessari rannsókn nefndu margir að þessi færni færði þeim aukna virðingu frá eldra fólki. Það gefur til kynna að munur sé á málnotkun unga og eldra fólksins og bil sé þar á milli, sbr. umræðu um málstýringu og málstaðal í kafla 3.1. Unglingarnar breyta máli sínu í samræðum við þá sem eldri eru, til að öðlast virðingu með því að vera nær þeirra máli.

Einnig var rætt um virðingu frá útlendingum sem reyndust alltaf mjög áhugasamir um íslenskuna, að mati þátttakenda. Í (33) má sjá dæmi þar sem viðkomandi finnst góð íslenskufærni færa honum virðingu sem unglingur og svipað dæmi í (34) þar sem minnst er á ákveðið viðhorf sem góð tungumálafærni færir viðkomandi.

(34) R: Og... finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?

V: Ö, já (mhm).

R: Finnst þér þú græða eitthvað á því?

V: Ö... já, maður græðir alveg svona, ég veit ekki, ákveðið svona viðhorf frá öðrum (mhm) já.

Annað sem minnst var á og tengist einnig kenningum Bourdieu er að færni í íslensku færi viðkomandi virðingu í stað fordóma. Þá geti sá sem er ekki góður í íslensku orðið fyrir fordómum frá þeim sem tala „betri“ íslensku. Með því að vera góður í málinu er hægt að komast hjá því.

(35) V: Ég veit það ekki. Svona, ef að þú ert sjálfur Íslendingur þá er alveg kannski gott að tala góða íslensku. Þú veist, ég... Ég hef aldrei þælt í þessu.

R: Nei. Neinei, það er alveg, alveg eðlilegt. En ef þú hugsar svona út í þetta finnst þér þú kannski græða eitthvað á því að tala góða íslensku, eða bara svona almennt?

V: Maður fær ekki fordóma, allavega, já, fær ekki fordóma fyrir að tala góða íslensku.

R: Finnst þér vera fordómar fyrir því ef einhver er lélegur í íslensku?

V: Það er stundum sko finnst mér.

R: Áttu þá við útlendinga eða þá bara Íslendinga sem tala...

V: Það er útlendingar sko og stundum Íslendingar, bara gert grín hvernig þú talar [óskýrt] sem er ekki mjög fallegt.

R: Nei, nei, auðvitað ekki. En hérna, en já, semsagt þú græðir á því að þú yrðir ekki fyrir fordómum?

V: Já.

Dæmin sem hafa verið nefnd hér að ofan tengjast öll einhvers konar virðingu og jákvæðum viðhorfum sem góð íslenskufærni færir þeim. En fleiri atriði voru nefnd sem ástæður fyrir því að vera góður í íslensku. Til að mynda sögðu 12 þátttakendur að íslenskufærni kæmi að góðum notum í samskiptum við aðra, eins og sjá má í (36).

(36) R: Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?

V: Já.

R: Af hverju?

V: Svo að fólk geti skilið mann.

Fjórir nefna þar að auki að betri tækifæri geti fylgt því að vera góður í íslensku, hvort sem er á starfsferlinum eða í lífinu almennt. Sama fjölda finnst góð íslenskufærni tengjast því að vera góð(ur) í skóla en mikilvægi þess kom einnig fram hjá Ásgrími Angantýssyni, Finni Friðrikssyni og Sigurði Konráðssyni (2018) sem og að tala rétt mál svo að tungumálið deyi ekki út. Það og viðhald tungumálsins er sex þátttakendum ofarlega í huga í þessari rannsókn.

(37) R: Mhm. Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?

V: Já það er alveg, mér finnst það mjög mikilvægt sko.

R: Já, af hverju?

V: Bara til þess að halda tungumálinu lifandi, eða þú veist svo að íslenskan deyi ekki út (mhm) því að þetta er svo rosalega fallegt og einstakt tungumál sko.

Í (37) nefnir þátttakandinn að það sé nauðsynlegt að vera góður í íslensku til að halda tungumálinu lifandi vegna sérstöðu þess. Þetta sjónarmið samræmist vel því sem þátttakendur í rannsókn Hönnu Óladóttur (2017) sögðu um íslenskuna, þ.e. að það væri skylda okkar að varðveita málið. Minnst er á fegurð tungumála sem oft er tengd við jákvæð viðhorf samkvæmt Smakman (2018, bls. 112). Því fegurra sem tungumálið þykir, því jákvæðara er viðhorfið. Það má vera að íslenskunni fylgi einnig sú staðalmynd að hún sé falleg, enda virðast Íslendingar fá athygli út á íslenskuna frá útlendingum, sjá umræðu um virðingu í tengslum við (34). Í (38) er einnig rætt um varðveislu málsins, en þar er einnig komið inn á tengslin sem tungumálið færir okkur við aðrar Norðurlandþjóðir og mikilvægi þess að halda í tungumálið svo að tengslin glatist ekki.

(38) R: Já. Finnst þér þú græða eitthvað á því?

V: Já þú veist íslenskan er svo sjaldgæft tungumál og þetta er svo mikilvægt líka bara fyrir þú veist fortíðina af því þetta var náttúrulega allt sama tungumálið og (mhm) í öllum Norðurlöndunum mér finnst bara mjög mikilvægt að við höldum í hana (mhm).

Það virðist vera nokkuð gegnumgangandi þráður í viðtölunum að íslenskan skipti þátttakendum máli. Þó að það komi ekki beint fram finnst flestum skemmtilegt að geta talað íslensku enda sést það á fjölda þeirra sem finnst mikilvægt að tala íslensku. Þeim finnst íslenskan einstök og virðast vera nokkuð stoltir af henni. Það er einnig minnst á mikilvægi íslenskunnar í tengslum við fortíðina og það að vera góður í íslensku geti fært mann nær fortíðinni, til dæmis í gegnum handritin og Íslendingasögurnar. Þar að auki minntust samtals þrír á mikilvægi þess að tala rétt og hafa góðan orðaforða.

Nokkrir þátttakendur velta fyrir sér í þessu sambandi hvað felist í því að vera góður í íslensku. Þar er minnst á þágufallshneigð og að það sé ekki slæmt ef hún einkennir mál einhvers, svo lengi sem það sem komist til skila sem rætt er um. Dæmi um það má sjá í (39) en í (40) er brot úr viðtali þar sem þátttakandinn talar um að góð setningaskipan einkenni málið:

(39) R: Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?

V: Já, eða... mér finnst alveg mikilvægt að kunna að tala mjög tala góða íslensku og svona ég held að það sé ekkert svakalega slæmt að þú svona ruglar stundum saman þú veist “mér” og “mig” og svona (mhm) svo lengi sem fólk í kringum þig skilur þig (akkurat).

(40) R: Ég skil. Eh, mjög gott en finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?

V: Sko já. Þú veist það fer eftir því hvað góð íslenska er. Þú veist fyrir mér er það bara já almenn samsetning orða og hvernig þú setur upp setningu og svona mér finnst það alveg, já, svona, mér finnst það alveg skipta máli.

Það var nokkuð algengt að talið bærist að framtíðarhorfum Íslendinga í tengslum við spurninguna hvort þátttakendum þætti þeir græða eitthvað á góðri íslenskufærni. Flestir voru sammála um það að hún væri mikilvæg fyrir þá sem ætluðu sér að búa á Íslandi í framtíðinni en ekki eins mikilvæg fyrir þá sem hygðu á flutninga til annarra landa. Þetta samræmist niðurstöðum Lilju Bjarkar Stefánsdóttur (2018a) þar sem jákvæðara viðhorfs gætti hjá þeim sem sáu fram á framtíð á Íslandi en öfugt hjá þeim sem hugðust flytja erlendis.

Einungis tveimur finnst ekki mikilvægt að tala góða íslensku. Annar nefnir enga ástæðu en hinn segir að það sé ekki mikilvægt vegna þess að það eina sem þarf er að fólk skilji það sem sagt er. Dæmi úr viðtalinu má sjá í (41).

(41) R: Ókei. Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?

V: Nei, bara að fólk skilji mann.

Til að ljúka þessari umfjöllun um mikilvægi góðrar íslensku er áhugavert að sýna dæmi úr einu viðtalinu, sjá (42), þar sem rætt var um mikilvægi góðrar íslensku á tímum aukinna enskuáhrifa sem tengist vel því sem Sigríður Sigurjónsdóttir (2016) ræðir í grein sinni um snjalltækjabyltinguna og máltöku barna.

(42) R: Ó. Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?

V: Já.

R: Mhm, af hverju?

V: Bara, svo að.. þú veist núna er soldið mikið af svona.. fólk byrjað að tala svona aðeins meiri ensku inn á milli og svona þannig svo að.. við byrjum bara ekki að tala, æ ég veit það ekki, bara svona of mikla ensku.

Þátttakandinn í (42) virðist hafa nokkrar áhyggjur af stöðu enskunnar á Íslandi. Að hans mati nota sumir mikla ensku í máli sínu. Honum finnst íslenska mikilvæg og sérstaklega á tímum sem þessum þegar enska er áberandi í þjóðlífinu. En lítum næst á svör sömu spurningar til ensku.

5.1.6 Finnst þér mikilvægt að tala góða ensku?

Tafla 11. Finnst þér mikilvægt að tala góða ensku? 1

Svar	Fjöldi
Já	42
Nei	0
Í vafa	5

Þegar spurt er hvort það sé mikilvægt að tala góða ensku er svarið nánast alltaf já, sjá töflu 11. Enginn svarar neitandi en fimm eru í vafa. Ástæðan fyrir þessum vafa er sú sama og þeirra sem svöruðu nei varðandi íslensku: fer eftir framtíðarbúsetu, staðsetningu og fólkinu sem það umgengst. Flestir sem voru í vafa sögðu ástæðuna vera að enska væri einungis mikilvæg fyrir þá sem stefndu á búsetu erlendis og einn minnstist á að það færi eftir fólkinu í nánasta umhverfi, þ.e. ef það talaði ekki íslensku, þá væri mikilvægt að tala góða ensku en annars ekki.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að flestir þátttakendur voru einnig spurðir hvort þeim þætti þeir græða eitthvað á því að tala góða ensku og hvort þeim þætti framburður skipta máli. Fimmtán þátttakendur svöruðu því hvort þeim þætti þau græða á því að tala góða ensku og öllum fannst svo vera. Fleiri svöruðu sömu spurningu í tengslum

við góða færni í íslensku en þá sagði 21 já og fimmtán nei, svo hér er nokkur munur á tungumálunum. Þrátt fyrir að fáir svari í tengslum við ensku, er það greinilega almenn skoðun þeirra að þau græði á enskukunnáttu. Aftur á móti voru svörin mjög jöfn þegar spurt var út í framburðinn á ensku, fimmtán voru spurðir, þrettán sögðu að hann skipti máli og tólf að hann skipti ekki máli. Víkjum þá að ástæðum þess að þátttakendum þykir mikilvægt að tala góða íslensku.

Tafla 12. Finnst þér mikilvægt að tala góða ensku? 2

Enska. Þema	Fjöldi
Samskipti	19
Ferðalög	17
Alþjóðlegt viðhorf	12
Tækifæri	4
Tækni	2
Afþreyingarefni	2
Virðing	1

Eins og sjá má í töflu 12 standa þrjú þemu upp úr: ferðalög, samskipti og alþjóðlegt viðhorf. Þessi þemu tengjast mjög náið en enskan er mikilvæg til samskipta og á ferðalögum, að mati þátttakenda, vegna þess að hún er alþjóðleg, eins og Crystal (1997; 2008) og Ari Páll Kristinsson (2017) nefna. Í (43) má sjá eitt dæmi frá þeim 19 sem sögðu að enska væri mikilvæg í samskiptum.

(43) R: Ókey, en finnst þér mikilvægt að tala góða ensku?

V: Já ég myndi segja það. Útaf því að það eru svo rosalega margir sem tala ensku og það er rosalega gott að geta kynnst fólki líka annars staðar frá, eiga í auðveldari, auðveldari... Leið til að eiga í samskiptum við fólk þegar þú ferð til útlanda og þannig.

Nánast undantekningarlaust voru samskipti annað hvort tengd við samskipti við erlenda ferðamenn á Íslandi eða á ferðalögum erlendis. Það spilaði oft saman í svörum þátttakenda en 18 nefndu sérstaklega þemað ferðalög. Einn nefnir mikilvægi enskunnar á ferðalögum svo hægt sé að spyrja til vegar, sjá (44).

(44) R: En finnst þér mikilvægt að tala góða ensku?

V: Ef þú ert að fara til útlanda eða eitthvað þá náttúrliga er fínt að tala ensku ef þú týnist eða eitthvað þá geturðu spurt hvernig á að komast heim og eitthvað (mhm)

Ferðalög voru einnig algengt form enskunotkunar í rannsókn Hafdísar Ingvarsdóttur og Ásrúnar Jóhannsdóttur (2018) og virðist vera svipað hlutfall svara sem tengjast ferðalögum hér og í rannsókn þeirra, eða um helmingur. Margir tala um að enskukunnátta sé lykill að samskiptum við aðra en Íslendinga þar sem fáir tala íslensku en margir tala ensku. Í (45) nefnir einn þátttakandi að enskan sé að taka yfir og því sé mikilvægt að kunna hana.

(45) R: Öm en er mikilvægt að tala góða ensku?

V: Já minnstalagi þegar enskan er að taka svona mikið yfir (mhm) þá getur það verið.

R: Og hvað græðir maður á því að tala þá góða ensku?

V: Bara að þú getur talað við næstum því alla í heiminum (mhm) og ef þú getur talað góða ensku þá getur þú skilið þú veist fólkið og þau geta skilið þig líka (já) svo..

Nokkrir nefna orðið *alþjóðlegt tungumál* í tengslum við enskuna en það má lesa það á milli línanna í tólf svörum þar sem á einhvern hátt er talað um gífurlega útbreiðslu enskunnar og hversu margir tala málið. Það sama kom fram hjá Pan og Block (2011) þar sem þátttakendur þeirra töluðu um enskuna sem alþjóðlegt mál. Í (46) má sjá eitt svipað dæmi. Þar að auki er mikilvægi enskunnar tengt við tækifæri, hvort sem um er að ræða nám í útlöndum eða starf. Tveir tengja mikilvægi enskunnar við tækni eins og sjá má í (47).

(46) R: Já. En finnst þér mikilvægt að tala góða ensku?

V: Já það er líka mjög mikilvægt (mhm). Bara af því að líka þú veist enska er alþjóðlegt tungumál (mhm). Ef þú kannt ekki ensku þá geturðu ekki talað við neinn annan en bara fólk sem skilur íslensku (já).

(47) R: Finnst þér mikilvægt að tala góða ensku?

V: Já, það er mjög mikilvægt af því að í framtíðinni þá verða tölvur svo mikið notaðar og allt sem er í tölvum er nánast á ensku.

Afþreyingarefni er einnig nefnt, eins og þættir og myndir sem eru gjarnan á ensku, og því sé mikilvægt að vera vel að sér í málinu til að geta skilið efnið og einn þátttakandi

segir að góð enskukunnátta færi honum virðingu frá þeim sem eru ekki íslenskumælandi. Í (48) má meðal annars sjá dæmi um afþreyingarefni á ensku.

(48) R: En finnst þú græða eitthvað á því að kunna góða ensku?

V: Já það verður miklu auðveldara að ferðast og eiginlega allt svona afþreyingarefni er á ensku og svoleiðis. Það verður allt mikið auðveldara bara.

Það sama kom fram hjá Hafdísí Ingvarsdóttur og Ásrúnu Jóhannsdóttur (2018) þar sem þátttakendur nefndu þætti og myndir sem þær aðstæður þar sem enskunotkun þeirra nýttist best. Þar að auki spurðu þær út í viðhorf og samtals svöruðu 97% að enska væri frekar eða mjög mikilvæg. Hlutfallið þeirra sem telja hana frekar eða mjög mikilvæga í þessari rannsókn er 87% en það er rétt að taka fram að enginn taldi hana ónytsamlega, heldur færi nytsemin eftir aðstæðum.

Samkvæmt þessum tölum virðist enskan vera mikilvæg í augum unglunga í dag. Til samanburðar við íslenskuna var fleirum sem þótti hún mikilvæg en tveir töldu hana ekki mikilvæga. Ólík þemu komu fram eftir því hvort málið var um að ræða: samskipti, ferðalög og alþjóðlegt viðhorf tengdu flestir við enskuna sem kemur ekki á óvart þar sem enskan er heimstunga og það alþjóðlega mál nútímans sem flestir tala sem erlent mál og grípa til í samskiptum þegar viðmælandinn er ekki íslenskumælandi. Eins og með enskuna voru samskipti það þema sem flestir töluðu um í tengslum við íslensku en þó samskipti af öðrum toga en í sambandi við ensku. Þar eru samskipti við aðra íslenskumælandi, fjölskyldu og vini mikilvægust. Þeim finnst góð íslenskufærni færa þeim virðingu og þeim finnst mikilvægt að viðhalda dýrmætu móðurmáli okkar, svo fátt eitt sé nefnt.

5.1.7 Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku?

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeim þætti mikilvægt að góður í íslensku við einhverjar sérstakar aðstæður nefndu allflestir einhverjar aðstæður. Einungis tveir telja að svo sé ekki. Í töflu 13 má sjá hvaða aðstæður þátttakendum þykja mikilvægar.

Tafla 13. Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku?

Þema	Fjöldi
Framsögn	15
Í skóla	14
Samskipti	12
Í starfi	8
Kennaramenntun	6
Engar aðstæður	5
Sem foreldri	1
Tækifæri	1

14 manns nefna það að vera góður í skóla sem aðstæður þar sem er mikilvægt að vera góður í íslensku. Undir það falla góðar einkunnir, góð frammistaða á prófum og í ritgerða- og verkefnaskrifum.

(49) R: Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst mikilvægt að vera góður í íslensku?

V: Í skóla til dæmis, þá er gott að vera góður í íslensku.

R: Hvers vegna?

V: Út af maður lærir íslensku og maður fær einkunnir og svona.

Í (49) má sjá tengingu við kenningu Bourdieu (2006) um félagslegt auðmagn, þar sem aukin íslenskukunnátta færir þátttakendum það sem nefnt var hér að ofan: góðar einkunnir. Einn þátttakandi nefnir tiltekna greinar, samfélagsfræði og náttúrufræði, sem innihalda þung og erfið hugtök og því sé nauðsynlegt að vera góður í íslensku til að geta náð tökum á þeim. Fleiri nefna nám, eins og sjá má í (50).

(50) R: En eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst góð færni í íslensku mikilvæg?

V: Uhm í skólanum (já) og bara bara ef þú ert að segja ræðu eða gera eitthvað þannig (mhm).

R: Og af hverju finnst þér þá góð færni í íslensku vera mikilvæg í þessum aðstæðum?

V: Bara af því maður er Íslendingur eða þú veist þá bara nærðu að koma sér miklu betur fram og fallegra (mhm) og svona betra skemmtilegra líka bara að hlusta á það (já), fallegra (já).

Til viðbótar við að vera góð(ur) í skóla er þarna rætt um mikilvægi þess að halda ræðu og tala fallegt og gott mál við þær aðstæður. Þátttakandinn í (50) setur sig bæði í spor

þess sem talar og þess sem hlustar. Þetta flokkast undir þemað framsögn, sem 11 nefna. Mismunandi hugmyndir um framsögn liggja þar að baki en nokkrir nefna alls kyns ræður og fyrirlestra:

(51) R: Mhm, eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst færni, góð færni í íslensku mikilvæg?

V: Já, í, ef þú ert að skrifa ritgerð til dæmis, á íslensku, eða bók, umm.. Kannski í ræðum, svona þegar að maður kannski heldur fyrirlestur eða ræðu, já.

R: Mhm. Gætirðu eitthvað sagt mér hvers vegna það er mikilvægt?

V: Umm... u vegna þess að... það er mikilvægt, ef þú ert að reyna að koma einhverju á framfæri til dæmis, í fyrirlestri, að þú hafir það á skiljanlegu máli þannig að fólkið sem er að hlusta meðtaki, og skilji þá hvað er verið að tala um en heyri ekki bara einhver svona orð bara, vá ég skil ekki alveg samhengið, fatta ekki hvað þú ert að tala um akkúrat núna, svona þann- já, að svona að fólk skilji samhengið eða svona skilji hvað þú ert að reyna að segja (já) já.

Þar að auki nefna nokkrir þátttakendur fréttamennsku sem aðstæður sem íslenskukunnátta nýtist vel í og eiga þá við starf fréttamanna sem þurfa að geta talað í beinni útsendingu, hvort sem um er að ræða sjónvarp eða útvarp. Nokkrir nefna starfsviðtal þar sem góð íslenskufærni er nauðsynleg. Annar nefnir stjórnsmál sem vettvangur þar sem framsögn á góðri íslensku er mikilvæg. Starf rithöfunda er einnig nefnt, en þeir skila frá sér verkum á rituðu máli, ólíkt fréttamönnum og stjórnsmálamönnum sem þurfa að tala góða íslensku en það er flokkað undir sama þemað, þar sem það snýst um mikilvægi þess að koma frá sér góðum texta, skrifuðum eða upplenum.

(52) R: Einmitt. Öm, eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst góð færni í íslensku mikilvæg?

V: Ekkert sem mér dettur í hug akkúrat núna sko (mhm)

R: En ef þú ímyndar þér bara svona úti í samfélaginu, er, eru einhver svona, eitthvað starf eða eitthvað svoleiðis sem þér finnst?

V: Það er líklega svona útvarp eða sjónvarp (mhm) hérna já. Eða, já svona rithöfundar eða fréttamenn (mhm). Helsta sem mér dettur í hug.

Þátttakendur hafa orð á því að við formlegar aðstæður, eins og þær sem krefjast einhvers konar framkomu, sé erfitt að taka einstakling alvarlegan sem tali ekki góða íslensku. Það sama segja þátttakendur Ásgríms, Finns og Sigurðar (2018).

Þá velja 12 þátttakendur samskipti sem aðstæður þar sem íslenskufærni er mikilvæg. Margir skilgreina samskiptin ekki sérstaklega, heldur bara samskipti við fólk

almennt. Þær aðstæður sem flestir nefna eru samt samskipti við eldra fólk eins og sjá má í (53) en nokkrir nefna einnig mikilvægi samskipta til þess að íslenskan deyi ekki út eins og kemur fram í (54).

(53) R: Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst góð færni í íslensku mikilvæg?

V: Próf og bara þegar þú ert í íslenskutímum yfir höfuð, umm ég myndi líka halda ef þú ert að tala við kannski eldri fólk, ég tala alltaf til dæmis, reyni að tala svona skýra íslensku þegar ég er að tala við eldri fólk, sem sagt ömmu mína og afa og líka einmitt núna þegar ég er í viðtali, þá reyni ég að tala svona vel. Uu, já.

(54) V: Ööm bara tjá sig við annað fólk eða þú veist þegar þú ert að tala við annað fólk (mhm) svona þá er mikilvægt að kunna rétta íslensku

R: Já. Afhverju finnst þér það mikilvægt?

V: Svo fólk skilji þig aðallega (mhm) líka bara svo eins og ég sagði áðan svo íslenskan deyi ekki út (já).

Nokkrir þátttakendur tala um starfsvettvanginn sem mikilvægar aðstæður fyrir góða íslenskukunnáttu. Yfirleitt er það ekki skilgreint nánar en einn þátttakandi talar um þjónustustörf, eins og sjá má í (55). Kennarastarfið var tilgreint sérstaklega og mikilvægi þess að kunna góða ensku fyrir þá sem sinna því starfi. Sumir tilgreina íslenskukennara en aðrir tala almennt um kennarastéttina, eins og t.d. í (56).

(55) R: Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst góð færni í íslensku mikilvæg?

V: Í vinnunni (já) eins og ég er í þjónustustarfi núna. Það getur skipt mjög miklu máli að vera ekki misskilinn (einmitt). Það kemur það sér vel að kunna góða íslensku.

(56) R:Mhm. Mm eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst góð færni í íslensku mikilvæg?

V: Nei, ég held ekki.

R: Einhverjar aðstæður frekar en aðrar sem þú getur ímyndað þér.

V: Jú náttúrliga ef þú ætlar að vera kennari þá er gott að vera góður í þessu sko.

Til viðbótar við þau þemu sem hafa verið talin upp nefna tveir foreldrahlutverkið annars vegar og tækifæri hins vegar þegar kemur að góðri íslenskufærni. Sá sem nefnir foreldrahlutverkið talar um mikilvægi þess að vera góð málmynd fyrir börn en til þess þurfi foreldrarnir sjálfir að vera færir í málinu. Sá sem nefnir tækifæri talar sérstaklega um inngöngu í skóla þar sem er bæði gott að geta haft gott vald á málinu en einnig að geta talað mörg tungumál. Áður en litið verður á svör við sömu spurningu um ensku er gagnlegt að skoða enskutenginguna í svörum.

(57) R: Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst góð færni í íslensku mikilvæg?

V: Þegar maður er að tala við gamalt fólk og bara halda fyrirlestur, og já, það segir mjög mikið.

R: Já, hvers vegna er það mikilvægt þar?

V: Af því að það er ekki gott að halda fyrirlestur fyrir marga og blanda ensku inni og gamalt fólk kann varla ensku.

Þátttakandanum í dæmi (57) finnst mikilvægt að halda fyrirlestur á góðri íslensku í stað þess að blanda ensku inn í og það sé sérstaklega vegna þess að „eldra fólk kann varla ensku“. Þetta bendir til þess að viðkomandi skilgreini slæma íslensku sem íslensku undir áhrifum frá ensku eða með enskuslettum. En lítum þá á við hvaða aðstæður þátttakendur telja gott að vera góður í ensku.

5.1.8 Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst mikilvægt að vera góð(ur) í ensku?

Þegar spurt er hvort það séu einhverjar sérstakar aðstæður þar sem er mikilvægt að vera góður í ensku fást nokkuð svipuð svör og þegar spurt var út í íslensku og einnig þegar spurt var hvort það væri mikilvægt að tala góða ensku. Þemun sem voru nefnd má sjá í töflu 14.

Tafla 14. Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst mikilvægt að vera góð(ur) í ensku?

Þema	Fjöldi
Samskipti	27
Erlendis	23
Í skóla	6
Framsögn	3
Afbreyingarefni	3
Engin ástæða	2
Tækni	1

Flestir, eða 27, nefna að í samskiptum sé mikilvægt að vera góður í ensku. Í (58) má sjá dæmi um slíkt svar þar sem viðkomandi talar um samskipti við fólk sem talar ekki íslensku.

(58) R: En góð færni í ensku, eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem hún er mikilvæg?

V: Ö já, ef þú ert að tala fyrir framan öm fólk sem kunna bara ensku en kunna ekki íslensku þá getur það verið mjög gott að kunna almennilega ensku.

Það er misjafnt hvort útskýrt sé nánar hvers konar samskipti sé um að ræða. Sumir nefna samskipti við ferðamenn á Íslandi og aðrir tala um samskipti við þá sem kunna ekki íslensku eins og í (55). Anna Jeeves (2010) komst að sömu niðurstöðu, þ.e. að í augum þátttakenda hennar væri enska mikilvæg í samskiptum við þá sem tala ekki íslensku. Nokkrir tala einnig um samskipti á ferðalögum erlendis þar sem íslenska er ekki töluð, en það síðastnefnda kom einnig fram í rannsókn Hafdísar og Ásrúnar (2018) þar sem þátttakendur þeirra töluðu um mikilvægi enskunnar fyrir tjáningu í útlöndum. Það sem þátttakendur Hafdísar og Ásrúnar nefndu einnig var afþreyingarefni sem erfitt er að skilja ef skilningur í ensku er lítill, þar sem efnið á efnisveitum eins og Netflix og Youtube er mikið til á ensku og lítið er textað. Í þessari rannsókn voru þrjár sem nefndu afþreyingarefni sem aðstæður þar sem mikilvægt væri að tala góða ensku.

(59) R: En sko... Má ég sjá... Sama í rauninni, eru einhverjar aðstæður, í þínu tilfalli, þar sem þér finnst góð færni í ensku vera mikilvæg?

V: Eh, kannski líka þegar þú ert að tala við fólk annars staðar frá sem að er sjálft ekki gott í ensku. Þá þarftu að vera svolítið góður í að tala hana skýrt og góð færni í ensku náttúrulega ef þú ert í skólanum og ert að reyna að skilja þyngra efni eða horfa á einhverja þætti eða myndir sem eru með svolítið þungum texta.

Í (59) má sjá dæmi þar sem þátttakanda finnst nauðsynlegt að vera vel að sér í ensku til að geta skilið þungan texta við myndir og þætti. Í (60) má sjá dæmi þar sem annars konar afþreying er nefnd, þ.e. bókalestur. Þessum þátttakanda finnst enskufærni nauðsynleg til að geta lesið bækur á ensku og eins og í fyrra dæminu til að skilja textann á til dæmis Youtube og Netflix:

(60) R: Ókei. en eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst góð færni í ensku mikilvæg?

V: Já, mér finnst gaman að lesa enskar bækur. (ókei) og svo finnst mér gaman þú veist bara á YouTube og Netflix og þá get ég kannski lesið textann og eitthvað (já). Mér finnst gott að skilja hann.

R: Einmitt, Ertu með textann þá á hvaða tungumáli?

V: Ensku.

R: Já, náttúrulega ekki komin íslenska á allt.

Alls eru 23 sem nefna mikilvægi góðrar enskufærni erlendis. Það tengist samskiptunum, en er flokkað sem annað þema vegna þess að það var sérstaklega talað um það að fara

erlendis og eiga samskipti þar. Flestir voru með ferðalög í huga en einnig var minnst á betri möguleika ef stefnan væri sett á flutninga til útlanda, til dæmis í nám.

(61) R: Já. En svona góð færni í ensku. Einhvers staðar þar sem er mikilvægt að vera alveg góður í ensku. Eitthvað þannig sem þú getur ímyndað þér?

V: Náttúrulega ef þú ferð í nám þú veist til útlanda eða vinnur þar sem þú veist í útlöndum eða þar sem einhver talar ekki íslensku.

Þar að auki er einn sem nefnir tæknina en það kom líka fram í kafla 5.1.4. Þar er átt við t.d. forritun sem er á ensku, samkvæmt þátttakandanum í (62). Þar að auki nefndu sex að það væri mikilvægt að hafa góða færni í ensku í skóla, sem einnig kom fram í köflum 5.1.2 og 5.1.4. Próf, einkunnir eða verkefni eru nefnd sem dæmi hér, eins og sjá má í (63).

(62) R: Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst góð færni í ensku mikilvæg?

V: Já, í tölvum, þegar maður er að forrita og alls konar og síðan líka allur heimurinn talar ensku bara, nánast, og það er mjög gott að kunna ensku.

(63) R: Eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst góð færni í íslensku mikilvæg?

V: Umm próf (hl).

R: Já, en eru einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst góð færni í ensku mikilvæg.

V: Próf og í útlöndum og svoleiðis.

Aftur berst framsögn í tal en mun færri telja að hvers kyns framkoma skipti máli í ensku en í íslensku, þar sem einungis þrír nefna það í tengslum við ensku en í íslensku var framsögn það þema sem flestir nefna. Það má líklega útskýra þannig að unglingar fái sjaldnar tækifæri til að tala ensku fyrir framan hóp en íslensku, nema ef til vill að einhverju leyti í skólanum. Í (64) má sjá dæmi þar sem þátttakandi nefnir sjónvarpsviðtal á ensku sem aðstæður sem krefjast góðrar enskufærni.

(64) R: En finnst þér vera einhverjar sérstakar aðstæður þar sem þér finnst góð færni í ensku mikilvæg? Einhverjar tiltekna aðstæður

V: Mm þegar þú ert að tala fyrir framan t.d. bara sjónvarp á ensku (mhm). Þá þarftu að vera góður í ensku (mhm). Annars getur maður verið, geta allir gert grín að manni og svona (mhm mhm).

Til að ljúka umfjölluninni um þær aðstæður sem krefjast góðrar íslensku- eða enskufærni verða hér borin saman þau þemu sem komu fram í hvorri spurningu fyrir sig.

Þegar spurt var um íslensku voru þemun fleiri en í enskuspurningunni. Flestir nefndu skóla, samskipti og framsögn sem mikilvægar aðstæður fyrir íslenskufærni. Sömu þemu komu fram í tengslum við enskuna, en talsvert færri nefndu þar framsögn og skóla. Samskipti völdu flestir, auk þess að nota ensku erlendis. Síðarnefndi valmöguleikinn kom hvorki fram í tengslum við íslenskuna, né afþreyingarefni og tækni, enda um að ræða aðstæður sem krefjast frekar kunnáttu í ensku en í íslensku. Þemun sem komu fram í tengslum við íslensku en ekki ensku voru tækifæri, í starfi, sem foreldri og kennaramenntun. Tvö síðastnefndu atriðin eiga betur við móðurmál en erlent mál en tækifæri komu þó fram hjá fleirum þegar spurt var hvort það væri mikilvægt að tala góða ensku. Mikilvægi íslensku á starfsvettvangi á frekar við móðurmál heldur en erlent mál þar sem gengið er út frá því að samskipti innan vinnustaða fari fram á íslensku frekar en ensku, þrátt fyrir að það sé ekki endilega raunin eins og Ari Páll Kristinsson (2017) talar um í bók sinni því áhrifa ensku gætir á mörgum sviðum íslensks atvinnulífs, eins og t.d. innan viðskipta, tækni og vísinda.

5.1.9 Finnst þér þú hafa fengið mállegt uppeldi?

Þegar spurt var hvort þátttakendur hefðu fengið mállegt uppeldi svöruðu flestir að svo væri. Eins og sjá má í töflu 15 sögðu 36 þátttakendur já, tíu voru í vafa og tveir sögðu nei.

Tafla 15. Finnst þér þú hafa fengið mállegt uppeldi? 1

Svar	Fjöldi
Já	36
Ekki viss	10
Nei	2

Nokkrar fjölbreyttar hugmyndir komu fram og sumar báru vott um misskilning gagnvart hugtakinu þar sem þátttakendur voru ekki vissir hvað hugtækið fæli í sér Einungis þau hugtök sem eiga við uppeldi verða talin upp.

Tafla 16. Finnst þér þú hafa fengið mállegt uppeldi? 2

Þema	Fjöldi
Leiðréttingar	15
Íslenska töluð á heimilinu	8
Veit ekki	7
Kennsla í íslensku á heimilinu	6
Lestur	5
Orðaforði	2
Fleiri en eitt tungumál	2
Ekki enska	1
Góður skilningur	1
Kennt fljótt að tala	1

Flestir segja að leiðréttingar séu hluti af mállegu uppeldi og margir hafa reynslu af því að vera leiðrétt af foreldrum sínum. Aðrar rannsóknir (sbr. Hólmsfríði Helgu S. Thoroddsen, 2016; Ásgrím Angantýsson, Finn Friðriksson og Sigurð Konráðsson, 2018) benda einnig til þess að leiðréttingar séu ofarlega í huga unglunga í tengslum við mállegt uppeldi.

- (65) R: Nei. Sko útaf því við tölum um uppeldi þá snýst þetta líka svolítið svona um hvort foreldrar þínir eða aðrir forráðamenn hafi verið svona að husa um tungumálið, lagt einhverja áherslu á það.
 V: Nei bara svona leiðrétt mann, þú veist ef maður talar vitlaust eða segir eitthvað vitlaust orð þá svona...
 R: En varstu sem sagt leiðrétt þannig?
 V: Já, alveg oft. Og það hjálpaði mér mjög mikið.

Í dæmi (65) segir þátttakandinn að leiðréttingar foreldranna hafi borið árangur og hjálpað mikið. Í (66) nefnir annar þátttakandi leiðréttingar en tekur það þó fram að ekki megi vera of mikið af þeim vegna þess að það geti gert málnotandann óruggan. Hann talar sjálfur um að finnast óþægilegt að vera leiðréttur of mikið og verður óruggur með mál sitt.

- (66) V: Ö, bara.. þarna að segja orðin bara rétt, en að vera samt ekki alltaf að leiðrétt út af því að það gerir þig svona óruggan og, já. Mér finnst það ekki þægilegt þegar fólk leiðréttir mig mjög oft því þá svona líður mér illa eiginlega með hvernig ég tala og svona (mhm), þúveist.

Leiðréttingar er einn partur málstýringar og hreintungustefnu þar sem reynt er að hafa áhrif á málið með beinum hætti. Það sem átt er við hér og það sem flestir þekkja eru leiðréttingar og leiðbeiningar um „réttu beygingu“, eins og t.d. þágufallshneigð, enda hefur hún verið nefnd áður af þátttakendum í viðtölunum í þessari ritgerð. Sú staðreynd að leiðréttingar sé sá þáttur sem flestir telja að móti mállegu uppeldi gefur sterka mynd af stöðu hreintungustefnunnar á Íslandi en við virðumst hneigjast til leiðréttinga þegar við heyrum málfar sem ekki er viðurkennt. Beygingar eru nánast einungis nefndar sem dæmi um málfarslega þætti sem hafa verið leiðréttir, að undanskildu einu dæmi þar sem þátttakandi segir að rangur framburður sinn hafi ekki verið leiðréttur. Það tengist einu orði sem þátttakandi sagði vitlaust, *neta* í stað *hneta*, þ.e. með rödduðu /n/ í stað óraddaðs. Samkvæmt þessu þykir mikilvægara að leiðréttu suma þætti en aðra í málfarsuppeldi.

Sjö þátttakendur segjast ekki vita hvað hugtakið mállegu uppeldi felir í sér og átta tala um samskipti á íslensku á heimilinu, eins og sjá má í (67).

(67) R: Já. Hvað finnst þér felast í góðu mállegu uppeldi? Þú nefnir leiðréttingar en...

V: Já kannski eitthvað sem ég kann sem þau segja vitlaust og svoleiðis (R: Ókey.) en felast því, bara kannski líka hafa mikil samskipti við börnin því að þannig lærir maður tungumálið í rauninni.

Sex þátttakendur tala um almenna íslenskukennslu á heimilinu en útskýra ekki nánar hvers konar kennsla það er. Þar að auki nefna tveir að í mállegu uppeldi sé lögð áhersla á orðaforða. Í (68) má sjá dæmi þar sem þátttakandi talar um endurtekningu orða við börn, eins og til dæmis litina.

(68) R: hvað finnst þér felast í mállegu uppeldi?

V: Bara að það hafi verið kenndar bara að tala almennilega og það hafi verið reynt að kenna þér orðin almennilega (mhm) svo já.

R: Hvernig gerir maður það með krakka?

V: Öhm setja mikla áherslu í orðin (mhm) og þú veist reynir að segja sama orðið aftur við þig þú veist eins og þegar það er verið að kenna hvað litirnir þá bara segja þetta er rauður (mhm) þetta er rauður eitthvað þannig þangað til að krakkinn byrjar að kunna það samt það er dálítið erfitt að kenna litlum krakka málfræði svo þú veist (já einmitt) þá getur kennt honum í minnsta lagi hvað orðin þýða (einmitt).

Fimm tala um bókalestur og eiga þá við að foreldrarnir lesi fyrir börnin sín en einnig að börnin séu hvött til að lesa sjálf. Sömu hugmyndir komu fram hjá Hólmsfríði Helgu S. Thoroddsen (2016) en þátttakendur hennar töluðu um lestur sem hluta af mállegu uppeldi. Sjáum eitt dæmi um mikilvægi lesturs í (69).

- (69) R: Til dæmis bara samræður. Var talað mikið saman í fjölskyldunni?
V: Það getur skipt miklu máli.
R: Eða lesið fyrir þig þegar þú varst lítill.
V: Já eitthvað. Ég var líka, ég las sjálfur. Þau voru alveg að redda bókum og eitthvað.

Þar að auki nefna tveir einstaklingar að mállegt uppeldi feli í sér að kunna og læra fleiri en eitt tungumál á máltökuskeiðinu. Annar þátttakandi nefnir að það hafi verið mikilvægt fyrir móður hans að börnin hennar lærðu fleiri tungumál en íslensku á yngri árum. Vegna flutninga á milli landa var það mögulegt. Í (70) nefnir hinn þátttakandinn það sama og talar um hversu vel það gekk að læra tvö mál vel sem hafði stuðlað að mállegu uppeldi að hans mati.

- (70) R: Finnst þér þú hafa fengið gott mállegt uppeldi?
V: Já.
R: Já, hvernig?
V: Sko af því ég kann, ég var alin upp tvö tungumál, þýska og íslenska, og ég tala bæði mjög vel þannig að, ég veit eiginlega ekki alveg hvernig, bara einhvern veginn gekk bara mjög vel.

Einn nefnir að það sé mikilvægt að börnum sé kennt að tala snemma og það stuðli að mállegu uppeldi. Tveir tala um að mállegt uppeldi eigi að vera laust við öll ensk áhrif. Í (71) er dæmi um það.

- (71) R: Hvað finnst þér vera, felast í góðu mállegu uppeldi, ef þú getur nefnt..
V: Bara tala íslenskuna alltaf, bara ekkert vera þú veist með mikið af ensku og íslenskt, uu svona sem krakki að horfa á íslenskt barnaefni og ekki enska barnaefnið, og svona bara grunnur að góðri íslensku.

Í (71) er þátttakandinn á þeirri skoðun að börn eigi að tala íslensku og horfa á íslenskt efni og þannig fái þau góðan grunn í íslensku. Enskt tal og enskt barnaefni eigi ekki við í mállegu uppeldi. Í (72) nefnir þátttakandi reynslu sína af samskiptum á heimilinu, en foreldrar hans vilja ekki að ensku sé blandað inn í íslenskt mál hans.

- (72) R: Finnst þér þú hafa fengið mállegt uppeldi?
V: Já, allavega í íslenskunni, það er bara töluð íslensku heima hjá mér og mamma mín og pabbi vilja alltaf að ég tala íslensku við þau.
R: Okei.
V: Vilja ekki að ég blandi enskunni í það.

Tveir þátttakendur sögðust ekki hafa fengið mállegt uppeldi og annar þeirra útskýrði hvers vegna hann teldi svo vera. Í (73) segir hann að foreldrar hans hafi ekki leiðrétt hann mikið og kannski ekki velt því mikið fyrir sér heldur þegar hann var yngri, en þeir séu farnir að gera það í dag.

(73) R: Nei. Finnst þér þú hafa fengið gott mállegt uppeldi?

V: Nei.

R: Nei. af hverju ekki?

V: Ö, foreldrar mínir voru kannski svolítið latir við að leiðrétta mig þegar ég var lítil (mhm). Þau eru byrjuð á því núna (já) en já nei eða semsagt voru ekki alveg að einbeita sér að því þannig að.

Af 48 þátttakendum var stór hluti sem sagðist hafa fengið mállegt uppeldi, eða 36 manns. 10 voru ekki vissir og tveir sögðu nei. Þegar spurt var hvað fælist í mállegu uppeldi komu ýmsar hugmyndir fram. Flestir nefndu leiðréttingar og fannst það vera stór þáttur í uppeldi góðs málnotenda. Íslensk samskipti á heimilinu voru einnig nefnd og að foreldrarnir kenni börnum sínum íslensku. Tveir útskýrðu það nánar og sögðu að orðaforði væri mikilvægur og sérstaklega gömul orð, sem mikilvægt væri að halda við í málinu. Nokkrir voru ekki vissir hvað mállegt uppeldi fæli í sér. Fimm sögðu lestur vera mikilvægan, hvort sem foreldrarnir læsu fyrir barnið eða þau sjálf. Að foreldrarnir kenndu börnunum sínum fljótt að tala berst einnig í tal, sem og að læra fleiri en eitt tungumál á máltökuskeiði og að ensk áhrif væru ekki í máli barnanna.

5.1.10 Þarftu stundum að nota ensku í daglegu lífi á Íslandi?

Þegar spurt er hvort þátttakendur noti ensku í daglegu lífi á Íslandi svara flestir, eða 41, að þeir noti hana að einhverju leyti, en yfirleitt ekki mikið. Sjö svara því að þeir noti ekki ensku á Íslandi, nema í afþreyingu eins og sjónvarpsáhorf. Það er skilningur flestra á spurningunni að átt sé við virka notkun, þ.e. tal eða skrif og svörin eru eftir því. Nokkrir taka það fram að þeir þurfi ekki mikið að nota ensku á Íslandi, og leggja sérstaka áherslu á þurfa, en noti hana samt að einhverju leyti.

Tafla 17. Þarftu stundum að nota ensku í daglegu lífi á Íslandi?

Svar:	Fjöldi
Já	41
Nei	7

Þegar spurt er út í ástæður sem verða til þess að þátttakendur þurfi að tala ensku í daglegu lífi segja nánast allir einhvers konar samskipti, meðal annars við ferðamenn á Íslandi, t.d. þegar spurt er til vegar. Það virðast vera algengustu aðstæður virkrar enskunotkunar.

(74) R: Mhm, ókei. Ö, en þarftu stundum að nota ensku í daglegu lífi á Íslandi?

V: Mjög sjaldan (mhm).

R: En ef þú þarft að nota hana, í hvaða aðstæðum væri það?

V: Þú veist, bara hjálpa túristum og eitthvað svona.

Nokkrir tala um samskipti við erlenda samstarfsmenn eða skólafélaga sem tala ekki íslensku, einn þátttakandi talar um tölvuleikjaspilun þar sem hann á í samskiptum við erlenda spilara og örfáir minnst á vini í útlöndum eða vini íslenskra ættingja í útlöndum. Í (75) má sjá dæmi um samskipti við þá sem tala ekki íslensku.

(75) R: Mhm, þarftu stundum að nota ensku í daglegu lífi á Íslandi?

V: Mmmm, kannski jú þegar ég er að vinna í einhvers staðar, þá eru líka útlendingar að vinna, þá þarf maður að tala ensku en samt ekkert það mikið því það eru alveg líka Íslendingar.

Þó að flestir nefni samskipti við þá sem tala ekki íslensku, þá voru það ekki einu aðstæðurnar sem þátttakendur nota ensku í. Nokkrir tala um eigin enskunotkun í samskiptum við aðra Íslendinga en þá er aðallega átt við frasa eða hluta úr setningu eða einstaka orð sem þau muna ekki hvernig á að segja á íslensku.

(76) V: Ö ekki endilega ég þurfi þess (nei). Samt ég geri það stundum út af þú veist ef ég sem stundum finn ég ekki hvað orðin þýða á íslensku (mhm) þá nota ég bara enska orðið yfir það (já) og líka hinsegin.

R: En það eru þá bara svona orð inni í íslenskum setningum?

V: Já.

(77) R: Þarftu stundum að nota ensku í daglegu lífi á Íslandi?

V: Já, þegar ég man ekki orðið sem er á íslensku en ég man það frekar á ensku, þá nota ég bara frekar enska orðið, þúveist þegar ég er að tala við vini mína og svona. En ég nota ekki ensku.. bara rosalega oft bara í daglegu lífi.

Nokkuð bar á svipuðum dæmum eins og í (76) og (77). Það virðist nokkuð algengt að þátttakendur eigi í vandræðum með að finna orð á íslensku og noti því frekar enska orðið, sem virðist vera auðveldara að finna. Í dæmi (78) talar þátttakandinn um að hann flakki á milli íslensku og ensku þrátt fyrir að eiga í samskiptum við íslenskumælandi vini sína.

- (78) R: Þú segir að þú talir á messenger á ensku, ertu að tala við aðra íslenska krakka?
V: Nei, ég, eða það er kannski þegar að ég er með vini mína, þá er ég kannski að djóka um eitt- eða svona gera grín um eitthvað kannski, og það kannski tengist upphaflega um ensku, þá er ég stundum oft að flakka milli ensku og íslensku en ég er líka alveg að tala við nokkra sem að eru ekki íslenskumælandi.

Umræða um grín kom einnig upp í einu viðtalinu. Þar segir þátttakandi frá því að sumt hljómi fyndnara á ensku og að hann velji oft frekar að horfa á afþreyingarefni á ensku af því að það sé skemmtilegra. Það kom einnig fram í rannsókn Önnu Jeeves (2010) að brandarar hljómi stundum betur á ensku en á íslensku. Sjáum dæmi úr viðtalinu í (79).

- (79) R: Héna, þú nefndir áðan að þú notar ensku í vinnunni svolítið. (V: Já.) Notarðu ensku í einhverjum öðrum aðstæðum í daglegu lífi á Íslandi?
V: Uhm, já, mér finnst svona yngri kynslóðin alveg nota svolítið mikið ensku bara svona í daglegu lífi og ég nota hana alveg... Ég... Kannski ekki alltaf í daglegu lífi en eins og ég á frændfólk í útlöndum og þar er ég að tala ensku við vini þeirra, þá er mjög gott að kunna ensku og bara ef maður hittir eitthvað fólk sem talar ekki íslensku eða svoleiðis.
R: Mhm. Þú nefnir yngri kynslóðina að nota ensku sín á milli. (V: Já.) Er það þá kannski stök orð eða, eða talar saman á ensku?
V: Mm, ég þekki alveg til krakka sem tala alveg ensku í skólanum sko en, alveg mjög mikið, en við kannski notum setningar eða eitthvða svona þannig eða skrifum eitthvað á ensku því það hljómar fyndnara eða þannig.
R: Ókey, ég skil. Svona heilt yfir lítið, að þú skulir nota, eða þurfir að nota ensku í þínu daglega lífi (V: Mhm.) eh, hvað finnst þér um það?
V: Mér finnst það bara gaman sko. Eða mér finnst enska mjög skemmtileg sko en að mörgu leyti finnst mér margt skemmtilegra á ensku eins og með að horfa á hluti á ensku finnst mér oft skemmtilegra. (R: Mhm.) Svona fyndnari húmorinn.

Það er áhugavert að unglingum finnst ákveðnir hlutir fyndnari á ensku en á íslensku og velji því frekar að nota enskuna. Það sem vekur einnig athygli í dæmi (76) er mikil enskunotkun yngri kynslóðarinnar eins og þátttakandann orðar það. Hann nefnir að krakkar tali mikið ensku sín á milli en enska einkenni frekar hluta setninga í hans máli, heldur en heilu samtölin. Fleiri þátttakendur hafa orð á mikilli enskunotkun í umhverfi sínu eins og í (80).

- (80) R: Hvað finnst þér um það, að þurfa að nota ensku?
V: Mér finnst það allt í lagi (mhm) af því að bara ef ég er að reyna að hafa mannleg samskipti við aðra manneskju og kannski reyna að kynna henni, þá finnst mér það bara í fullkomlegu -legu lagi sko. En, eitt sem ég hef aldrei skilið er, héna, að margir krakkar á þessari braut sem að eru Íslendingar en vilja ekki tala íslensku svo að þau tala á ensku allan daginn í skólanum, svo koma þau heim og tala íslensku við foreldra sína en í skólanum tala þau ensku og læra og allt á ensku, þetta er

eitthvað sem að ég hef aldrei skilið, þetta er eitthvað svona, ég á mjög marga vini sem að sletta mikið á ensku og hérna, einn góður kunningi minn, hann hérna kann, eða bara sum orð en hefur kannski, eitt, um daginn sagði hann mér að hann hefði aldrei heyrt orðið lungnabólga, vissi ekki hvað það var sko, út af því að hann bjó einu sinni úti í Englandi en hann er búinn að búa hér á Íslandi mjög lengi en hafði aldrei vitað hvað orðið yfir lungnabólgu var á íslensku, hann vissi það bara á ensku (mhm) og hann slettir rosalega mikið en þá bara reyni ég að hjálpa honum

Samkvæmt (80) er um að ræða einstaklinga sem skipta um mál eftir málaðstæðum. Í skólanum og meðal vinanna tala þessir einstaklingar ensku og vilja ekki tala íslensku, samkvæmt þátttakandanum, nema heima við foreldra sína. Þetta samræmist niðurstöðum vefkönnunar SMS-verkefnisins sem voru birtar í grein á Mbl.is þar sem greint var frá því að þriðjungur unglinga á aldrinum 13-15 ára væri frekar eða mjög sammála því að þau töluðu stundum ensku í samskiptum við aðra Íslendinga (Þórunn Kristjánsdóttir, 2018). Þetta dæmi sýnir einnig fram á mikið virkt enskuílag þessara þátttakenda, en Dagbjört Guðmundsdóttir (2018) sýndi í rannsókn sinni að meira væri um óvirkt ílag unglinga í þessum aldurshópa en þó var um að ræða talsvert mikla virka notkun líka. Könnun Birnu Arnbjörnsdóttur (2011) sýndi einnig fram á meiri óvirka notkun en virka en hafa skal í huga að sú rannsókn var gerð um það leyti sem snjalltækin voru að koma til sögunnar svo mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá. Þetta samræmist hins vegar niðurstöðum Samúels Lefever (2010) og Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar (2018) um leik barna á ensku þar sem virk notkun ensku fer fram. Það á þó heldur við yngri börn en eldri en hvort tveggja er enskunotkun í samskiptum Íslendinga.

Þátttakendur hafa misjafnar skoðanir á enskunotkun Íslendinga. Í (81) má sjá dæmi úr viðtali þar sem þátttakanda finnst skrítið að Íslendingar skuli tala saman sín á milli á ensku:

(81) R: En þarftu stundum að nota ensku í daglegu lífi á Íslandi?

V: Uu já þegar það eru útlendingar sem að eru ekki búnir að læra íslensku (mhm) skilja þá frekar ensku (já).

R: Og hvað finnst þér um það? Að nota enskuna svona daglega.

V: Uu mér finnst það allt í lagi þegar maður er að tala við fólk sem skilur ekki íslensku (mhm) en mér finnst það verra þegar maður er að tala við fólk sem að skilur íslensku (já). Þegar maður heyrir þau tala ensku við hvort annað mér finnst það skrítið ((hl)) (já ég skil þig).

Þessi viðhorf sem koma fram í viðtölunum koma gjarnan í kjölfar þess að rannsakandi spyr hvað þátttakendum finnst um það að tala ensku daglega. Tuttugu þátttakendur

svöruðu spurningunni og flestir voru jákvæðir í garð hennar, eða átján manns. Tveir voru það samt ekki og sögðust frekar vilja tala íslensku á Íslandi eins og sést í dæmi (82).

- (82) R: Og hvað finnst þér um það?
V: Allt í lagi en samt ekki (mhm).
R: Af hverju samt ekki?
V: Út af því við búum á Íslandi (mhm).
R: Myndirðu frekar bara vilja tala íslensku?
V: Já en samt kunna ensku.

Þeir sem hafa jákvætt viðhorf segja að þeim finnist „bara fínt“, „allt í lagi“ eða jafnvel „mjög skemmtilegt“ að tala ensku á Íslandi. Nokkrir tala um að þetta sé góð æfing og einn þátttakandi talar um að þetta sé bara þróunin, eins og sjá má í (83):

- (83) R: Þarftu stundum að nota ensku í daglegu lífi á Íslandi?
V: Já, í skólanum, sumt námsefni er á ensku, og síðan líka í fótbolta þá þurfum við að svara spurningum sem eru á ensku sem koma frá einhverju fyrirtæki í útlöndum, já.
R: Hvað finnst þér um það?
V: Bara allt í lagi, ég held að það sé bara þróunin.

Af þeim svörum sem hafa verið rekin hér á undan má áætla að flestir eigi í einhverjum samskiptum á ensku á Íslandi, en algengast er að um sé að ræða samskipti við ferðamenn þótt það geti einnig verið við erlenda samstarfsfélaga, skólafélaga eða vini. Nokkur fjöldi þátttakenda talar um að nota ensku í eigin máli og/eða segist þekkja aðra sem nota mikla ensku þegar þau tala við íslenskumælandi vini sína. Algengast er að notuð séu einstök orð eða jafnvel hluti setningar. Samt eru einnig dæmi um einstaklinga sem tala ensku á skólatíma við vini sína en íslensku við foreldra sína, samkvæmt einum þátttakandanum. Þetta styður þann orðróm sem heyrst hefur, að börn og unglingar noti talsverða ensku í máli sínu, einstaka orð eða setningar eða hreinlega heil samtöl. Þegar spurt var út í hvað þátttakendum þætti um að tala ensku á Íslandi var mikill meirihluti jákvæður. Það má draga þá ályktun af þessum svörum þátttakenda að þeir séu frekar jákvæðir í garð enskunnar og virkrar notkunar hennar á Íslandi. Þeim þykir skemmtilegt að tala við ferðamenn á Íslandi og vísa þeim til vega til dæmis.

5.1.11 Samantekt á niðurstöðum viðhorfsspurninga

Niðurstöður viðtalanna benda til þess að viðhorf 13-16 ára til íslensku og ensku séu nokkuð svipuð, að minnsta kosti ef litið er til fjölda jákvæðra/neikvæðra svara við hverju

spurningapari. Það er þó hægt að draga ýmsar ályktanir út frá svörunum og þemunum sem koma fram. Enska tengist oft því sem er spennandi, að tala við útlendinga sem þykir yfirleitt skemmtilegt, að fara til útlanda og áhorfi afþreyingarefnis á ensku. Tjáning og samskipti skipta mestu máli í ensku en málfræði og rétt mál sem ekki þykja eins spennandi eru mikilvægust í íslensku. Mun meiri áhersla er lögð á rétt mál í tengslum við íslensku en ensku og þátttakendur nefna að það skipti máli að fallbeygja rétt, raða orðum rétt upp í setningar o.s.frv. en málfræði er jafnframt það sem þátttakendur telja sig besta í en að sama skapi versta. Þessar niðurstöður eru í takt við umræðuna um leiðréttingar sem unglingar verða fyrir af hálfu fjölskyldu og skóla og eru í samræmi við hreintungustefnuna á Íslandi, þ.e. að málvillur skuli leiðréttar enda eigi fólk að leitast við að tala rétt og gott mál. Unglingarnir finna fyrir þessu og leitast því við að fara eftir þessu sjálf, en jafnframt virðast leiðréttingar í stórum stíl geta haft þær afleiðingar að sjálfstraust unglinga minnkar þegar kemur að því að tala íslensku. Þetta leiðir af sér nokkuð neikvætt viðhorf til íslenskunnar þar sem áherslan er lögð á einhvers konar skyldu eins og þá að tala rétt mál, fá góðar einkunnir, leiðréttingar og fleira.

Þrátt fyrir ákveðna neikvæðni í garð íslenskunnar ber á virðingu fyrir málinu í svörum þátttakenda. Þeir tala um eftirsóknarverða virðingu sem þeir öðlast í samskiptum við útlendinga sem finnst íslenska fallett mál og þannig finna þau fyrir stolti yfir því að vera Íslendingar. Með því að tala gott mál við ömmur og afa öðlast þau einnig virðingu frá þeim. Þau gera sér grein fyrir því að mál krefjast mismunandi málsniðs og tala um að tala betra og skýrara mál við ömmur og afa og í formlegum aðstæðum, eins og í ræðuhöldum og í starfi fréttamanna og rithöfunda. En þau eru ekki bara stolt af íslenskunni og sækjast eftir virðingu heldur er þeim einnig annt um hana. Það koma fram áhyggjur af framtíð hennar, þeim finnst mikilvægt að henni sé haldið við enda sé hún einstök og tengi okkur við fortíðina, t.d. með Íslendingasögunum.

Unglingarnir eru meðvitaðir um enskuslettur og áhrifin sem enska getur haft á íslenskuna. Nokkrir telja sig slæma í íslensku vegna slettna og segja að mál þeirra sé nokkuð enskuskotið. Flestum finnst gaman að tala ensku og hafa sumir orð á því að ákveðnir hlutir séu skemmtilegri á ensku en á íslensku. Þeir sækjast eftir því að horfa á erlent efni og hafa jafnvel enskan texta. Frasar og brandarar eru oft sagðir á ensku af því að það reynist erfitt að þýða þá yfir á íslensku án þess að merkingin og skemmtanagildið tapist.

Eins og við var að búast eru áherslurnar misjafnar á milli mála enda er hér um að ræða móðurmál og erlent mál þó að skilin þar á milli séu mögulega minni en áður var að

mati sumra þátttakenda en það má greina sérstaklega í svörum þeirra sem líta þannig á að sá sem er góður í ensku sé með betri færni í ensku en íslensku, tali reiprennandi ensku og hiki ekki í samræmum. Það er nokkuð strangar kröfur til erlends máls.

Í samanburði við niðurstöður viðhorfsstaðhæfinganna í vefkönnuninni virðast þátttakendur vera nokkuð jákvæðari í garð íslenskunnar í viðtölunum. Þar er lítil munur á jákvæðni í garð íslensku annars vegar og ensku hins vegar. Yfirleitt voru þátttakendur nokkuð jákvæðir til beggja mála í viðtölunum en eins og sjá má í kafla 5.2 voru fimm þátttakendur sem örlítið jákvæðari til ensku en íslensku en þann mun sem var á jákvæðni til hvors máls í vefkönnuninni var ekki að finna í viðtölunum.

Til að svara fyrstu rannsóknarspurningunni um hvaða viðhorf unglingar hafi til íslensku og ensku, sjá (1a) í inngangi, má sjá mun í þemunum sem þátttakendur nefna. Í þeirra augum er enska spennandi og henni fylgir ýmislegt eftirsóknarvert, eins og þemun: samskipti í útlöndum, áhorf á erlent afþreyingarefni og að leiðbeina ferðamönnum á Íslandi. Íslenska er tengd við skóla, boð og bönn eins og þemun: góðar einkunnir, tala rétt mál og vera leiðréttur. Viðhorf til beggja mála eru þó nokkuð jákvæð, en áherslurnar eru ólíkar. Þátttakendum finnst mikilvægt að kunna ensku en eru einnig stoltir af því að vera Íslendingar og tala íslensku.

5.2 Áhrif jákvæðni til ensku á viðhorf til íslensku

Til að svara rannsóknarspurningunni um áhrif jákvæðs viðhorfs til ensku á viðhorf til íslensku, sjá (1b) í inngangi, voru svör þátttakenda skoðuð með það að leiðarljósi að finna þá sem væru jákvæðari í garð ensku en íslensku. Fimm þátttakendur reyndust hafa jákvæðara viðhorf til ensku en íslensku. Það sem þessir þátttakendur áttu sameiginlegt var að við spurningunni „finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku“ voru svörin neikvæðari en ella og oftast á þá leið að íslenska væri mikilvæg en eingöngu fyrir þá sem sæju fram á búsetu á Íslandi í framtíðinni, annars ekki. Þetta samræmist niðurstöðum Lilju Bjarkar Stefánsdóttur (2018a) um heimdraga og heimsborgara, þar sem heimsborgarar voru með jákvæðara viðhorf til ensku en íslensku.

(84) R: Ok. Finnst þér þú tala góða ensku?

V: Já.

R: Geturðu útskýrt það eitthvað nánar?

V: Ég tala rétt eiginlega mest með ensku. Ég mér finnst enska bara miklu léttari heldur en íslenska.

R: Ok. Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?
V: Já á Íslandi já (mhm).
R: Finnst þér þú græða eitthvað á því?
V: Nei.
R: Ok. Finnst þér mikilvægt að tala góða ensku?
V: Það fer eftir ef þú býrð bara alltaf á Íslandi þá nei en ef þú ferð út þá já.

(85) R: Mhm. Finnst þér þú græða eitthvað á því að tala góða íslensku?
V: Nei, ekkert þannig.
R: Og finnst þér þú græða eitthvað á því að tala góða ensku?
V: Jáá, þá gætirðu til dæmis unnið úti (mhm) og þú veist þú átt auðvelt með að, auðveldara með samskipti við fólk frá öðrum löndum, og þúveist það kunna ekki margir íslensku svo (mhm), þúveist mér finnst mjög mikilvægt að læra ensku.

Í (84) og (85) eru dæmi frá þátttakendum sem töldu íslensku óþarfa ef ekki væri stefnt á búsetu hérlendis í framtíðinni. Þetta gefur vísbendingu um að framtíðarbúseta skipti máli þegar kemur að viðhorfum til tungumála og rímar við niðurstöður Lilju Bjarkar Stefánsdóttur (2018a). Þeir þátttakendur sem voru jákvæðari í garð ensku en íslensku höfðu þó ekki orð á því að þeir stefndu á að búa erlendis, heldur var þetta almennt þeirra skoðun um búsetu og tungumál. Til þess að hægt væri að fá skýrari mynd af þessum viðhorfum þyrfti að fá stærri hóp fólks sem væri jákvæðari til ensku en íslensku, en þessar niðurstöður varpa þó ákveðnu ljósi á viðhorf málanna sem áhugavert væri að skoða betur, sjá einnig umfjöllun Lilju Bjarkar (2018a).

Jákvætt viðhorf til ensku virðist almennt ekki hafa mikil áhrif á viðhorf til íslensku samkvæmt svörum þátttakenda en það svarar annarri rannsóknarspurningunni þar sem spurt var hvaða áhrif jákvætt viðhorf til ensku hefði á viðhorf til íslensku, sjá (1b) í inngangi. Áhrifa gætir helst í spurningunni um mikilvægi íslenskunnar, þar sem þeim sem eru jákvæðir til enskunnar finnst mikilvægt að tala íslensku ef stefnt er á búsetu á Íslandi, annars ekki. Jákvætt viðhorf til ensku hefur því áhrif á mikilvægi íslenskunnar út frá búsetuáformum.

5.3 Neikvæð viðhorf til málanna

Yfirleitt voru þátttakendur jákvæðir til spurninganna, en það sést sérstaklega á lokuðu spurningunum sem buðu upp á já/nei valkosti. Þá eru tölurnar skýrar, þ.e. hversu margir eru jákvæðir og hversu margir neikvæðir, en hvort svörin eru jákvæð eða neikvæð við opnu spurningunum er huglægt mat rannsakanda, þar sem svarið er ekki beint já eða nei. Þegar spurt er hvort þátttakendur telji sig góða í íslensku sögðu fimm nei og tíu nei þegar spurt var um ensku.

(86) R: Finnst þér þú tala góða íslensku?

V: Nei eiginlega ekki.

R: Ókey, geturðu nokkuð útskýrt það? Eða hvað áttu við?

V: Mm, stundum ber ég bara orðin fram vitlaust og kannski segi ég vitlaus þegar, eða svona orðin í röngum föllum og eitthvað svoléiðis.

Í (86) má sjá dæmi þar sem viðkomandi telur sig ekki vera góðan í íslensku. Svipað dæmi má sjá í (87) en það á við um ensku.

(87) R: Finnst þér þú tala góða ensku?

V: Nei, mjög slæma.

R: Geturðu útskýrt það eitthvað nánar?

V: Ég hef bara alltaf verið mjög lélegur í ensku, líka foreldrar mínir og já, bara hef alltaf verið lélegur í ensku í skólanum.

Í ljós kom þegar viðtölin voru lesin með það að markmiði að finna einstaklinga sem væru jákvæðari til ensku en íslensku að nokkrir þátttakendur töldu sig neikvæða til beggja mála. Dæmi um svar af því tagi má sjá í (88).

(88) R: Ok. Öö finnst þér þú tala góða íslensku?

V: Nei.

R: Af hverju ekki?

V: Ég tala stundum rangt eða segi rangt. Ég er ekki góður í íslensku sjálfa. Já.

R: Mhm. Finnst þér þú tala góða ensku?

V: Neibb.

R: Af hverju ekki?

V: Af því ég kann ekki ensku.


Það sem einkennir svör þátttakenda í dæmunum hér að ofan og flestra sem telja sig ekki góða í málunum eru ótvíræð svör. Það er einnig dæmigert fyrir svör þeirra að þau eru stutt og ekki mikið útskýrð. Þessir þátttakendur eru yfirleitt hlédrægari og tjá sig minna. Hér getur verið um að ræða einhvers konar óöryggi í garð tungumála yfirleitt.

5.4 Tengsl viðhorfa og ílags

Ílag var einn af þeim þáttum sem lögð var áhersla á að skoða í SMS-öndvegisverkefninu. Í viðtalshlutanum við 13 ára og eldri voru þátttakendur beðnir um að meta hversu miklum tíma þeir eyða í ólíkar athafnir og á hvaða tungumáli það fari fram. Það er m.a. spurt um sjónvarpsáhorf, samskipti og lestur á netinu. Þannig er mögulegt að kortleggja hversu mikill tími fer í athafnir á ensku á degi hverjum. Til að sjá hvort tengsl séu á milli

enskuílags og viðhorfa til íslensku og ensku var magn ensku í heildarílagi skoðað hjá þátttakendum. Meðalmagn ensku í heildarílagi voru 474,1 mínútur hjá þessum aldurshópi, lægsta gildi var 68 og hæsta gildi 2244. Gerðar voru þrenns konar athuganir á ílagi. Í fyrsta lagi voru ílagstölur þátttakendanna fimm sem þóttu ögn jákvæðari til ensku en íslensku skoðaðar. Í öðru lagi voru skoðuð viðhorf þeirra fimm þátttakenda sem höfðu mest magn af enskuílags og í þriðja lagi voru skoðuð viðhorf þeirra fimm þátttakenda sem höfðu lægsta hlutfall ensks ílags. Byrjum á að skoða tengsl þátttakendanna sem voru jákvæðari til ensku en íslensku við ílag.

5.4.1 Jákvæðir þátttakendur til ensku og magn ílags




Mynd 6. Magn ílags jákvæðra þátttakenda til ensku.

Magn ensku var nokkuð breytilegt hjá þessum fimm einstaklingum, eða frá 377 til 783 mínútur. Dreifinguna má sjá á mynd 6 þar sem tölurnar á x-ásnum sýna þátttakendurna fimm og y-ásinn sýnir hlutfall ensku í heildarílagi. Meðalmagn ensku í heildarílagi hjá þessum hópi var 576,8 mínútur og meðalmagn hópsins í heild án þessara fimm þátttakenda er 463. Það er því greinilegt að þessir einstaklingar hafa áhrif á hópinn, þar sem meðalmagn lækkar örlítið, eða úr 474,1 mín í 463 mín, þegar þeir eru teknir út. Það er þó ekki um að ræða miklar breytingar en sé litið til meðalmagns ensku hjá hópnum í heild og meðalmagns þessara fimm einstaklinga má sjá að meðalmagn hópsins er fimmtungi lægra en meðalmagn þessara einstaklinga sem eru með jákvæðari viðhorf til ensku en íslensku. Þó að ekki sé hægt að álykta úr frá svo fáum einstaklingum gefa þessar tölur e.t.v. vísbendingar um samband ílagsmagns og jákvæðs viðhorfs.

5.4.2 Mikið magn enskuílags og viðhorf

Lítum nú á viðhorf þátttakendanna fimm sem voru með mesta magn ensku í heildarílagi. Einungis einn þátttakandi úr hópnum sem rætt var um hér að ofan, þeir sem eru jákvæðari til ensku en íslensku, var með nógu mikið magn enskuílags til að vera í hópi þeirra fimm sem eyða mestum tíma í ensku málumhverfi miðað við heildarílag. Annar þátttakandi fyrrnefnds hóps var ekki fjarri því að flokkast í þennan hóp líka, en þar sem ákveðið var að miða við fimm þátttakendur í öllum hópnum gekk það ekki eftir. Magn ensku hjá þessum hópi má sjá á mynd 7 en þar sést greinilega hversu mikil dreifingin er, þ.e. þrátt fyrir að hér sé um að ræða þá sem hafa mesta magn enskuílags er mikill breytileiki innbyrðis og mikill munur á þeim þátttakanda sem er með minnsta og mesta ensku í málumhverfi sínu í þessum fimm manna hópi sem hefur hæsta enskuílagið af þátttakendum. Á x-ásnum má sjá þátttakendurna fimm sem hafa hæsta enskuílagið og á y-ásnum er magn ensku í heildarílagi.



Mynd 7. Mikið magn enskuílags og viðhorfa.


Þegar tekin eru saman svör þátttakenda við viðtalsspurningunum, sjá spurningarnar í (2) í kafla 4 og niðurstöður í köflum 5.1.1-5.1.10, má sjá ákveðin líkindi. Það er ekki hægt að tengja svör þeirra beint við neikvæð eða jákvæð viðhorf til tungumálanna, en enginn þátttakendanna fimm hefur mikla trú á íslenskukunnáttu sinni. Hún sé ekki endilega slæm, en „bara allt í lagi“ eða „mætti vera betri“, segja þeir. Þátttakendur 48 skiptust almennt nokkuð jafnt í hópa, þar sem um það bil helmingur taldi íslenskukunnáttu sína góða og hinn helmingurinn taldi hana ekki góða eða var hikandi. Þeir sem hafa mest magn enskuílags flokkast í síðarnefnda hópinn.

Annað sem þessi hópur átti sameiginlegt var að nefna mikilvægi enskunnar í alþjóðlegu samhengi. Þeim fannst enskan mikilvæg bæði í útlöndum og sem tenging við umheiminn á Íslandi auk þess sem þrír nefndu beint alþjóðlegt viðhorf. Þetta gefur vísbendingu um að þeir sem hafa mikla ensku í daglegu lífi sínu séu á þeirri skoðun að enska sé mikilvæg vegna alþjóðlegrar stöðu hennar.

Ekki var hægt að sjá önnur líkindi með svörum þessara einstaklinga en rétt er að taka fram að hér er eingöngu um að ræða fimm þátttakendur svo svör þeirra gefa einungis vísbendingu um tengsl við mikið magn ensks ílags. Fleiri þátttakendur með mikið magn enskuílags þyrfti til að hægt væri að fullyrða að þarna sé um einhvers konar samband að ræða.

Í þriðja rannsóknarspurningunni var spurt hvort tengsl væri á milli mikils enskuílags og ákveðinna viðhorfa, sjá (1c) í inngangi. Til að svara því má segja að svo sé að einhverju leyti, sérstaklega hvað varðar íslensku. Þeir sem hafa mikið magn enskuílags telja íslenskukunnáttu sína ekki nægilega góða og svo virðist sem tengsl séu þar á milli. Þeim þykir enska einnig mikilvæg vegna alþjóðlegrar stöðu hennar. Þetta er þó sagt með fyrirvara um það að hér er einungis um að ræða fimm manns.

5.4.3 Lítið magn enskuílags og viðhorf



Mynd 8. Lítið magn enskuílags og viðhorfa.

Til að ljúka þessari umfjöllun, skulum við síðast líta á tengsl lítills magns enskuílags og viðhorfa. Líkt og þegar mikið magn enskuílags var skoðað voru skoðaðir þeir fimm þátttakendur sem höfðu minnsta magn enskuílags í málumhverfi. Á mynd 8 má sjá dreifingu ílags þessara þátttakenda. Meðalmagn enskuílags þeirra er 122,4 mínútur sem

er miklu lægra en meðalmagn hópsins í heild sem er 474,1 mínútur. Lægsta gildi innan þessa hóps er 68 mínútur og hæsta gildið 150 mínútur. hópsins í heild sem er 474,1 mínútur. Lægsta gildi innan þessa hóps er 68 mínútur og hæsta gildið 150 mínútur.

Þegar svör þátttakenda eru tekin saman má sjá nokkur áhugaverð líkindi. Mat þeirra á eigin íslenskukunnáttu er almennt frekar gott, í tveimur tilfellum segjast þátttakendur vera sæmilegir í íslensku en annars telja þeir sig góða, sem er alveg öfugt við þá sem eru með mikið magn enskuílags, en þeir telja sig ekki góða eða ekki nógu góða í íslensku. Þetta gefur vísbendingu um að litlu enskuílagi fylgi betri íslenskukunnátta.

Þátttakendur töldu enskukunnáttu sinni vera ábótavant eða að hún væri ágæt en almennt var viðhorf þeirra til eigin enskukunnáttu neikvæðara en til íslenskukunnáttunnar. Til að mynda nefndi einn þátttakandinn að hann væri ekki góður í ensku því það væri beinlínis lítil enska í lífi hans. Hann horfði lítið á erlenda þætti og þess háttar sem þátttakendur, sem allir eru unglingar á aldrinum 13-16 ára, töluðu annars mikið um að þeir gerðu í viðtölunum.

Almennt er íslenska mjög mikilvæg í augum þessara fimm þátttakenda, flestum þykir það sama um ensku en meira er talað um mikilvægi íslenskunnar. Þar að auki einkennir jákvæðni til mállegs uppeldi svör þátttakenda en allir eru sammála því að hafa fengið þess konar uppeldi. Þar er meðal annars talað um leiðréttingar og að foreldrar hafi hvatt til lesturs.

Í fjórðu rannsóknarspurningunni var spurt hvort tengsl væru á milli lítills enskuílags og ákveðinna viðhorf, sjá (1d) í inngangi. Niðurstöður gáfu vísbendingar um að svo væri. Til að svara fjórðu rannsóknarspurningunni hvort tengsl séu á milli lítills enskuílags og ákveðinna viðhorfa má segja að svo sé. Nokkur líkindi má sjá milli lítills enskuílags og ákveðinna viðhorfa.. Þeir sem hafa lítið magn enskuílags telja íslenskukunnáttu sína góða en enskukunnáttuna mögulega ekki eins góða, þeim finnst íslenska mikilvæg og þeir hafa öll fengið mállegt uppeldi. Þar sem þeir fimm sem hafa minnsta magn enskuílags nefna öll þessi atriði má segja að tengsl séu þarna á milli en líkt og með þriðju rannsóknarspurninguna, er það sagt með þeim fyrirvara að þátttakendur eru einungis fimm.

Það er því nokkuð greinilegt af umfjölluninni um annars vegar lítið magn enskuílags og hins vegar mikið magn í daglegu lífi þátttakenda, að viðhorf þeirra eru ólík eftir því hvort um er rætt. Þar er ekki hægt að segja að bein tengsl séu á milli mikils ílags og jákvæðara viðhorfs til enskunnar, heldur kemur það frekar fram í neikvæðu mati á eigin íslenskukunnáttu sem þeim þykir ábótavant og þeirri skoðun að enska sé

mikilvæg vegna alþjóðlegrar stöðu hennar. Lítið magn enskuflags virðist hins vegar tengjast jákvæðu viðhorfi til eigin íslenskukunnáttu, mikilvægi íslenskunnar, enskukunnáttu sem þykir í meðallagi eða er ábótavant og því að þátttakendur hafi hlotið mállegt uppeldi.

5.5 Samantekt

Samkvæmt niðurstöðum viðtalanna eru viðhorf 13-16 ára unglinga svipuð til íslensku annars vegar og ensku hins vegar, að minnsta kosti hvað varðar jákvæðni í garð málanna. Flestir eru jákvæðir til beggja mála en ólík þemu komu fram eftir því hvort málið átti í hlut. Þátttakendur tengdu ensku við það sem er spennandi, ferðalög utanlands og áhorf á afþreyingarefni en íslensku við ýmis skyldu, boð og bönn, eins og góðar einkunnir, tala vandað mál og leiðréttingar. Þeim fannst enska mikilvæg til samskipta í útlöndum og við áhorf erlends afþreyingarefnis. Með því að tala vandað mál fannst unglíngunum þau öðlast virðingu, sérstaklega í samskiptum við eldra fólk. Flestir töldu sig góða í báðum málum og var málfræði oft mælikvarði á góða eða slæma færni í íslensku. Tjáning skipti mestu máli fyrir þann sem er góður í ensku. Framkoma og að tala vandaða íslensku við þær aðstæður þótti þátttakendum mikilvægt. Flestir töldu sig hafa fengið mállegt uppeldi og þóttu leiðréttingar af hálfu foreldra vera til marks um það að mati þátttakenda. Nokkuð var um að þau notuðu ensku í daglegu lífi, oftast í samskiptum við ferðamenn sem flestum þótti skemmtilegt og góð æfing í málinu.

Til að athuga hvort jákvæðni til ensku hefði áhrif á viðhorf til íslensku voru skoðuð svör fimm þátttakenda sem voru jákvæðari en aðrir til ensku. Niðurstaðan var sú að yfirleitt voru svör þeirra til íslensku jákvæð, nema þegar spurt var hvort þeim þætti mikilvægt að tala góða íslensku. Þeim þótti svo vera, en einungis ef stefnt væri á búsetu á Íslandi í framtíðinni. Að tala góða íslensku þótti ekki mikilvægt fyrir þá sem höfðu hug á að flytja erlendis. Það samræmist niðurstöðum Lilju Bjarkar Stefánsdóttur (2018a) sem einnig var unnið innan öndvegisverkefnisins. Þegar svör þátttakenda voru skoðuð með það að markmiði að finna þá sem væru jákvæðastir til ensku vakti það athygli að nokkrir þátttakendur voru neikvæðir til eigin færni í báðum málum. Þessir þátttakendur voru hlédrægari og tjáðu sig minna en aðrir. Hér getur verið um að ræða einhvers konar óöryggi í garð eigin tungumálafærni.

Loks var rannsakað samband flags og viðhorfa. Fyrst voru ílagstölur þeirra sem voru jákvæðari en aðrir til ensku skoðaðar. Magn enskuflags þeirra var örlítið herra en meðaltal hópsins og þegar ílagstölur þeirra voru teknar út lækkaði meðaltalið örlítið. Það

má því álykta að tengsl geti verið á milli jákvæðs viðhorfs og ílags, þó ekki sé um að ræða mikil tengsl. Þá voru borin saman viðhorf þeirra sem fengu annars vegar mikið magn enskuílags og hins vegar lítið magn. Þeir sem fengu mikið enskuílag álitu íslenskufærni sína í meðallagi og töldu ensku mikilvæga vegna alþjóðlegrar stöðu sinnar og þeir sem fengu lítið enskuílag álitu íslenskufærni sína yfirleitt góða, enskufærnina aftur á móti í meðallagi og fannst mikilvægt að tala góða íslensku, auk þess sem þau töldu sig öll hafa fengið mállegt uppeldi. Hér er þó einungis um að ræða fimm þátttakendur og því gefa þessar niðurstöður einungis vísbendingar um tengsl ílags og viðhorfa til málanna tveggja.

6 Lokaorð

Enska er stór hluti af lífi margra Íslendinga og hefur orðið sífellt meira áberandi með hnattvæðingunni og síðar með snjalltækjabyltingunni, sem ruddi sér fyrst til rúms í kringum 2010. Enska er hluti af háskólakennslu á Íslandi, vísindum, alþjóðlegum viðskiptum, ferðapjónustu og áfram mætti telja. Staðan er sú að tala má um málsambýli tveggja mála á Íslandi, annars vegar íslensku og hins vegar ensku. Ensk tökuorð, sem er algengasta birtingarmynd málsambýlis, má heyra í samræðum milli Íslendinga, en einnig nota sum íslensk börn ensku í leik við íslenskumælandi vini sína (Samúel Lefever, 2010; Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018). Það er ekki gripið úr lausu lofti, en rannsóknir hafa sýnt að börn fá talsvert enskuáreiti (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018; Dagbjört Guðmundsdóttir, 2018) og eru sum búin að ná hæfni í ensku áður en þau hefja formlegt enskunám (Samúel Lefever, 2010). Gott aðgengi að erlendu afþreyingarefni stuðlar að auknu enskuáreiti barna og unglunga. Þegar spurt er út í enskunotkun þeirra berast tónlist, þættir og myndir oftast í tal ásamt mikilvægi enskunnar í kjölfar betri og aukinna samgangna milli landa (Hafdís Ingvarsdóttir og Ásrún Jóhannsdóttir, 2018), enda er hún heimstungan, eins og Ari Páll (2017, bls. 36-37) kallar hana.

Viðbúið er að auknu enskuáreiti fylgi jákvæðara viðhorf til ensku, en það má sjá í niðurstöðum þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið á viðhorfi unglunga að þeim þykir enska mikilvæg (sjá t.d. Hafðísi Ingvarsdóttur og Ásrúnu Jóhannsdóttur, 2018; Anna Jeeves, 2010). Aftur á móti virðist íslenskufærni íslenskra barna fara hrakandi, eins og niðurstöður PISA kannana benda til (Tryggi Páll Tryggvason, 2016). Niðurstöður rannsókna hafa þó sýnt fram á að unglingum finnst almennt mikilvægt að tala vandaða íslensku og að íslenskukunnátta sé gagnleg til að öðlast virðingu frá öðrum. Mörg hafa einnig áhyggjur af framtíð íslenskunnar (sjá t.d. Ásgrím Angantýsson, Finn Friðriksson og Sigurð Konráðsson, 2018; Hönnu Óladóttur, 2017).

Viðhorf er einn mikilvægasti áhrifaþáttur í málsambýli tveggja tungumála (Thomason, 2001, bls. 77) og því er brýnt að sá þáttur sé rannsakaður í kjölfar aukinnar enskunotkunar á Íslandi. Verkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*, sem þessi ritgerð er unnin innan, leggur áherslu á að rannsaka viðhorf þátttakenda ásamt mállegu ílagi þeirra, málnotkun, orðaforða og málkunnáttu. Viðamikil vefkönnun var samin og send út og í framhaldi af því valið úrtak úr þeim hópi sem svaraði vefkönnuninni og þau boðuð í frekari viðtöl og prófanir. Í þessari ritgerð voru viðhorf 13-

16 ára unglunga til íslensku og ensku könnuð en í vefkönnun verkefnisins skar þessi aldurshópur sig nokkuð úr. 105 þátttakendur á þessum aldri svöruðu vefkönnuninni og 48 komu í viðtal og frekari prófanir í framhaldi af því. Niðurstöður tíu viðhorfsstaðhæfinga (sjá (2) í kafla 4) í vefkönnuninni sýndu fram á neikvæðara viðhorf þessa aldurshóps til íslensku í samanburði við aðra aldurshópa. Í fjórum tilfellum af fimm var þessi hópur með lágsta hlutfall jákvæðra svara til íslensku, en viðhorf til ensku voru í samræmi við hina aldurshópana, þ.e. hvorki jákvæðari né neikvæðari.

Viðtöl verkefnisins buðu upp á þann möguleika að fá nánari útskýringar á viðhorfum unglunga m.a. til íslensku og ensku. 10 spurningar voru notaðar til þess, auk nokkurra leiðandi undirspurninga (sjá (1) í kafla 4). Við greiningu viðhorfanna í þessari ritgerð var notuð þemagreining að hluta byggð á þemagreiningu Lilju Bjarkar Stefánsdóttur (2018b), þar sem þemun voru tekin saman í töflu og í kjölfarið var hvert og eitt þema útskýrt og dæmi tekin úr viðtölunum.

Niðurstöður ritgerðarinnar eru í grófum dráttum þessar. Þegar spurt var út í hvaða skilning þátttakendur legðu í það þegar sagt væri að einhver væri góður í íslensku/ensku sögðu flestir rétt mál og tjáning. Flestir nefndu rétt mál í tengslum við íslensku en tjáning var oftast nefnd í tengslum við ensku. Þar að auki fannst nokkrum sama skilgreining eiga við um íslensku og ensku. Einn þátttakandi var ósammála því og sagði að sá sem er góður í íslensku tali vandað mál en sá sem er góður í ensku geti tjáð sig skýrt og notað flóknari orð en þau sem tilheyra hinum hefðbundna grunnorðaförða. Flestum þótti þó góður orðaförði mikilvægari í íslensku en ensku, en aftur á móti þótti góður skilningur mikilvægari í ensku en íslensku. Samkvæmt svörum sumra þátttakenda virðast tengsl málanna vera nokkuð nán í huga þeirra, en sem dæmi má nefna að einum þátttakanda þótti íslenska ekki einungis mikilvæg til að þýða yfir á ensku heldur virtist honum enska vera nærtækari þar sem hann þýddi enska hugsun sína yfir á íslensku.

Nánast sami fjöldi taldi sig góðan í báðum málum, en fleiri voru hikandi varðandi íslenskufærnina sína og aðeins fleiri töldu sig ekki góða í ensku. Nokkrir töldu sig slæma í báðum málum og einn þátttakandi sagðist vera góður í ensku en ekki íslensku af því að enskan hans væri vandaðri en íslenskan og honum fyndist hún að auki auðveldari en móðurmálið. Málfræði var sá þáttur sem skar úr um hvort þátttakendum fannst þeir góðir eða slæmir í íslensku en nokkrir höfðu einnig orð á því að slettur settu mark sitt á mál þeirra og þar af leiðandi væri íslenskufærni þeirra ábótavant. Samræður þóttu vera til marks um góða enskufærni en það sem þátttakendum þótti helst vera ábótavant í enskufærni sinni var framburður, skilningur, málfræði og orðaförði.

Allflestum fannst mikilvægt að tala bæði góða íslensku og góða ensku, en þó fannst örlítið fleirum íslenska mikilvæg. Virðing bar hæst á góma sem mikilvægur þáttur innan íslenskunnar, en þátttakendur töluðu um að góð íslenskufærni færði þeim virðingu, t.d. frá útlendingum og eldra fólki. Þá töldu þau íslenskuna mikilvæga fyrir samræður og viðhald tungumálsins. Enskukunnátta þótti mikilvægust í samskiptum og á ferðalögum og einum þátttakanda fannst t.d. mikilvægt að tala góða ensku á ferðalögum ef hann skyldi týnast. Auk þess ræddu þátttakendur almennt mikið um mikilvægi ensku vegna alþjóðlegrar stöðu málsins.

Þær aðstæður sem þóttu mikilvægar fyrir íslensku- og enskukunnáttu voru nokkuð ólíkar eftir því hvort málið átti í hlut. Hvers kyns framkoma eða framsögn þótti mikilvægust í íslensku og er þá átt við mikilvægi þess að tala gott mál við þessar aðstæður. Í þessu sambandi var framsögn í skólanum og í samskiptum, sérstaklega við eldra fólk, oft nefnd. Samskipti voru einnig mörgum ofarlega í huga í tengslum við ensku og þá sérstaklega á ferðalögum erlendis. Færri þátttakendur nefndu mikilvægi framsagnar og samskipta í skólanum í tengslum við ensku en íslensku.

Nokkur fjöldi þátttakenda sagðist hafa fengið mállegt uppeldi og túlkuðu flestir það sem leiðréttingar á notkun sinni á íslensku, en ýmsar ólíkar hugmyndir komu samt fram í sambandi við þessa spurningu. Nokkurt ósamræmi kom fram um mikilvægi leiðréttinga, hvort þær skiluðu árangri og hvort þátttakendur kynnu að meta þær eða hvort þeim þætti of mikið um leiðréttingar og vildu ekki láta leiðrétta sig þegar þeir töluðu móðurmálið.

Flestir voru sammála síðustu spurningunni um hvort þátttakendur þyrftu stundum að nota ensku í daglegu lífi á Íslandi. Þær aðstæður sem standa upp úr í svörum unglunga og krefjast enskunotkunar í daglegu lífi á Íslandi voru samskipti, yfirleitt við erlendra ferðamenn en stundum einnig við vini eða samstarfsfélaga sem tala ekki íslensku. Nokkuð bar á umræðunni um enskunotkun í samskiptum milli Íslendinga. Flestir sem nefndu það sögðust einungis nota orð eða stakar setningar á ensku í samræðum við aðra íslenskumælandi vini sína og oft væri það vegna þess að þeir ættu í vandræðum með að finna íslenska orðið og notuðu því frekar það enska sem væri þeim tamara. Fáeinir þekktu það úr umhverfi sínu að íslenskir unglingar töluðu nánast eingöngu saman á ensku. Alla jafna fannst þeim skemmtilegt og gaman að tala ensku á Íslandi og litu á það sem góða æfingu í málinu.

Mestu neikvæðnina í garð íslensku sem kom fram þessum aldurshópi í vefkönnuninni í samanburði við aðra aldurshópa var ekki að sjá í viðtölunum þar sem flestir 13-16 ára unglinganna voru jákvæðir í garð beggja mála. Það voru þó fimm

Þátttakendur sem þóttu áberandi jákvæðir til ensku og svör þeirra voru skoðuð með það að markmiði að athuga hvort mikil jákvæðni til ensku hefði áhrif á viðhorf til íslensku. Niðurstöður benda til þess að þessir jákvæðu þátttakendur hafi yfirleitt einnig jákvætt viðhorf til íslensku, nema þegar þeir voru spurðir: „Finnst þér mikilvægt að tala góða íslensku?“ Svör þeirra við þessari spurningu benda til að þeim þyki aðeins mikilvægt að tala góða íslensku ef stefnan væri sett á búsetu á Íslandi í framtíðinni, en annars ekki.

Ílag sömu fimm þátttakenda var skoðað í tengslum við viðhorf. Niðurstöður verkefnisins hingað til benda til að tengsl séu á milli mikils enskuílags og enskunotkunar (Dagbjört Guðmundsdóttir, 2018). Enskuílag þessara þátttakenda reyndist að meðaltali örlítið hærra en meðaltal hópsins í heild og því er hægt að álykta að einhver tengsl séu á milli mikils ensks ílags og jákvæðs viðhorfs til ensku. Þar sem þessir þátttakendur voru þó ekki þeir sem höfðu hæsta enskuílagið voru tengsl annars vegar mikils magns enskuílags og hins vegar lítils magns enskuílags og viðhorfa skoðuð. Líkt og áður, voru skoðuð svör þeirra fimm sem höfðu annars vegar mesta magn enskuílags og hins vegar þeirra fimm sem höfðu minnsta enskuílagið. Þeir sem voru með mest magn enskuílags í málumhverfi sínu áttu það sameiginlegt að hafa ekki mikið álit á íslenskukunnáttu sinni og fannst enska mjög mikilvæg í alþjóðlegu samhengi. Þeir sem voru með lítið magn enskuílags í málumhverfi sínu áttu hins vegar fleiri þætti sameiginlega. Þeir töldu íslenskukunnáttu sína góða, enskukunnáttu sinni væri ábótavant, voru sammála um mikilvægi íslenskunnar og jákvæðir til eigin mállegs uppeldis.

Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa innsýn í viðhorf 13-16 ára unglunga til íslensku og ensku, hvernig þeir meta málkunnáttu sína og hvað þeim finnst einkum mikilvægt við málin tvö. Viðhorf þátttakenda voru einnig skoðuð í tengslum við enskuílag þeirra. Þessi tengsl þyrfti þó að skoða enn frekar, með fleiri þátttakendum og jafnvel í tengslum við staðhæfingarnar úr vefkönnuninni, þar sem auðveldara er að bera saman ílagstölur og staðhæfingar á fimm punkta skala. Annað áhugavert framhald af þessari ritgerð væri framkvæmd grímuprófs, sem kynnt var í kafla 3.4, þar sem hægt væri að kanna dulin viðhorf unglunga til málanna tveggja.

Heimildaskrá

- Anna Jeeves. (2010). English at Secondary School: Perceptions of Relevance. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/002.pdf>.
- Ari Páll Kristinsson. (2017). *Málheimar: Sitthvað um málstefnu og málnotkun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Auður Hauksdóttir. (2000). Sambúð dönsku og íslensku. Í Magnús Snædal og Turið Sigurðardóttir (ritstjórar). *Frændafundur 3* (bls. 138-154). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Auður Hauksdóttir. (2016). The Role of Danish Language in Iceland. *Linguistik Online*, 79(5), 77-91. Sótt af <https://bop.unibe.ch/linguistik-online/article/view/3335/5101>
- Auknar vinsældir Netflix á Íslandi. (2018, 31. júlí). *Mbl.is*. Sótt af https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2018/07/31/auknar_vinsaeldir_netflix_a_islandi/
- Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson og Sigurður Konráðsson. (2018). Málfræði og málfræðikennsla. Í Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar), *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* (bls. 135-172). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2011). Exposure to English in Iceland A Quantitative and Qualitative Study. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/004.pdf>
- Bourdieu, P. (2006) Language and Symbolic Power. Í A. Jaworski og N. Coupland (ritstjórar), *The Discourse Reader* (2. útgáfa, bls 480-490). New York: Routledge.
- Bryman, M. (2016). *Social Research Methods* (5. útgáfa). Bretland: Oxford University Press.
- Chomsky, N. (1975). *Reflections on Language*. Glasgow: Fontana.
- Crystal, D. (1997) *English as a Global Language*. Bretland: Cambridge University Press.
- Crystal, D. (2008). Two thousand million? *English Today*, 93(1), 3-6. Sótt af https://www.cambridge.org/core/services/aop-cambridge-core/content/view/68BFD87E5C867F7C3C47FD0749C7D417/S0266078408000023a.pdf/two_thousand_million.pdf
- Dagbjört Guðmundsdóttir. (2018). Aldursbundin þróun stafræns ílags í málsambýli íslensku og ensku. Kortlagning á umfangi, eðli og áhrifsbreytum (óútgefin meistararitgerð við Háskóla Íslands). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/29954>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (1990). *Íslensk orðhlutafræði*. Reykjavík: Höfundur.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2015). Að breyta fjalli staðli. *Hugrás – veftímarit Háskóla Íslands*. Sótt af <http://hugras.is/2015/11/ad-breyta-fjalli-stadli/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2016). Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málþróunar. *Skírnir*, vor, 17-31.

- Elín Þórsdóttir. (2018). *Áhrif aukinnar enskunotkunar á íslenska málfræði* (óútgefin meistararitgerð við Háskóla Íslands). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/29876/1/elinthlokaverkefni.pdf>
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Bandaríkin: McGraw-Hill.
- Evrópusambandið. (e.d.). *Samevrópski tungumálaramminn – sjálfsmatsrammi*. Sótt af <https://europass.cedefop.europa.eu/is/resources/european-language-levels-cefr>
- Ferðamálastofa. (2018a). *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum*. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2018/september/ferdathjonusta-i-tolum-18-5.pdf>
- Ferðamálastofa. (2018b). *Ferðalög Íslendinga 2017*. Sótt af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2018/april/innanlandskonnun/1802_fms_final_v2.pdf
- Garrett, P. (2002). Language attitudes and sociolinguistics. *Journal of Sociolinguistics*, 5(4), 626- 631. doi:10.1111/1467-9481.00171
- Garrett, P. (2010). Attitudes to Language. Í R. Mesthrie (ritstjóri ritraðar), *Key Topics in Sociolinguistics: 9. bindi*. Bretland: Cambridge University Press.
- Gathercole, V. C. M. og Hoff, E. (2009). Input and the Acquisition of Language: Three Questions. Í E. Hoff og M. Shatz (ritstjórar), *Blackwell Handbook of Language Development* (bls. 107-127). Malden, MA: Wiley-Blackwell.
- Guðrún Kvaran. (2004). English Influence on the Icelandic Lexicon. *Nordic Journal of English Studies*, 3(2), 143-152. Sótt af <http://130.241.16.45/ojs/index.php/njes/article/viewFile/257/254>
- Guðrún Sesselja Sigurðardóttir. (2017). „*En svona í grunninn held ég bara að þetta máhuppeldi og lesturinn skipti mestu máli.*“ *Íslenskukennsla og mat á málfari nemenda í framhaldsskólum* (óbirt meistararitgerð við Háskóla Íslands). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/29183>
- Hafdís Ingvarsdóttir og Ásrún Jóhannsdóttir. (2018). Learning and Using English: The Views of Learners at the End of Compulsory Education. Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar), *Language Development across the Life Span. The Impact of English on Education and Work in Iceland* (bls. 79-94). Sviss: Springer.
- Hagstofan. (2018, 5. desember). Innflytjendum heldur áfram að fjölga. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-2018/>
- Hagstofan. (e.d.). Grunnskólanemendur með erlent móðurmál 1997-2007. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__2_grunnskola_stig__0_gsNemendur/SKO02103.px/table/tableViewLayout1/?rxid=fc6e63bb-b8e6-4575-bb01-e976a5d566a0
- Hamers, J. F. og Blanc, M. H. A. (2000). *Bilinguality and Bilingualism* (2. útgáfa). Cambridge: Cambridge University Press.
- Hanna Óladóttir. (2017). *Skólamálfraði. Hver er hún og hver ætti hún að vera?* (doktorsritgerð við Háskóla Íslands) Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Hildur Hafsteinsdóttir. (2019). Íslenskur hreimur í málsambýli. Áhrif ílags, aldurs og viðhorfa á enskuframburð Íslendinga (óútgefin meistararitgerð við Háskóla Íslands). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/32208>

- Hólfríður Helga S. Thoroddsen. (2016). „... en auk lestursins leiðrétti mamma mig alltaf“. *Málfyrirmyndir ungs fólks í ljósi auðmagnskenninga Bourdieu* (óútféin meistararitgerð við Háskóla Akureyrar). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/25194>
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2011). Textagerð barna, unglunga og fullorðinna. Samanburður á orðaforða í rit- og talmálstextum, frásögnum og álitsgerðum. *Uppeldi og menntun*, 20(1. hefti), 75-98.
- Huttenlocher, J. (1998). Language input and language growth. *Preventive Medicine*, 27(2), 195-199.
- Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson og Höskuldur Þráinsson. (1988). *Mál og samfélag*. Reykjavík: Iðunn.
- Iris Edda Nowenstein, Dagbjört Guðmundsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir. (2018). Að tileinka sér móðurmál í tæknivæddum heimi. *Skíma*, 41, 17-21.
- Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar). *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ladegaard, H. J. (1998). National stereotypes and language attitudes: The perception of British, American and Australian language and culture in Denmark. *Language & Communication*, 18(4), 253-274. doi: 10.1016/S0271-5309(98)00008-1
- Lambert, W. E. (1967). A Social Psychology of Bilingualism. *Journal of Social Issues*, 23(2), 91-109.
- Levin, H. og Novak, M. (1991). Frequencies of Latinate and Germanic words in English as determinants of formality. *Discourse Processes*, 14(3), 389-398. doi:10.1080/01638539109544792
- Levin, H., Giles, H. og Garrett, P. (1994). The effects of lexical formality and accent on trait attributions. *Language & Communication*, 14(3), 265-274. doi:10.1016/0271-5309(94)90004-3
- Lilja Björk Stefánsdóttir. (2018a). *Heimdragar og heimsborgarar. Menningarlegur hvati í stafrænu sambyli* (óútféin meistararitgerð við Háskóla Íslands). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/29936>
- Lilja Björk Stefánsdóttir. (2018b). Þemagreining [óútféin skýrsla].
- Linda Björk Markúsardóttir. (2015, 14. apríl). „Ég kann þetta ekkert á íslensku“. *Vísir.is*. Sótt af <http://www.visir.is/g/2015704149993/-eg-kann-thetta-ekkert-a-islensku->.
- Max Neylor. (2017). „I said up my job yesterday.“ *Samræmast viðhorf Íslendinga til eigin enskufærni raunveruleikanum?* (óútféin meistararitgerð frá Háskóla Íslands). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/27949>
- MMR. (2016). Íslendingar snjallsímavæddir. Sótt af <https://mmr.is/frettir/birtar-nieurstoeur/552-islendingar-snjallsimavaeddir>
- Nunan, D. (2001). English as a Global Language. *TESOL Quarterly*, 35(4), 605-606. Sótt af https://www.jstor.org/stable/3588436?sid=primo&origin=crossref&seq=1#metadata_a_info_tab_contents
- Oppenheim, B. (1982). An exercise in attitude measurement. Í G. M. Breakwell, H. Foot og R. Gilmour (ritstjórar), *Social Psychology* (bls. 38-56). London: Palgrave.

- Pan, L. og Block, D. (2011). English as a „global language“ in China: An investigation into learners' and teachers' language beliefs. *Science direct*, 39, 391-402.
- Pearson, B. Z. (2007). Social factors in childhood bilingualism in the United States. *Applied Psycholinguistics*, 28(3), 399-410.
- Rúv.is. (E.d.). Saga Ríkisútvarpsins. *Rúv.is*. Sótt af <http://www.ruv.is/nolayout/timeline/saga-r%C3%BAv>
- Samúel Lefever. (2010). English skills of young learners in Iceland. “I started talking English when I was 4 years old. It just bang... just fall into me.” *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/7811/1/021.pdf>.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (2018). Stafrænt sambýli íslensku og ensku. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sérrið 2018 – Menntakvika 2018. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/menntakvika_2018/05.pdf
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (2019). Íslenska á tölvuöld. Í Höskuldur Þránínsson og H. A. Sølvará (ritstjórar). *Frændafundur 9* (bls. 47-56). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2013). Máltaka barna og meðfæddur málhæfileiki. Í Höskuldur Þránínsson og M. Whelpton (ritstjórar), *Chomsky. Mál, sál og samfélag* (bls. 107- 128). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2016). Snjalltækjavæðingin og máltaka íslenskra barna. *Hugrás – Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*. Sótt af <http://hugras.is/2016/08/snjalltaekjavaedingin-og-maltaka-islenskra-barna>.
- Smakman, D. (2018). *Discovering sociolinguistics. From theory to practice*. London: Palgrave.
- Stefán Karlsson. (1989). Tungan. Í Frosti F. Jóhannsson (ritstjóri). *Íslensk þjóðmenning* 6 (bls. 1- 54). Reykjavík: Þjóðsaga.
- Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. (2005). *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag. Ísland í breyttu þjóðfélagsumhverfi 1*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Steingerður Ólafsdóttir. (2017). Smábörnin með snjalltækin. Aðgangur barna og viðhorf foreldra. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/001.pdf
- Thomason, S. G. (2001). *Language Contact: An Introduction*. Edinborg: Edinburgh University Press.
- Tryggvi Páll Tryggvason. (2016, 6. desember). Ný PISA-könnun: Ísland lélegast á Norðurlöndum og undir OECD-meðaltali. *Vísir.is*. Sótt af <https://www.visir.is/g/2016161209244>
- Van Bezooijen, R. (1994). Aesthetic evaluation of Dutch language varieties. *Language & Communication*, 14(3), 253-263. doi: 10.1016/0271-5309(94)90003-5
- Wilde, V. D. og Eyckmans, J. (2017). Game on! Young learners' incidental language learning of English prior to instruction. *Studies in Second Learning Language and Teaching*, 7(4), 673-694. Sótt af <https://pressto.amu.edu.pl/index.php/ssllt/article/view/11709/11563>

Þjóðskrá Íslands. (2018, 22. febrúar). Hvar búa Íslendingar í útlöndum? Sótt af <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2018/02/22/Hvar-bua-islendingar-i-utlondum/>

Þórunn Kristjánsdóttir. (2018, 9. mars). Yngra fólkið kys að tala ensku frekar en íslensku. *Mbl.is*. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/03/09/yngra_folkid_kys_ensku_umfram_isl_ensku/?fbclid=IwAR2cSoA902oChGsJwACGnIB5dL0ar9eLyby4Ri7n3VNu1kiF18agDIWrF1Y